

**FORDÓMAR GEGN FEITU FÓLKI**

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur um líkamsímynd og átröskun.

VIÐTAL 24



**FRÉTTABLAÐIÐ RIFJAR UPP PÁSKAHÁTÍÐINA Á ÁRUM ÁÐUR**

HELGAREFNI 26





**Mín Borg**
ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag.
GEYMIÐ BLAÐIÐ

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

11. apríl 2009 — 87. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**HELGARVIÐTAL** 16



**Sigurður Gísli Pálmason athafnamaður og framleiðandi Draumalandsins**

**HILLSBOROUGH** 20

**Tveir áratugir frá mesta íþróttaslysi í sögu Bretlands**

**RÖKSTÓLAPARIÐ** 22

**Katla Þorgeirsdóttir og Heimir Karlsson**






ÍSLAND Í GOLFI Í GJÓLUNNI Þessi nýttu föstudaginn langa til golfiðkunar á Korpuvelli í gærdag. Ætla má að margir landsmenn nýti frítíma sinn til að æfa sveifluna þessa dagana, enda verður golfíþróttin vinsælli með hverju árinu sem líður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Segir að erfitt verði að endurgreiða styrkina

**Bjarni Benediktsson vonast til að þau mistök Geirs H. Haarde að þiggja stórfé frá tveimur fyrirtækjum skaði flokkinn ekki í kosningum. Verið sé að afla upplýsinga og málið verði skýrt á næstu dögum, líka hverjir öfluðu styrkjanna.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist vonast til þess að mistök Geirs H. Haarde, sem lágu í að þiggja stórfé frá tveimur fyrirtækjum, skaði flokkinn ekki í komandi kosningum. Hann segist vera að rannsaka málið og um leið og öll gögn liggi fyrir verði málið upplýst. Einnig hverjir áttu frumkvæði að fjáröfluninni.

„Ég hef verið að afla mér upplýsinga til að fá heildarmynd af atburðarásinni og er enn í þeirri vinnu. Ég skil vel að menn velti þessu fyrir sér. Það skiptir mestu að hjá Sjálfstæðisflokknum var ákveðið að veita þessu viðtöku af fyrrverandi formanni flokksins og hann hefur stigið fram og sagst bera ábyrgð á því. Það finnst mér mestu skipta varðandi þá staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn þáði styrkina.“

Bjarni segir styrkina frá Landsbankanum og FL Group hafa verið óeðlilega háa og ljóst að ákvörðun um þá hafi verið tekin af æðstu stjórnendum fyrirtækjanna. „Ég mun ekki geta svarað fyrir það sem nýviðtekinn formaður hvers vegna viðkomandi stjórnendur tóku þessa ákvörðun. Ég get mér þess til að það hafi haft um þá ákvörðun að gera að styrkveitingar í framtíðinni yrðu ekki nema upp á 300 þúsund krónur.“

Bjarni segir að flokknum muni veitast erfitt að finna fé til að endurgreiða styrkina. Hann sé að vinna í því hvernig það verði gert. 184 þyrftu að leggja fram 300 þúsund króna hámarksstyrk til að hafa upp í milljónirnar 55.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði um málin í gærkvöldi. Bjarni segir það ekki hafa verið rætt að Guðlaugur Þór Þórðarson viki af lista. „Hann hefur gert grein fyrir sínum hlut og það getur vel verið að hann þurfi að gera það eitthvað frekar. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir flokkinn og Guðlaug Þór að öll atburðarás sé skýr og liggi fyrir.“

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri flokksins, kallaði í gær eftir því að þeir sem komu að styrkveitingunum stigu fram. Bjarni tekur undir það, enda eigi fjármögnun fyrir Sjálfstæðisflokkinn ekki að vera leyndarmál. Bjarni segir Kjartan hafa skýrt sína aðkomu að málinu og staða hans sé því óbreytt.

- kóp / sjá síðu 4

Kona sektuð í Austurríki:

## Hringdi allt of oft í son sinn

**AUSTURRÍKI Kona var á fimmtudag sektuð um 360 evrur, eða rúmar 60.000 íslenskar krónur, fyrir að hringja 49 sinnum á dag í son sinn á tveggja og hálfs árs tímabili. Þetta kemur fram hjá fréttastofu Reuters.**

**Sonurinn höfðaði málið gegn 73 ára gamalli móður sinni í borginni Klagenfurt, sunnarlega í Austurríki. „Mig langaði bara til að tala við hann,“ sagði konan eftir dómsuppkvaðninguna.** - kg





Áfram Skólahreysti!
Munið keppnina í kvöld á RÚV kl. 18
SKÓLAHREYSTI
MJÓLKURSAMSALAN
– AÐALSTYRKTARAÐILI SKÓLAHREYSTI



## SPURNING DAGSINS



*Jónatan, fáið þið ekki yfirdrátt hjá Gleðibankanum til að redda betra hóteli?*

„Þetta er svo glaður hópur að þess þarf ekki.“

Íslenski Eurovision-hópurinn kemur til með að gista á Cosmos, „frekar lélegu meðalhóteli“ í Moskvu í maí, að sögn Jónatans Garðarssonar, liðsstjóra.

Íbúar á Álftanesi geta nú nálgast Fréttablaðið í Fréttablaðskössum:

# Fréttablaðskassar á Álftanesi

**FJÖLMIÐLAR** Íbúar á Álftanesi geta frá og með deginum í dag nálgast Fréttablaðið í svokölluðum Fréttablaðskössum, sem hafa verið settir við götur og fjölfarna staði í sveitarfélaginu.

Hætt var að bera Fréttablaðið í hús á Álftanesi um síðustu mánaðamót. Var það liður í sparnaðaraðgerðum útgefanda blaðsins. Að sögn Jóns Kaldal, ritstjóra Fréttablaðsins, bárust mikil viðbrögð frá íbúum Álftaness. við þeirri ákvörðun.

„Það er auðvitað slæmt að þurfa að draga úr þjónustunni, en eftir áföllin í efnahagslífi landsins verðum við að gæta ítrasta aðhalds við útgáfu blaðsins. Það er á hinn bóginn gott að fá þessi sterku viðbrögð. Það sýnir okkur að fólk kann virkilega að meta Fréttablaðið. Dreifingin með Fréttablaðskössunum kemur til móts við þá miklu eftirspurn sem er eftir blaðinu,“ segir Jón Kaldal.

Eins og áður sagði hafa Fréttablaðskassarnir verið settir upp víða á Álftanesi. Að sögn Hannesar Hannessonar, framkvæmdastjóra Pósthússins, sem sér um dreifingu blaðsins, verður endanleg staðsetning þeirra ákveðin í samráði við bæjaryfirvöld og íbúa á svæðinu. **- kg**

### FRÉTTABLAÐSKASSAR Á ÁLFTANESI

- Gatnamót Bæjarbrekku og Kirkjubrekku
- Við innkeyrslu í Miðskóga
- Við innkeyrslu í Brekkuskóga
- Bjarnastaðavör, á móti bæjarskrifstofu
- Við hornið á Lyngholti
- Birkiholt 1
- Asparholt 1
- Þrír kassar við Vesturtún 7-25; 31-45; 40
- Hólmatún 20-23 og 5-19
- Sjávargata 26
- Túngata 12
- Blikastígur
- Tveir kassar við Norðurtún
- Austurtún
- Hátún
- Suðurtún
- Blátún
- Nýja hverfið
- Við leikskóla
- Við sundlaug
- Við íþróttamiðstöð



**VATNSSTÍGUR 7** Hópurinn hefur eytt síðustu dögum í þrif og tiltekt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hústökufólk á Vatnsstíg:

## Félagsmiðstöð í auðu húsi

**FÓLK** „Við erum að byggja upp nýtt samfélag, okkar eigið samfélag, og þetta hús verður notað undir listsköpun og róttæka starfsemi af ýmsu tagi,“ segir Arnar Þórisson, meðlimur hóps sem flutti inn í autt hús á Vatnsstíg á laugardag.

Húsið hefur staðið autt nokkuð lengi. Að sögn Arnars hefur hópurinn eytt síðustu dögum við þrif og tiltektir. „Kapítalistarnir sem eiga húsið láta það grotna niður. Það hlýtur að vera betur nýtt sem félagsmiðstöð.“

Samkvæmt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa engar kvartanir borist frá eigendum hússins vegna hústökunnar. **- kg**

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á þriðjudag

**Fréttablaðið kemur næst út á þriðjudag. Afgreiðsla blaðsins er lokuð í dag og næstu tvo daga. Afgreiðsla verður aftur opin á þriðjudag. Þjónustuver er opið frá klukkan 10 til 22 alla daga nema á morgun, páskadag, en þá er opið til klukkan 18.**



**FÉLAGAR Á FERÐ** Sigurður Sigurðsson ökunemi og Hrönn Björg Harðardóttir ökukennari búin að koma sér vel fyrir og reiðubúin í reglubundinn vikulegan bíltúr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rúnta og fá sér ís

**Ökukennarinn Hrönn Björg Harðardóttir og Sigurður Sigurðsson hittast reglulega. Sigurður, sem er geðfatlaður, sest undir stýrið og þau rúnta um bæinn. Framtíðarmarkmið hans er að taka bílpróf. Hrönn rukkar ekki fyrir tímana.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við Sigurður hittumst um það bil einu sinni í viku, keyrum saman í um 45 mínútur, fáum okkur kannski ís eða pylsu og kók,“ segir Hrönn Björg Harðardóttir ökukennari. Sigurður Sigurðsson, sem er geðfatlaður, á sér þann draum að taka bílprófið aftur, en hann var með próf áður en hann veiktist. Þangað til það tekst fer hann reglulega í ökutíma hjá Hrönn.

Hrönn byrjaði að kenna Sigga, eins og hann er kallaður, fyrir nokkrum árum en ákvað fljótlega að hætta að rukka fyrir tímana. „Við erum bara bílavinir eins og við köllum það,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. Blaðamaður og ljósmyndari þiggja stuttan rúnt hjá Sigga og Hrönn og Leifur Leifsson, vinur Sigga, er einnig með í för, þau ætla öll að fá sér ís á eftir.

„Hún Hrönn er fín,“ segir Sigurður sem má þó lítið vera að því að ræða við blaðamann, hann þarf að einbeita sér að akstrinum, nema hvað. „Ég vann einu sinni á lyftara í Áburðarverksmiðjunni, það verður að koma fram,“ bætir hann samt við. „Var ekki nema nokkrar mínútur að setja á hann.“

Hrönn hefur starfað sem ökukennari í fullu starfi í fimm ár, en kennt á bíl í níu ár. Hún kennir á tvenns konar bíla, annar þeirra er sjálfskiptur og sérútbúinn fyrir fatlaða og það er á honum sem þau Sigurður rúnta um bæinn. Hrönn segir það einfaldlega hafa þróast að hún fór að hitta Sigurð vikulega og taka hann í ökutíma án þess að rukka fyrir. „Maður hættir bara að rukka, mér finnst þetta bara svo gaman og gefandi,“ segir hún. **sigridur@frettabladid.is**

Vatnajökulsþjóðgarður:

## Umhverfisvottuð bygging

**UMHVERFISMÁL Auglýst hefur verið eftir tilboðum í byggingu Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri. Húsið verður reist samkvæmt vottuðum vistvænum byggingarstöðlum og unnið verður samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup.**

**Meðal markmiða við hönnun byggingarinnar er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif, skapa heilnæman vinnustað, minnka rekstrarkostnað og stuðla að góðri ímynd. Sömu hugmyndafræði er einnig beitt við byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi.** **- kóp**

Jarðskjálftinn á Ítalíu:

## Páfi sendi íbúum skilaboð

**L'AQUILA, AP** Yngsta fórnarlamb jarðskjálftans í Abruzzo-héraði á Ítalíu í síðustu viku hefði orðið fimm mánaða gamalt á morgun, páskadag. Jarðarfarir 205 af þeim 290 sem létu lífið af völdum skjálftans fóru fram í gær. Tveir fundust látnir í rústum í gærmorgun.



**BENEDIKT PÁFI**

Alls voru tuttugu af þeim sem létust á barns- eða unglingsaldri. Benedikt páfi XVI sendi íbúum á svæðinu skilaboð þar sem hann hvatti fólk til að halda í vonina.

Yfir 800 eftirskjálftar hafa mælst á svæðinu eftir stóra skjálftann á mánudag, sem mældist 6,3 á Richter. Um 15.000 manns sem misstu heimili sín búa nú í tjöldum víðsvegar um héraðið. **- kg**


**Jóhanna! Valdið er í þínum höndum!**

Lífeyrissjóðirnir eiga að starfa í þágu þeirra sem greiða í þá. Lífeyrisþegar geta ekki borgað sukk örfárra einstaklinga.

Helgi Vilhjálmsson
íslenskur ríkisborgari

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Yfir 19.000 manns hafa þegar skrifað undir, stefnum á 25.000. Lífeyrissjóðirnir eru okkar eign!

**www.okkarsjodir.is**


Samfylkingin upplýsir um styrki sem eru hærri en 500 þúsund krónur:

# Fékk fimm milljónir frá Kaupþingi

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin fékk 5 milljóna króna styrk frá Kaupþingi árið 2006, en það var hæsti einstaki styrkurinn sem flokkurinn fékk það árið. Samanlagt fékk flokkurinn 36 milljónir króna frá fimmtán fyrirtækjum. Bankarnir þrír studdu flokkinn allir, Landsbankinn um 4 milljónir og Glitnir um 3,5. Þá studdi Straumur Burðarás flokkinn um 1,5 milljónir og Sparisjóður Reykjavíkur lagði fram 1 milljón. Baugur styrkti flokkinn um 3 milljónir króna árið 2006.

Samfylkingin þáði styrki að upphæð 45 milljónir króna umrætt ár, 9 milljónir komu frá einstaklingum.

Ársreikningar Samfylkingarinnar frá stofnun hennar eru og hafa um árabil verið aðgengilegir á vef hennar og má þar sjá heildaryfirlit styrkja frá einstaklingum og lögaðilum. Nöfn einstakra styrktaraðila hafa hins vegar ekki verið birt, fyrr en með nýjum lögum árið 2007. **- kóp**

### STYRKIR YFIR 500 ÞÚSUND

| | |
|---|---|
| Actavis hf. | 3.000.000 |
| Baugur Group hf. | 3.000.000 |
| Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga | 1.000.000 |
| Eimskipafélag Íslands | 1.000.000 |
| Exista ehf. | 3.000.000 |
| Eykt ehf. | 1.000.000 |
| FL Group hf. | 3.000.000 |
| Glitnir | 3.500.000 |
| Kaupþing | 5.000.000 |
| Ker hf. | 3.000.000 |
| Landsbanki Íslands | 4.000.000 |
| Milestone | 1.500.000 |
| SPRON | 1.000.000 |
| Straumur Burðarás | 1.500.000 |
| Teymi ehf. | 1.500.000 |
| Samtals | 36.000.000 |

**Nýjung** - Fjármálapróf á **byr.is**






DYNAMO REYKJAVÍK

# Eru fjármálin eins og af öðrum heimi?

Niðurstöður rannsókna gefa til kynna að **50% Íslendinga vilja vita meira um fjármál.** Byr býður öllum landsmönnum að taka fjármálapróf sér að kostnaðarlausu á **www.byr.is.** Prófið var samið í samvinnu við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík.

**Taktu prófið á byr.is og fáðu fjármálin á mannamáli!**

## 3 skref til fjárhagslegrar heilsu

**Þekking**
Fyrstu skrefin í fjárhagslegri heilsu eru að auka almenna fjármálaþekkingu.

**Viðhorf**
Settu þér mælanleg markmið sem þurfa að vera raunsæ og tímasett.

**Hegðun**
Með þekkingu í fjármálum og raunsæum markmiðum getur þú breytt hegðun þinni í fjármálum til hins betra!

FJÁRMÁLALAUSNIR Á MANNAMÁLI

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Fjármálahugtök

BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

## GENGIÐ 08.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,63 | 127,23 |
| Sterlingspund | 186,43 | 187,33 |
| Evra | 167,71 | 168,65 |
| Dönsk króna | 22,505 | 22,637 |
| Norsk króna | 18,829 | 18,939 |
| Sænsk króna | 15,396 | 15,486 |
| Japanskt jen | 1,2661 | 1,2735 |
| SDR | 188,85 | 189,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3746

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsóknarnefnd um bankahrunið er með styrki bankanna til flokka í athugun:

# Rannsakar styrki til flokka

**FJÁRMÁL** Styrkir til stjórnmálaflokka eru meðal þess sem Rannsóknarnefnd um bankahrunið mun skoða við vinnu sína. Þetta segir Tryggvi Gunnarsson, sem sæti á í nefndinni.

„Okkar viðfangsefni er að skoða rekstur bankanna og þau atriði sem kunna að hafa haft einhver áhrif á hvernig fór með rekstur þeirra og auðvitað munum við huga að því hvort um einhverjar óeðlilegar styrkveitingar hefur verið að ræða sem geta hafa haft einhver áhrif,“ segir Tryggvi.

Hann tekur þó fram að slík athugun tengist ekki sérstaklega því sem fram hefur komið í fréttum liðinnar viku um tugmilljóna styrki FL Group og Landsbankans til Sjálfstæðisflokksins.



TRYGGVI GUNNARSSON

Tryggvi bendir á að athugun nefndarinnar snúi einkum að bönkunum en ekki að eignarhaldsfélögum á borð við FL Group. Þrátt fyrir að þau hafi mörg hver eða flest verið nátengd bönkunum hafi nefndin ekki sama aðgang að gögnum þaðan og úr bönkunum.

Hann segir að ekki hafi verið óskað eftir gögnum um þessi mál sérstaklega vegna fréttaflutnings vikunnar. „En upplýsingar um styrki eru meðal þess sem nefndin hefur til skoðunar og bæði óskar og hefur óskað eftir frá bönkunum.“

Tryggvi bendir jafnframt á að sérstakur siðfræðihópur starfi á vegum nefndarinnar að því að skoða siðfræðilega hlið mála í aðdraganda hrunsins.

Nefndin hefur einnig óskað eftir upplýsingum um hugsanlegar fyrirgreiðslur banka og fyrirtækja til stjórnmála- og fjölmiðlamanna. **- sh**

Frjálslyndi flokkurinn:

# Tók mest við einni milljón

**FJÁRMÁL** Hæsti styrkur sem Frjálslyndi flokkurinn tók við árið 2006 nam einni milljón frá Samvinnutryggingum. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, upplýsti þetta á Vísi. Styrkurinn væri sá langhæsti sem flokkurinn hefði fengið það ár en alls hefðu þeir numið fimm milljónum.

Í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag sögðu núverandi framkvæmdastjóri og þáverandi ólíklegt að borist hefðu styrkir yfir 300.000 krónum. Framkvæmdastjórinn Magnús Reynir Guðmundsson kannaðist þá ekki við styrk upp á milljón krónur frá Samvinnutryggingum. **- sh**

Segir sig úr stjórninni:

# Siðfræðingur hættir í SUS

**STJÓRNMÁL** Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur hefur sagt sig úr stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna, SUS.

Ástæðuna segir hann að Geir H. Haarde hafi brugðist sem formaður þegar hann tók við styrkjum frá FL Group og Landsbankanum. Þá sé ályktun SUS, þar sem lof er borið á framgöngu Geirs í málinu, úr öllum takti við raunveruleikann. **- sh**



**FORYSTAN** Framsóknarflokkurinn hefur nú lýst því yfir að hafa þegið 30,3 milljónir króna í styrki frá fyrirtækjum árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framsóknarflokkurinn:

# Hæsti styrkurinn 5 milljónir

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn þáði 30,3 milljónir króna frá nokkrum tugum fyrirtækja árið 2006. Hæsti einstaki styrkur sem flokknum var veittur það ár nam 5 milljónum króna. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem flokkurinn hefur sent frá sér.

Þar kemur fram að flokkurinn muni ekki upplýsa hverjir einstakir gefendur voru, enda hafi í flestum tilfellum verið samkomulag um að styrkveitingarnar væru trúnaðarmál. Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri flokksins, segir að verið sé að ræða við gefendur með það að leiðarljósi að upplýsingar um stærstu gefendur verði birtar. **- kóp**

# Vilja enn ekki upplýsa um styrkina

**Mikil ólga er í Sjálfstæðisflokknum og sú krafa gerist æ háværari að allt verði upplýst er lýtur að styrkjum FL Group og Landsbankans til flokksins. Þingmenn flokksins funduðu í gær. Krafa er um að þeir sæti ábyrgð sem um véluðu.**

**STJÓRNMÁL** Mikil ólga er í Sjálfstæðisflokknum vegna styrkjamálanna sem skekið hafa flokkinn undanfarna daga. Andri Óttarsson sagði af sér stöðu framkvæmdastjóra í gær, en sór um leið af sér að hafa haft forgöngu um söfnun styrkjanna. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins var boðaður á fund klukkan 15 í gær, en sá fundur var afboðaður með skömmum fyrirvara.

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri flokksins, lýsti því í gær yfir að hann vissi hverjir hefðu haft forgöngu um að fá styrkina frá FL Group og Landsbankanum. Það ætti hvorki við um hann né Andra Óttarsson. Kjartan vildi hins vegar ekki upplýsa um hverjir hefðu verið að verki. Hann hefði skýrt flokksforystunni frá málinu og þeir sem í hlut eiga ættu að stíga fram og axla sína ábyrgð.

Guðlaugur Þór Þórðarson er einn þeirra sem hafa verið nefndir í því samhengi. Hann hefur hins vegar neitað að hafa komið að málinu að öðru leyti en að hafa fengið nokkra einstaklinga í flokknum til að aðstoða skrifstofuna við fjársöfnun. Komi í ljós að Guðlaugur hafi haft meiri aðkomu að málinu er það er ljóst að krafa um að hann víki mun verða hávær. Stuðningsmenn hans líta svo á að í gangi sé aðför að honum. Formenn Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík sendu í gær frá sér yfirlýsingu til stuðnings Guðlaugi Þór.

Formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, hefur lýst því yfir að styrkjunum verði skilað. Það verður þungur biti fyrir flokkinn að kyngja, enda ekki seilst í 55 milljónir eins og að drekka vatn. Flokkurinn fékk 317 milljónir í tekjur alls á árinu 2007, þar af 140 frá ríkinu. Rekstur flokksins kostaði hins vegar 352 milljónir króna og því var um 37 milljóna tap á flokknum í fyrra. Til víðtækrar fjársöfnunar verður að koma til að ná saman 55 milljónum króna.




**VIÐ VALHÖLL Í REYKJAVÍK** Ragnheiður Ríkharðsdóttir kom að læstum dyrum í Valhöll í gær þegar hún ætlaði á þingflokksfund. Ekki fékkst upplýst um fundarstað, en fundurinn var haldinn um kvöldmatarleytið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erfitt reyndist að ná í þingmenn Sjálfstæðisflokksins í gær og þeir sem í náðist vildu lítið segja. Ljóst er að línunnar var beðið frá forystunni en mikil pressa er á hana um að upplýsa um málið. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði undir kvöld í gær og gilti trúnaður um staðsetninguna.

Vilhjálmur Egilsson, formaður fjármálaráðs flokksins, segir nauðsynlegt að fá styrkjamálið á borðið; annars hætti þetta mál aldrei. Öll nöfn þurfi að upplýsa og skýra hvernig nákvæmlega vildi til að styrkirnir voru þegnir. Mikil vinna liggi fram undan hjá fjármálaráði flokksins til að safna fyrir endurgreiðslu styrkjanna.

kolbeinn@frettabladid.is



ANDRI ÓTTARSSON



GRÉTA INGÞÓRSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri hættir:

# Andri segir starfi sínu lausu

**STJÓRNMÁL Andri Óttarsson sagði í gær starfi sínu lausu sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér segir hann mikinn styr hafa staðið um styrkveitingu FL Group og Landsbankans til flokksins. Andri tekur fram að hann hafi ekki haft frumkvæði að því að haft var samband við fyrirtækin, og ekki tekið ákvörðun um að styrkjunum yrði veitt viðtaka.**

**Gréta Ingþórsdóttir, fyrrum aðstoðarmaður forsætisráðherra, hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri. Hún mun gegna starfinu fram að kosningum. Hvorki náðist í Andra né Grétu við vinnslu fréttarinnar.** **- kóp**

Formenn sjálfstæðisfélaga:

# Styðja Guðlaug

**STJÓRNMÁL** Formenn þrettán Sjálfstæðisfélaga í Reykjavík lýstu í gær yfir fullum stuðningi við Guðlaug Þór Þórðarson alþingismann, en hann hefur verið nefndur vegna styrkja FL Group og Landsbankans við flokkinn.

Formennirnir lýsa furðu á málatilbúnaði vegna styrkjanna. Ljóst sé hverjir tóku við styrkjunum og hverjir samþykktu þá af hálfu flokksins og Guðlaugur Þór hafi þar hvergi komið nærri. Því hljóti annarleg sjónarmið að liggja að baki því að draga hann inn í þá umræðu. Formennirnir hvetja flokksforystuna til að leiðrétta þennan misskilning. **- kóp**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA**

Í dag verða norðvestan 13-18 m/s við austur- og suðausturströndina annars yfirleitt 5-10 m/s. Snjókoma norðaustan og austan til, stöku él vestan til á Norðurlandi og Vestfjörðum en yfirleitt bjart með köflum á Vestur- og Suðurlandi. Hiti 2-7 stig syðra annars frost á bilinu 0-4 stig.



**PÁSKADAGUR** 8-15 m/s með ströndum annars 3-10 m/s.

**ANNAR Í PÁSKUM** 13-18 S- og SV- til annars 5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 9° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 12° |
| New York | 12° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| Róm | 15° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

# Velkomin í Íslandsbanka

## Við tökum vel á móti þér

Okkur í Íslandsbanka langar að fá þig í heimsókn og kynna fyrir þér þjónustu okkar. Við leggjum áherslu á að veita persónulega og góða þjónustu og hvetjum þig til að koma í heimsókn og ræða við ráðgjafa okkar.

## Við látum verkin tala

Að undanförnu höfum við kynnt lausnir og úrræði fyrir heimilin í landinu sem byggð hafa verið á samvinnu starfsfólks og viðskiptavina. Má þar nefna:

- ☑ Greiðslujöfnun fyrir fólk með erlend húsnæðislán
- ☑ Skilmálabreytingar á bílasamningum
- ☑ Tímabundna niðurfellingu uppgreiðslugjalda lána
- ☑ Einfaldar leiðir til að ná yfirsýn og tökum á fjármálum heimilisins
- ☑ Fjármálafræðslu fyrir fermingarbörn
- ☑ Fjármálafræðslu fyrir almenning í samvinnu við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík

## Það er lítið mál að skipta

Það er auðveldara en þú heldur að skipta um banka. Ráðgjafar okkar geta að fullu séð um yfirfærsluna og þeir tryggja að þú verðir fyrir sem minnstu raski við skiptin.

Komdu við í næsta útibúi eða fáðu nánari upplýsingar á islandsbanki.is eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.

Íslandsbanki



## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að aflaheimildir verði innkallaðar og kvótakerfið lagt af?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,3% |
| Nei | 21,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt/ur við viðtöku Sjálfstæðisflokks á 55 milljónum frá tveimur fyrirtækjum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Karlar frekar en konur fylgjandi byggingu álvers í Helguvík samkvæmt könnun:

# Meirihluti vill álver í Helguvík

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti þeirra sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins vilja að reist verði álver í Helguvík. Alls sögðust 57,5 prósent fylgjandi byggingu álvers en 42,5 prósent sögðust andvíg. Vikmörk í könnuninni eru 3,7 prósent og munurinn því marktækur.

Karlar voru líklegri til að styðja byggingu álvers. Alls sögðust 63,4 prósent karla sem afstöðu tóku styðja byggingu álversins, en 51,2 prósent kvenna voru fylgjandi.

Enginn munur var á afstöðu þeirra sem tóku þátt í könnuninni eftir búsetu.

Mikill meirihluti þeirra sem sögðust ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn var hlynntur byggingu álvers, 80 prósent. Enn fleiri fylgismenn Framsóknarflokksins vildu álverið, eða 85 prósent.

Meirihluti stuðningsmanna Samfylkingarinnar, um 56 prósent, var hlynntur byggingu álversins. Stuðningur við byggingu álversins var áberandi minnstur meðal fylgismanna Vinstri grænna. Af þeim voru aðeins tæp 23 prósent þeirrar skoðunar að reisa ætti álverið.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 7. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á að reisa álver í Helguvík. 83,6 prósent afstöðu til spurningarinnar. **- bj**

### Á AÐ REISA ÁLVER Í HELGUVÍK?




SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 7. APRÍL

Herferð í Svíþjóð:

# Skattayfirvöld skoða fatafellur

**SVÍÞJÓÐ Skattayfirvöld í Svíþjóð hafa hafið herferð til að sporna við því að Net-fatafellur sleppi við lögbundinn skatt af launum. Talið er að allt að fimm hundruð konur sem stunda þessa atvinnugrein fari á svig við skattalög. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.**

**Herferðin felur meðal annars í sér að grandskoða vefsíður þar sem sænskar konur fækka fötum fyrir framan vefmyndavélar í þeim tilgangi að bera kennsl á þær. „Við sjáum að þetta eru ungar konur. Líklega eru þær ekki mjög vel að sér í skattalögunum,“ segir Dag Hardyson, sem fer fyrir herferðinni. - kg**








**USS HALYBURTON** Hér má sjá freigátu bandaríkjahes, USS Halyburton, sigla inn í herstöð sjóhersins í Mayport í Flórída í apríl 2005. Herskipið er, að sögn bandarískra yfirvalda, meðal þeirra sem send hafa verið á vettvang gíslatökunnar undan ströndum Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skipstjórinn gerði tilraun til að flýja

**Sómalískir sjóræningjar krefjast 250 milljóna króna lausnargjalds fyrir bandaríska skipstjóra sem þeir halda föngnum. Talið er að mörg skip séu í haldi sjóræningja undan ströndum Sómalíu. Gísl lét lífið í björgunaraðgerð í gær.**

**KENÍA, AP** Sjóræningjar, sem hafa haft bandaríska skipstjórann Richard Phillips í haldi í björgunarbáti undan ströndum Sómalíu síðan á miðvikudag, kröfðust í gær tveggja milljóna dala lausnargjalds, eða rúmra 250 milljóna króna, í skiptum fyrir skipstjórann. Phillips reyndi að flýja í gær með því að stökkva útbyrðis og freista þess að synda í bandarískt herskip skammt frá. Sjóræningjarnir náðu skipstjóranum á flóttanum.

Samkvæmt bandarískum fjölmiðlum er talið að um fjóra ræningja sé að ræða. Tilraun þeirra til að ræna flutningaskipinu Maersk Alabama, sem er í eigu danskra aðila en hefur heimahöfn í Bandaríkjunum, á miðvikudag mistókst. Skipið var á leið til Kenía. Ræningjunum tókst þó að hafa skipstjórann á brott með sér. Sómalískur ríkisborgari, sem segist hafa átt í viðræðum við sjóræningjana, segir þá ekki munu hika við að myrða Phillips berist lausnargjaldið ekki.

Starfsmenn bandarísku alríkislögreglunnar áttu í samningaviðræðum við ræningjana í gær. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir málið grafalvarlegt og hefur kallað eftir aðgerðum alþjóðasamfélagsins vegna þess.

Vitað er að sjóræningjar hafa fleiri skip á valdi sínu á þessum slóðum, en ekki hversu mörg. Talið er að sjóræningjahringurinn ætli sér að styrkja stöðu sína með því að sigla flestum þessara skipa að ströndum Sómalíu, þar sem hægt yrði að flýja í land undan áhlaupum björgunarliða. Bandarískt herskip er á svæðinu og fleiri slík talin á leiðinni.

Þá gerðu franskir sérsveitarmenn áhlaup á frönsku skútuna Tanit, sem hefur verið í haldi sómalískra sjóræningja á sömu slóðum síðan um síðustu helgi, í gær. Einn gísl og tveir sjóræningjar létu lífið í áhlaupinu. Fjórum gíslum, þar á meðal einu barni, var bjargað í áhlaupinu. Þrír sjóræningjanna voru handteknir. Eric Chevallier, talsmaður franska utanríkisráðuneytisins, sagði í gær að frönsku gíslarnir hefðu verið varaðir eindregið við því að sigla á þessum slóðum. Erfitt væri að skilja hvers vegna þeim viðvörunum hefði ekki verið hlýtt.

Skip á siglingu úti fyrir ströndum Sómalíu hafa orðið illa fyrir barðinu á sjóræningjum að undanförnu. Ráðist hefur verið á rúmlega 130 skip á þessum slóðum á síðastliðnu ári og yfir fjörutíu skip hafa verið hertekin af sjóræningjum.

**kjartan@frettabladid.is**

Þúsundir minntust pínu Krists víða um heim á föstudaginn langa:

# Píslarganga og krossfesting

**JERÚSALEM, AP** Þúsundir fetuðu í hinstu fótspor Jesú í Jerúsalem, höfuðborg Ísraels, í gær þegar þeir gengu píslargöngu sömu leið og talið er að Kristur hafi borið krossinn um götur borgarinnar. Er þessi athöfn fastur liður á föstudaginn langa.

Sumir viðstaddra sungu sálma á latínu meðan aðrir sungu á arabísku. Hersingunni fylgdi fjöldi forvitinna gesta með myndavélar og nokkuð af lögreglumönnum.

John Herder, frá Ontario-fylki í Kanada, einn pílagrímanna, ferðaðist sérstaklega til Jerúsalem vegna tilefnisins. „Þessi reynsla hefur hreyft við mér,“ sagði Herder í gær.

Þá létu þrjátíu karlar og konur krossfesta sig á Filippseyjum til að minnast píslargöngu Krists. **- kg**



**Á FRELSARANS SLÓÐ** Ástralskur maður, John Michael að nafni, býr sig undir krossfestingu skammt utan við Maníla á Filippseyjum á föstudaginn langa. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Opið um páskana



| | | |
|---|---|---|
| **Laugardagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Páskadagur** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Annar í Páskum** | **OPIÐ allan sólarhringinn**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Smáralind, Spöng, Akureyri og Eiðistorg. LOKAÐ í Kringlunni og Holtagörðum |

## *ferskar kryddjurtir frá Frakklandi*



Rósmarín



Mynta



Salvía



Garðablóðberg



Basilika




**Smjörsprautað kalkúnaskip**
tilbúið beint í ofninn!




**Páskalæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.




**Hamborgarhryggur Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hver sagði upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins í gær?*

*2 Hvaða barnastjarna fer með hlutverk í kvikmyndinni Push?*

*3 Hver er framleiðandi Draumalandsins?*

SVÖR Á SÍÐU 58

Fréttablaðið kannar afstöðuna til aðildarviðræðna að Evrópusambandinu:

# Fækkar heldur sem styðja viðræður

**SKOÐANAKÖNNUN** Þeim fækkar heldur sem vilja viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Nú segjast 45,6 prósent fylgjandi viðræðum, en fyrir tveimur vikum vildu 46,6 prósent viðræðum. Munurinn milli kannana er innan skekkjumarka.

Samkvæmt könnuninni eru 54,4 prósent landsmanna andsnúin viðræðum en 45,6 prósent hlynnt þeim. Vikmörkin eru 3,9 prósentustig, og er því marktækur munur á milli þeirra sem eru fylgjandi og þeirra sem eru andsnúnir aðild.

Eins og áður er ekki marktækur munur á afstöðu karla og kvenna. Meiri munur er á afstöðu fólks eftir búsetu. Alls vilja 51,8 prósent höfuðborgarbúa aðildarviðræður, en 36,9 prósent þeirra sem búa á landsbyggðinni.

Kjósendur Samfylkingarinnar skera sig úr hvað varðar fylgi við aðildarviðræður og segjast 86,5 prósent hlynnt viðræðum. Næsthæst er hlutfallið hjá þeim sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn væri gengið til kosninga nú. Af þeim sögðust 43,2 prósent hlynnt viðræðum.

Alls sögðust 28,7 prósent fylgismanna Vinstri grænna hlynnt aðildarviðræðum. Hlutfallið er enn lægra hjá þeim sem kjósa myndu Sjálfstæðisflokkinn, eða 24,6 prósent.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 7. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? 77,5 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. - bj

**Á að sækja um aðild að Evrópusambandinu?**




**BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMUM**

Eigum fyrirliggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.

15% afsláttur

EXIDE

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is

Efnahagskreppan í Bretlandi:

## Tvö ár þar til botni er náð

**VIÐSKIPTI Ekki er útilokað að samdráttar gæti í Bretlandi í eitt ár til viðbótar og tvö ár líði þar til hagkerfið taki við sér á ný. Þetta kemur fram í skýrslu bresku Rannsóknarstofnunarinnar um hagfræði- og samfélagsrannsóknir (e. National Institute of Economic and Social Research) sem er ein virtasta sjálfstæða hagfræðistofnun landsins.**

**Þar er sömuleiðis bent á að efnahagskreppunni í Bretlandi nú svipi mjög til niðursveiflunnar í byrjun níunda áratugar síðustu aldar.**

**Síðustu spár benda til að breska hagkerfið hafi dregist saman um 1,5 prósent á fyrsta ársfjórðungi, að sögn breska ríkisútvarpsins.**

**Stýrivextir í Bretlandi standa nú í 0,5 prósentum og hafa þeir aldrei verið lægri. Ekki er búist við breytingum þar á.** - jab



**JARÐRASKIÐ Í HEIÐMÖRK** Fulltrúar Skógræktarfélagsins og náttúruverndarsamtaka töluðu um að tuttugu ára vinna væri unnin fyrir gýg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Heiðmerkurmáli vísað frá héraðsdómi

**Skógræktarfélag Reykjavíkur fær ekki bætur frá Kópavogsbæ og verktakafyrirtækinu Klæðningu vegna trjáa sem felld voru í Heiðmörk í febrúar 2007. Félagið telst ekki eigandi að trjánum.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness hefur vísað frá dómi skaðabótamáli Skógræktarfélags Reykjavíkur á hendur Kópavogsbæ og verktakafyrirtækinu Klæðningu ehf. Félagið fór fram á 21 milljón króna vegna 559 trjáa sem felld voru í Heiðmörk í febrúar árið 2007. Dómurinn kemst að því að Skógræktarfélagið sé ekki réttmætur eigandi trjánna, heldur Reykjavíkurborg.

Töluvert var fjallað um málið í fjölmiðlum á sínum tíma. Það snerist um lagningu vatnsleiðslu í gegnum Heiðmörk, þar á meðal í gegnum Þjóðhátíðarlundinn svokallaða. Matsmenn voru fengnir til að meta hversu mörg tré voru fjarlægð og hvert virði þeirra væri. Talað var um í fjölmiðlum að tuttugu ára vinna á svæðinu væri unnin fyrir gýg.

Skógræktarfélagið hefur um áratugaskeið haft umsjón með trjánum á svæðinu, þótt Reykjavíkurborg sé eigandi svæðisins. Deilt var um það í málinu hver væri réttur eigandi að trjánum á svæðinu.

Skógræktarfélagið benti á að því hafi verið falin umsjá með Heiðmerkursvæðinu, bæði rekstri og framkvæmdum þar, allt frá því að stofnað var til þess fyrir um hálfri öld. Félagið hafi séð um trjáplöntun og nýtt allar skógarafurðir. Ekki sé því vafi á að félagið sé eigandi trjánna og réttur viðsemjandi um bætur vegna þeirra. Undir þetta tók lögmaður Reykjavíkurborgar í bréfi til Kópavogsbæjar.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir að af reglum um Heiðmerkursvæðið, sem kveðið er á um í samningi Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélagsins, megi ráða að „landnemar geti ekki gert tilkall til eignarréttar að þeim trjám sem þeir planta í þær spildur sem þeir hafa fengið til umráða með samningum …“ Skógræktarfélagið eigi því ekki trén.

Ljóst sé hins vegar að félagið eigi hagsmuna að gæta varðandi svæðið að því er varðar hagnýtingu skógarafurða af ýmsu tagi. Bótakrafa í skjóli þeirra réttinda verði hins vegar ekki grundvölluð á mati á smásöluverði trjánna sem fóru forgörðum við aðgerðirnar. Málinu er því vísað frá.

stigur@frettabladid.is

Nordic Tourism
Inspiration – Innovation – Destination

**Edinborgarhúsið, Ísafirði**
28. apríl 2009 kl. 09:00 – 15:30

**Iðnaðarráðuneytið, Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICe) og Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina efna til ráðstefnu um ferðaþjónustu á Norðurlöndum.**

Á ráðstefnunni verður meðal annars fjallað um mikilvægi nýsköpunar í ferðaþjónustu, uppbyggingu áfangastaða og viðbrögð ferðaþjónustunnar við efnahagsáföllum.

Eftir ráðstefnuna er gestum boðið í skoðunarferð um nágrennið og til kvöldverðar.

- Nýsköpun í kreppu
- Uppbygging áfangastaða: Samstarf fyrirtækja, ríkis og sveitarfélaga
- Hvað hefur ferðaþjónustan lært af fyrri efnahagskreppum?
- Menntun í ferðaþjónustu og yfirfærsla þekkingar á Norðurlöndum
- Áfangastaðir í ferðaþjónustu: Árangur Voss í Noregi

**Fyrirlesarar**
**Anne Grethe Bakke**, framkvæmdastjóri, Voss. **Benedicte Wildhagen**, ráðgjafi Norwegian Design Council. **Claus Rex Christensen**, VisitDenmark. **Guðrún Helgadóttir**, prófessor við Háskólann á Hólum. **Jill Hellman**, ráðgjafi við Strategy Learning Center í Bandaríkjunum og Cornell háskóla. **Maja Biilmann**, Greenland Tourism & Business Council. **Sigrún Jakobsdóttir**, bæjarstjóri á Akureyri. **Yrjö Timonen**, frumkvöðull og framkvæmdastjóri skíðasvæðisins Messilä í Finnlandi.

**Ráðstefnustjóri**
**Ólöf Ýrr Atladóttir**, ferðamálastjóri

Ítarlegri dagskrá, skráning og bókun á flugi er á vef Vesturferða, *www.vesturferdir.is*.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Iðnaðarráðuneytið
norden
Nordic Council of Ministers
Nordic Innovation Centre

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

# HVAR ER ÞINN LÍFEYRISSPARNAÐUR?

## SAMANBURÐUR Á 5 ÁRA MEÐALNAFNÁVÖXTUN




## BERÐU SAMAN ÁVÖXTUNINA!

Við samanburð kemur í ljós að Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem ávaxtar skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað, skilaði sjóðfélögum sínum mun betri ávöxtun en helstu samkeppnisaðilar.

- **Frjálsi lífeyrissjóðurinn** hjá Kaupþingi
- **Almenni lífeyrissjóðurinn,** Ævisafn hjá Glitni/Íslandsbanka
- **Íslenski lífeyrissjóðurinn,** Líf hjá Landsbankanum

## SAMANBURÐUR Á NAFNÁVÖXTUN 2008




Fjárfestingarleiðirnar sem bornar eru saman eru þær leiðir sem hafa líkustu fjárfestingarstefnurnar. Líf 1 hjá Íslenska lífeyrissjóðnum, Ævisafn 1 hjá Almenna lífeyrissjóðnum og Frjálsi Áhætta hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum eru með mest vægi hlutabréfa og því áhættumestar en Líf 4, Ævisafn 4 og Frjálsi 3 eru aftur á móti ekki með nein hlutabréf og því áhættuminnstar. Ávöxtunartölur Almenna lífeyrissjóðsins og Íslenska lífeyrissjóðsins eru fengnar af upplýsingasíðum sjóðanna. Frjálsi Áhætta var stofnuð 1. janúar 2008 og því eru ekki til 5 ára ávöxtunartölur fyrir þá leið.

## LEITAÐU TIL OKKAR ÞEGAR KEMUR AÐ LÍFEYRISSPARNAÐI

Hafðu samband við **Ráðgjöf Kaupþings**, Borgartúni 19, í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á **radgjof@kaupthing.is** eða komdu við í næsta útibú **Kaupþings**.

KAUPÞING

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45744 04/09

Tryggðu þér miða á
STOFUTÓNLEIKA
LISTAHÁTÍÐAR

Helgina 22. til 24. maí verða 25 STOFUTÓNLEIKAR á jafn mörgum heimilum í Reykjavík, í póstnúmerum 101 til 111. Aðeins ÖRFÁ SÆTI í boði.


Retro Stefson, FM Belfast og MC Plútó, 101 Reykjavík

Föstudagur 22. maí
Benda slagverkshópur, Heiðargerði 1b, Ólöf Arnalds, Ingólfsstræti 10, Vicky, Holtsgötu 39, Bloodgroup, Hólmaslóð 2, Retro Stefson, FM Belfast og MC Plútó, Ingólfsstræti 21a, Weirdcore, Hólmaslóð 2, Reykjavík!, Smiðjustíg 4a.


Ágerður Júníusdóttir, 107 Reykjavík

Laugardagur 23. maí
Áshildur Haraldsdóttir og Katie Elizabeth Buckley, Túngötu 44, Benóný Ægisson, Skólavörðustíg 4c, Gershwin í Mýrinni, Kjartansgötu 9, Spilmenn Ríkínís, Dómkirkjuloftinu, Miðillinn, í flutningi Ásgerðar Júníusdóttur, Melhaga 2, Melchior, Bugðulæk 17, Jón Ólafsson, Hagamel 33, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Stofukvartettinn, Vesturbrún 4, amiina, Grundarstíg 10.


Kristjana Stefáns og Agnar Már Magnússon, 109 Reykjavík

Sunnudagur 24. maí
Melakvartettinn, Þórsgötu 18, Dvorák-hópurinn, Hávallagötu 18, Stofutónleikar í Stekknum, Urðarstekk 3, Felix Bergsson, Starhaga 5, Valgerður Andrésdóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir, Grettisgötu 39, Barrokk í Þingholtunum, Bragagötu 27, Djass í Breiðholti, Vesturbergi 137, Tómas R. Einarsson, Reynimel 24 (bílskúr), Duo Landon, Laugarnestanga 70.

Miðasala á www.listahatid.is
www.midi.is

15.–31. MAÍ 2009
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

FRÉTTABLAÐIÐ Iceland Express Radisson SAS SAMSKIP

Skuld Björgólfsfeðga við Nýja Kaupþing upp á fimm milljarða króna:

# Stefna hefur verið útbúin

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá stefnu á hendur Björgólfi Guðmundssyni og Björgólfi Thor Björgólfssyni vegna 5 milljarða króna skuldar þeirra við Nýja Kaupþing. Fréttablaðið sagði frá því á fimmtudag að feðgunum hefði verið stefnt vegna skuldarinnar. Björgólfur Thor bar það til baka, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að gengið hafi verið frá stefnu á hendur þeim feðgum innan bankans fyrir nokkrum vikum. Samkvæmt orðum Björgólfs hefur hún ekki verið afhent. Beðist er velvirðingar á því mishermi.

Öll meginatriði fréttarinnar standa hins vegar óhögguð: Björgólfsfeðgar eru í persónulegri ábyrgð fyrir fimm milljarða skuld sem er í uppnámi í Nýja Kaupþingi og sú skuld er tilkomin vegna kaupa Samsonar, eignarhaldsfélags þeirra feðga, á Landsbankanum 2002.

Í frétt Fréttablaðsins kom skýrt fram að Landsbankinn hafi verið að fullu greiddur á sínum tíma. Það þyki á hinn bóginn kaldhæðnislegt að í kjölfar yfirtöku ríkisins á Kaupþingi í haust sé það ríkisbanki sem þurfi að innheimta fimm milljarða skuld Björgólfsfeðga vegna þátttöku þeirra í einkavæðingu Landsbankans. **- kóp**


**BJÖRGÓLFUR THOR** Björgólfsfeðgar skulda Nýja Kaupþingi rúmlega 5 milljarða króna. Skuldin er tilkomin vegna kaupa þeirra á Landsbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Múslimar jákvæðir fyrir boðskap Obama

**Viðbrögð meðal múslima og araba í Mið-Austurlöndum við þeim boðskap sem Obama Bandaríkjaforseti hélt á lofti í heimsókn sinni til Evrópu, Tyrklands og Íraks, eru jákvæð. Fólk bindur vonir við betri tíð í samskiptum við heimsveldið.**

**KAÍRÓ, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseta virðist hafa tekist vel upp í ferð sinni til Evrópu, Tyrklands og Íraks. Múslimar víða um lönd hafa brugðist jákvætt við þeim orðum sem hann lét falla á ferðalaginu og segjast binda vonir við betri tíð í samskiptum landa sinna við Bandaríkin og Vesturlönd, með Obama við stjórnvölinn í Washington í stað fyrirrennarans George W. Bush.

En í bland við bjartsýnina lýsa margir einnig vantrú á að stefna Bandaríkjastjórnar breytist mikið þótt nýr maður sé fluttur í Hvíta húsið.

Obama rétti út sáttahönd til araba og múslima í ræðu sem hann hélt á fundi með tyrkneskum námsmönnum í Istanbúl í byrjun vikunnar. Þar sagði hann meðal annars að Bandaríkin væru ekki og myndu aldrei verða í stríði við íslam.

Því næst hélt hann til Íraks, en vera Bandaríkjahers þar hefur nú um árabil verið mikill þyrnir í augum araba og múslima. Þar sagði hann að tími væri kominn til að kalla herliðið frá Írak í áföngum og láta Íraka sjálfa axla ábyrgðina á stjórn og öryggi landsins.

Margir íbúar múslimalanda, sem AP-fréttastofan spurði álits, segjast hrifnir af því hvernig Obama komi þeim fyrir sjónir. Hann virðist vera einlægur, eða að minnsta kosti laus við þann hroka sem þeim fannst einkenna fyrirrennarann.


**NÝR TÓNN** Írakar fylgjast með sjónvarpsfréttum af Íraksheimsókn Obama í gegnum vatnspípureykinn á kaffihúsi í bænum Najaf, 160 km suður af Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jamal Dahan, fimmtugur leigubílstjóri í múslimahverfi líbönsku höfuðborgarinnar Beirút, segir Obama koma sér fyrir sjónir sem „hæverskur maður með mannlega sýn á heimsmálin“. Aftur á móti áliti hann George W. Bush vera „hrokafullan mann sem þekki ekkert annað en hervald“.

En sumum eru jákvæð orð ekki nóg. „Ég legg fyrst trúnað á að hann vilji í raun breytingar þegar ég sé hermennina yfirgefa Írak og þegar ég heyri hann segja Ísraelum að tími sé kominn til að þeir hypji sig frá hernumdum svæðum Palestínumanna,“ segir Tarik Hussein, 25 ára gamall skósali í Ramallah á Vesturbakkanum. „Annars er þetta bara pólitískur blekkingaleikur.“

audunn@frettabladid.is

**Neytendur:** Verð á Euroshopper-bleium hækkar

# *Hækkun samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins*


**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Bleiuverð hefur rokið upp með hruni íslenska krónuræfilsins. Pakki af lúxusbleium eins og Pampers og Libero er nú á um 2.000 kall í Bónus. Því hafa hagsýnar húsmæður keypt Euroshopper-bleiur í staðinn, sem hafa lengi verið á innan við þúsundkall pakkinn. En ekki lengur. Sigríður skrifar: *„Ég var byrjuð að kaupa Euroshopper-bleiur og finnst þær bara mjög fínar. Um mánaðamótin ætlaði ég að kippa pakka með í Bónus en rak þá augun í að pakkinn hafði hækkað úr 907 kr í 1.298 kr. Þetta finnst mér fyrir neðan allar hellur og skil ekki hvernig hægt er að réttlæta þessa rosalegu hækkun.“*

Guðmundur Marteinsson í Bónus er með svarið: *„Samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins er okkur ekki heimilt að selja vörur undir kostnaðarverði og þess vegna urðum við að hækka Euroshopper-bleiurnar í 1.298 krónur pakkann, sem er okkar kostnaðarverð með 24,5% vsk. Við hjá Bónus munum gera okkar besta til þess að lækka aðrar vörur og koma með sterk tilboð til þess að koma til móts við okkar viðskiptavini. Ég vil samt benda á að þrátt fyrir þessa hækkun eru þessar bleiur á góðu verði miðað við gæði. Það er auðvitað bagalegt að það sé 24,5% vsk á bleium og blautþurrkum, en í Bretlandi er til að mynda enginn virðisaukaskattur á barnavörum.“* Því ekki að lofa að afnema þennan virðisaukaskatt á barnavörum, kæru frambjóðendur?



Átti yfir tíu þúsund myndir:

## Dæmdur fyrir barnaklám

**DÓMSMÁL Fertugur maður hefur verið dæmdur í árs fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, fyrir að eiga og dreifa miklu magni af mjög grófu barnaklámi.**

**Maðurinn játaði að hafa haft á hörðum diskum í tölvu sinni 10.303 ljósmyndir sem sýndu börn á klámfengin hátt, og einnig 86 hreyfimyndir. Afspilunartími myndskeiðanna var samtals 31 mínúta.**

**Þá veitti maðurinn öðrum netnotendum aðgang að 4.500 ljósmyndum og 65 hreyfimyndum með skráarskiptiforriti. Hann hefur ekki áður gerst brotlegur við lög.** - sh

Uppþot og óeirðir í Moldóvu vegna ásakana um kosningasvindl:

# Hundruð manna handtekin

**MOLDÓVA, AP** Vladimír Voronin, forseti Moldóvu, óskaði í gær eftir að atkvæði yrðu talin aftur í kosningunum sem fram fóru um liðna helgi. Kommúnistaflokkurinn, sem er við stjórnvölinn, bar sigur úr býtum í kosningunum og hlaut að sögn meira en 50 prósent greiddra atkvæða.

Mótmælendur, sem í fyrrakvöld gengu berserksgang á skrifstofum forsetaembættis og þings Moldóvu í höfuðborginni Kisinev, voru á miðvikudagskvöld hraktir út úr byggingunum af óeirðalögreglu. 193 voru handteknir og yfir fimmtíu hlutu misalvarleg meiðsl í átökunum.



**ANDKOMMÚNISTAR** „Veitið andspyrnu, verum andkommúnistar!“ stendur á skilti mótmælanda í Kisinev í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilefni óeirðanna er ásökun mótmælenda um að stjórnarflokkur kommúnista hafi beitt brögðum í þingkosningum sem fram fóru í landinu á sunnudag.

Vladimír Voronin, forseti Moldóvu, kom fram í rússneskumælandi fjölmiðlum þar sem hann sakaði yfirvöld í grannríkinu Rúmeníu um að standa á bak við óeirðirnar og lýsti sendiherra Rúmeníu, Filip Teodorescu, óvelkominn í landinu, „persona non grata“.

Moldóva tilheyrði Rúmeníu til ársins 1940 og meirihluti íbúanna er rúmenskur að þjóðernisuppruna. Frá því Sovétríkin leystust upp fyrir átján árum hafa þó öfl haldið um stjórntaumana sem vilja viðhalda nánum tengslum við Rússland. - aa



**LENDING** Soyuz TMA-13-geimhylki þyrlar upp rykskýi við lendingu á sléttunni í miðju Kasakstan á miðvikudag. Um borð voru einn bandarískur og einn rússneskur geimfari, auk auðjöfursins Charles Simonyi sem var í sinni annarri ferð sem borgandi geimferðalangur til alþjóðlegu geimstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Myrti og framdi sjálfsmorð:

## Hóf skotárás í dómsalnum

**MÜNCHEN, AP** Maður sem skaut mágkonu sína til bana og framdi svo sjálfsmorð í þýsku dómhúsi á þriðjudag skildi eftir sig bréf sem gaf til kynna að hann hefði lagt á ráðin um árásina.

Maðurinn, sem er sextugur að aldri, hóf skothríðina í réttarhléi í dómsalnum í þýsku borginni Landshut, norðaustur af München. Hann var þar viðstaddur réttarhöld vegna langvinnrar deilu um arf. Önnur mágkona mannsins og lögfræðingur hennar særðust einnig í árásinni.

„Mér finnst ég ekki vera morðingi ef þetta gerist. Ég mun refsa þessu fólki fyrir áratugalangan hrylling,“ segir meðal annars í bréfinu sem maðurinn lét eftir sig á heimili sínu. - kg



**VIÐSKIPTAVINIR** Íslandsbanki hefur boðið upp á greiðslujöfnun erlendra lána síðastliðinn mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðstæður í efnahagslífinu:

## Á þriðja hundrað sótt um greiðslujöfnun

**EFNAHAGSMÁL Á þriðja hundrað viðskiptavinir Íslandsbanka hefur sótt um greiðslujöfnun erlendra lána, sem bankinn hefur boðið upp á síðan í byrjun mars. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Íslandsbanka.**

**Í tilkynningunni segir að greiðslujöfnunin feli í sér að viðskiptavinur greiði sömu afborgun af erlendu láni og greidd var 2. maí 2008.**

**Þá höfðu starfsmenn bankans framkvæmt um 5.500 skilmálabreytingar og frystingar í lok mars. Alls 2.400 viðskiptavinir höfðu nýtt sér lækkun á leigugreiðslum bílasamninga á sama tíma.** - kg

**BRETLAND**

### Klaufalegt atvik

Aðstoðarlögreglustjóri Scotland Yard, Bob Quick, sagði af sér á fimmtudag eftir heldur klaufalegt atvik. Quick hélt á skjölum um rannsókn á al Kaída er hann fór til fundar í Downing-stræti 10 deginum áður. Á ljósmynd sem tekin var af honum mátti greina innihald skýrslunnar. Þetta varð til þess að tólf meintir hryðjuverkamenn voru handteknir í snarhasti.




# Meistara- og doktorsnám
## á Menntavísindasviði

Fræðilegt, starfstengt og hagnýtt nám fyrir þá sem vilja sérhæfa sig í rannsóknum og búa sig undir fjölbreytt sérfræðistörf á sviði menntunar, kennslu, uppeldis, ráðgjafar og heilsueflingar.

**Kennaradeild**
- Náms- og kennslufræði M.Ed., M.A.

*Kjörsvið:*
Íslenska – íslenskukennsla
Kennsla erlendra tungumála
Kennslufræði og skólastarf
Listmenntun – listasaga – verkmenntun
Mál og læsi
Menntunar- og kennslufræði yngri barna
Náttúrufræðimenntun
Stærðfræðimenntun
Upplýsingatækni og miðlun

- Kennslufræði – diplóma
- Menntavísindi Ph.D., Ed.D.

**Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild**
- Íþrótta- og heilsufræði M.Ed., M.S.
- Þroskaþjálfafræði M.Ed., M.A.
- Menntavísindi Ph.D., Ed.D.

**Umsóknarfrestur**
Meistaranám 15. apríl
Doktorsnám 22. apríl

**Uppeldis- og menntunarfræðideild**
- Menntunarfræði M.Ed., M.A.

*Námsleiðir:*
Fjölmenning
Fræðslustörf með fullorðnum – mannauðsþróun
Heimspeki og félagsfræði menntunar
International Studies in Education / Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
Lífsleikni og jafnrétti
Sérskipulagt M.A.-nám í uppeldis- og menntunarfræði

- Menntastjórnun og matsfræði M.Ed., M.A.

*Námsleiðir:*
Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun
Matsfræði
Stjórnunarfræði menntastofnana

- Sérkennslufræði M.Ed., M.A.
- Uppeldis- og menntasálfræði M.A.

*Námsleiðir:*
Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn
Uppeldis- og menntasálfræði – sérskipulagt M.A.-nám

- Menntavísindi Ph.D., Ed.D.

**Nánari upplýsingar og umsóknir á www.mennta.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094478

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Norræn lífsgildi:

## Þjóðkirkjan

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Íslenskt þjóðfélag hefur öðru fremur mótast af norrænni menningarhefð og lífsgildum. Rétt eins og í öðrum norrænum löndum þróaðist hér á síðustu öld frjálst lýðræðislegt velferðarsamfélag. Sérstaða Norðurlandanna í samfélagi þjóðanna hefur byggst á blöndu einstaklingsfrelsis og félagslegs öryggisnets.

Að baki þessari þjóðfélagsgerð liggja siðferðileg og menningarleg gildi. Þau standa djúpum rótum á þessu menningarsvæði. Með réttu má segja að lífsstíll síðustu ára hafi farið nokkuð á svig við þessi rótgrónu gildi. Öllu meir hér á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Það er hluti af þeim vanda sem íslenskt samfélag glímir nú við.

Í flestum mannlegum samfélögum hafa trú og lífsgildi fléttast saman með ýmsu móti. Á Norðurlöndunum hefur sá sérstaki háttur staðið lengi að evangelísk lútersk kirkjuskipun hefur notið stjórnarskrárverndar sem þjóðkirkja samhliða trúfrelsi. Segja má að sú skipan sé orðin hluti af norrænni menningarhefð.

Að sönnu þarf ekki að vera jafnaðarmerki milli öflugs trúarlífs og stjórnarskrárverndaðrar þjóðkirkju. Trúarlíf er satt best að segja ríkara í sumum löndum þar sem engin slík tengsl eru. Menning þjóða þróast með ýmsu móti. En fram hjá því verður ekki litið að þjóðkirkjuskipulagið hefur verið hluti af norrænni samfélagsgerð.

Losað hefur verið um tengsl ríkis og kirkju. Að því er þjóðkirkju Íslands varðar voru gerðar grundvallarbreytingar á síðasta áratug. Stjórnarráðið sér ekki lengur um innri mál kirkjunnar eins og áður. En nú eru þau tímamót að verða að innan tveggja vikna bendir allt til að í fyrsta skipti í sögu landsins verði flokkar með ríkisstjórnarmeirihluta á Alþingi sem hafa afnám þjóðkirkjuskipulagsins á stefnuskrá.

Samfylkingin er eini flokkurinn sem lagt hefur fram þingmál um afnám þjóðkirkjunnar. Samband ungra sjálfstæðismanna lagði til við síðustu stjórnarskrárnefnd að stjórnskipunarverndin yrði afnumin með skírskotun til almennra frjálshyggjuviðhorfa. Nýlega samþykkti svo Vinstri hreyfingin – grænt framboð kosningadagskrá þar sem niðurlagning þjóðkirkjuskipulagsins er eitt af markmiðunum.

Þjóðkirkjuákvæðið í stjórnarskránni er að því leyti lausara í reipunum en önnur að því má víkja til hliðar með almennri löggjöf sem borin er undir þjóðaratkvæði. Hvorugur ríkisstjórnarflokkanna hefur gefið til kynna hversu hratt hann hyggst ganga fram með breytingar.

Óljóst er hvaða fjárhagsleg áhrif afnám stjórnarskrárverndarinnar hefur. Laun presta eiga til að mynda ekki beinar rætur að rekja til hennar. Þau eru reist á jarðaafsali kirkjunnar til ríkisins. Líklegra er að lögbundin innheimta sóknargjalda fyrir söfnuði þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög eigi rætur í stjórnarskránni.

Þjóðkirkjuskipulagið er ekki sjálfgefið fyrirbæri. Þvert á móti þarf það sérstakan rökstuðning á hverjum tíma. Á sumum hinna Norðurlandanna hefur það verið nokkuð rætt. Hér þarf þó að hafa meira en trúarskoðanir einar í huga. Þjóðkirkjan er hluti af þeirri umgjörð menningar og lífsgilda sem þjóðin þarf nú fremur að hlúa að en rífa upp. Að þessu virtu er nú á páskum gild ástæða að letja menn til að sundurslíta þann þokkalega frið sem um þessa skipan mála hefur ríkt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AUGLÝSING

vegna kosninga um sameiningu Akureyrarkaupstaðar og Grímseyjarhrepps laugardaginn 25. apríl 2009

Kjörskrár vegna kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Akureyrarkaupstaðar og Grímseyjarhrepps verður lögð fram eigi síðar en miðvikudaginn 15. apríl n.k. Kjörskrár liggja frammi almenningi til skoðunar á bæjarskrifstofu Akureyrar og skrifstofu hreppsnefndar Grímseyjarhrepps.

Athugasemdum eða kærum skal koma á framfæri við sveitarstjórnir sveitarfélaganna og skv. 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, er heimilt að gera leiðréttingar á kjörskrá fram á kjördag .

Samgönguráðuneytið
11. apríl 2009.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hagsmunirnir

Nú hefur Andri Óttarsson sagt af sér stöðu framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Kemur þetta nokkuð á óvart þar sem hann segist ekki hafa tekið á móti styrkjum frá fyrirtækjum, ekki hafa sóst eftir styrkjum frá fyrirtækjum og yfir höfuð ekki gert nokkurn skapaðan hlut rangan. Engu að síður telur hann brotthvarf sitt nauðsynlegt til að hægt sé að skapa traust og frið um flokksstarfið.

Andri segir ákvörðunina vera þungbæra persónulega, en léttvæg sé hún í samanburði við þá hagsmuni sem eru í húfi. Hagsmuni Sjálfstæðisflokksins. Sem felast í því að Andri fari. Þótt hann hafi ekki gert neitt rangt. Þannig sé traustið endurunnið. Einmitt.



### Horft til heimspekingsins

Eðlilega fór strax af stað umræða, innan flokks sem utan, um mögulegan arftaka Andra. Ýmis nöfn voru nefnd og ljóst að margir mátuðu sig í starfið af mismiklu raunsæi. Innan úr innstu herbúðum flokksins heyrðist hins vegar að eina vonin væri að kanna hvort Páll Skúlason heimspekingur væri ekki laus í djobbið. Um siðferði hans yrði í það minnsta ekki deilt.

### Mismunandi kröfur

Björn Bjarnason alþingismaður skrifar pistil á síðu sinni um styrkjamál Sjálfstæðisflokksins. Eða raunar um færslu Sveins Andra Sveinssonar á Facebook-síðu sinni um frétt Agnesar Bragadóttur um hlut Guðlaugs Þórs Þórðarsonar í málinu. Sveinn Andri segir Agnesi fara með rangt mál og hún falli á inngangsprófi í blaðamennsku með því að bera fréttina ekki undir Guðlaug.



Sveinn Andri sagði Agnesi hafa verið undirmann Björns Bjarnasonar á Mogganum, en Björn bendir á að það hafi hún ekki verið. Hann segir Svein Andra þarna falla á eigin bragði þar sem hann hafi ekki borið færslu sína á Facebook-síðu undir Björn.

Það mætti benda Birni á að aðrar kröfur eru gerðar til blaðamanna en Facebook-síðuhölda.

kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Heilbrigðisþjónusta á tímamótum

UMRÆÐA
Heilbrigðismál



HALLA GUNNARSDÓTTIR

Grunnheilbrigðisþjónustu verður að efla og niðurskurðaraðgerðir í velferðarkerfinu þurfa að byggja á heildarsýn þannig að sparnaður á einum stað leiði ekki til kostnaðar á öðrum stað.

Þetta er meðal þess sem fram kom á opnum vinnudegi með starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar sem heilbrigðisráðherra, í samstarfi við fag- og stéttarfélög, efndi til hinn 7. apríl. Líflegar umræður sköpuðust á fundinum og í fjórum málstofum sem boðið var upp á þar sem var rætt um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu, samráð við ákvarðanatöku, samspil hins andlega og hins líkamlega og þær áskoranir sem heilbrigðisþjónusta stendur frammi fyrir á krepputímum.

Þátttaka í vinnudeginum fór fram úr björtustu vonum og a.m.k. 150 manns mættu á staðinn. Mikil ánægja var með aukið samráð og jafnframt kom fram að heilbrigðisyfirvöld yrðu að standa sig betur í því að kalla „fólkið á gólfinu“ til skrafs og ráðagerða. Eftir þessar góðu viðtökur og ábyrgu umræður er ekki annað hægt en að taka undir það.

### Burt með girðingar

Allir einstaklingar eru á einhverjum tímapunkti ævi sinnar háðir heilbrigðisþjónustunni og umræður á fundinum einkenndust öðru fremur af mikilli virðingu fyrir þessu mikilvæga hlutverki. Meðal þess sem lagt var til var að auka heimahjúkrun og heimaþjónustu; sameina heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið til að tryggja sem besta og skilvirkasta þjónustu; innleiða rafræna sjúkraskrá til að auðvelda alla vinnu og spara fé; endurskoða launakerfi heilbrigðisstarfsfólks; efla samráð við allar ákvarðanir og rífa niður girðingar milli fagstétta.

Hugmyndirnar nýtast allar vel til þeirrar vinnu sem fram undan er í heilbrigðiskerfinu. En betur má ef duga skal. Flestir fundargestir virtust sammála um að meiri tíma þyrfti til að móta framtíðartillögur og heilbrigðisstarfsfólk er fúst til að leggja sín lóð á vogarskálarnar í þeim erfiðu verkefnum sem fram undan eru. Aukið samráð er það sem koma skal – heilbrigðisþjónustunni og Íslendingum öllum til heilla.

*Halla Gunnarsdóttir er aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


sumarferdir.is
TENERIFE
enjoy it all
Tenerife
vikulegt flug í allt sumar
Tenerife er paradís, þekkt fyrir einstakt náttúrufar, veðursæld og hreinleika.
– besta verðið bókast fyrst!
20. maí: UPPSELT
27. maí: ÖRFÁ SÆTI LAUS
Verðdæmi:
Costa Adeje Gran Hotel
frá 89.266 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í viku. Brottför 17. júní. Morgunverður / flugvallaskattar innifaldir.
Parque Santiago Apartments
frá 75.680 kr.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. Brottför 17. júní. Flugvallaskattar innifaldir.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10-19
LOKAÐ PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM
129
98
BÓNUS TÓMATSÓSA 450 ml 98 kr.
OG SÆTT SINNEP 450 ml 129 kr.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
198
BÓNUS FETAOSTUR 250g 198 kr.
498
BÓNUS PYLSUR 10 STK
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.
1798
ALI FERSKAR SKINNLAUSAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
1798 kr./kg.
98
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
185 ml 10% & 18% 98 kr.
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
1679
ALI FERSKUR FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
M/SKINNI MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
1679 kr./kg.
198
BÓNUS MAJONES 550ml 198 kr.
BÆÐI LÉTT OG VENJULEGT.
349
349
VÍNBER GRÆN & RAUÐ 349 kr./kg.
498
BÓNUS ELDHÚS 6 RÚLLUR
BÓNUS WC 18 RÚLLUR 498 kr.
129
BÓNUS BRAUÐ 1 kg 129 kr.
298
DILETTO KAFFI 400g
298 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
BÓNUS PÁSKAEGG
Holda
KALKÚNN
949
FROSINN ÍSLENSKUR
HOLDA KALKÚNN 949 kr./kg.
NR.3 170g 398 kr.
NR.4 315g 698 kr.
NR.5 420g 898 kr.
NR.6 520g 1098 kr.
1078
KS LAMBLÆRI FROSIÐ 1078 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.
2698
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
2698 kr/kg.
Ali
Hamborgarhryggur
1399
ALI NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
1399 kr./kg.
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
KJARNAFÆÐI
FRISSI FRÍSKI
1359
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
Einiberjakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
69
FRISSI FRÍSKI 1 ltr. 69 kr.
Veislufugl
25%
AFSLÁTTUR
MÓA VEISLUFUGL M/FYLLINGU
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1148 KR./KG.
861 kr./kg.
1415
K.F LAMBALÆRI EINIBERJA
MERKT VERÐ 1887 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR
1415 kr./kg.
69
FRISSI FRÍSKI
ÞRJÁR 250ML FERNUR 69 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA



**SIGURÐUR GÍSLI PÁLMASON** vonast til að Draumalandið geti orðið umræðuvaki. En um leið er myndin óður til landsins og ákall. „Ákall um að við stöldrum við og áttum okkur á að við berum ábyrgð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við erum enn þá mjög rík þjóð

„Þessu fylgdi angist og þjáning,“ segir **Sigurður Gísli Pálmason**, framleiðandi heimildarmyndarinnar Draumalandsins, sem frumsýnd var á þriðjudagskvöld. Þungamiðja hennar eru áhrif óheftrar virkjunarstefnu á náttúru landsins, hagkerfið og mannlíf. Í samtali við ***Björn Þór Sigbjörnsson*** ræðir Sigurður Gísli um myndina, kapítalisma og íslenskt samfélag. Hann segir að nú þurfi að renna upp fyrir okkur að smátt sé fallegt og að við þurfum að beisla óttann við að vera ekki nógu góð eins og við erum.

Þegar ég las bókina fann ég fyrir ástríðu sem ég hafði ekki fundið fyrir lengi. Eitthvað kveikti í mér og ég hafði samband við Andra og sagðist langa að gera eitthvað meira úr þessu með honum,“ segir Sigurður Gísli um upphaf samstarfsins við Andra Snæ Magnason, höfund Draumalandsins.

„Það spilaði líka inn í að mér misbýður hvernig keyrt er yfir alla sem tala fyrir náttúrunni. Þeir eru spurðir hvort þeir ætli bara að lifa á fjallagrösum og hvort þeir séu á móti atvinnu. Um leið er ekki tekið neitt mark á þeim. Mér finnst þetta óþægilegt því ég vil geta sett fram mína skoðun og aðrir eiga að geta sett fram sínar skoðanir og svo á fólk að geta rætt saman. Talað sig að niðurstöðu.“

Leikurinn er líka ójafn, að mati Sigurðar Gísla. Einstaklingar berjast fyrir náttúruvernd í frítíma sínum andspænis Landsvirkjun og erlendum stórfyrirtækjum með allt sitt afl og milljarða. „Ég sá þetta því sem tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum. Mynd af þessu tagi gæti orðið til þess að fólk hugsaði með sér að kannski væri þetta ekki alveg eins og það vildi hafa það. Hún gæti orðið umræðuvaki. Í versta falli værum við að skjalfesta söguna.

En myndin er líka óður til landsins og um leið ákall. Ákall um að við stöldrum við og áttum okkur á að við berum ábyrgð. Við verðum að skila landinu af okkur í það minnsta í jafn góðu ástandi og það var í þegar við tókum við því.“

Sigurður Gísli hafði ekki bara áhuga á umfjöllunarefni Draumalandsins, hann langaði líka að taka þátt í sjálfri kvikmyndagerðinni. Hann hefur enda lengi haft áhuga á list, kom meðal annars að leikhúsi í gamla daga og er nú meðeigandi gallerís í Reykjavík. „Ég söðlaði um í lífinu fyrir nokkrum árum og ákvað að nálgast meira hinn skapandi kraft í sjálfum mér,“ segir hann og viðurkennir að eftir á að hyggja hafi hann ekki gert sér nokkra grein fyrir því hvað hann var að takast á hendur. „Þessu fylgdi angist og þjáning. En þetta var afar skemmtilegt og lærdómsríkt. Það var merkilegt að sjá inn í heim alls þess fólks sem vann að myndinni, sjá hvernig það réðist á fjöll sem ég hélt að væru ókleif.“

**Orkan á útsölu**

Stórframkvæmdirnar á Austurlandi; Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði, eru kveikjan að Draumalandinu. Þær kallar Sigurður Gísli stærstu ríkisvæðingu Íslandssögunnar enda verkefnið svo risavaxið að hækka þurfti stýrivexti stórfellt svo kæla mætti aðra hluti hagkerfisins. „Ríkið hélt því aftur af öðrum sviðum til að geta þröngvað sér inn með þessa framkvæmd. Þetta átti stóran þátt í að setja

**Sigurður Gísli**

Sigurður Gísli er fæddur 1954. Að loknu námi í verslunarfræðum í Lundúnum gegndi hann ýmsum störfum í fjölskyldufyrirtækinu Hagkaupum, sem faðir hans stofnaði. Hann var stjórnarformaður fyrirtækisins þegar fjölskyldan seldi það 1998.

Síðan þá hefur Sigurður Gísli einkum fengist við fjárfestingar. Hann er meðal annars í hópi helstu eigenda MP banka og situr í stjórn hans.

Sigurður hefur látið náttúruverndarmál mikið til sín taka og stóð, ásamt öðrum, að baráttunni fyrir verndun Eyjabakka.

Hann hefur komið að framleiðslu nokkurra heimildarmynda, til dæmis Syndum feðranna sem fjallaði um upptökuheimilið í Breiðuvík.

efnahagslífið á hliðina,“ segir hann.

Og ekki nóg með það. „Fyrir hrun ætluðu menn aftur af stað og ráðast í framkvæmdir, tvöfaldar á við Kárahnjúka. Eftir hrun ætla menn enn þá að ráðast í þær framkvæmdir. Sem sagt; það sem kom okkur í kreppuna á að koma okkur úr henni. Þetta er skelfilega undarleg hugsun.“

Sigurður Gísli er þeirrar skoðunar að íslenska orkusalan, eins og hún er stunduð, sé slæmur bisness. Hann telur líka ástæðu til að óttast samþjöppun álfyrirtækja. „Ég held því fram að við séum að tapa á þessum virkjunum. Að við seljum rafmagnið á verði sem skilar engum afrakstri. Það er algjörlega óþolandi að við fáum ekki að vita hvert orkuverðið er en ég tel mig hafa ágætar upplýsingar um að við séum að selja rafmagn til álfyrirtækjanna á alla vega helmingi lægra verði en til dæmis Alcoa þarf að greiða fyrir vatnsorku í Suður-Ameríku.

Það er líka ógnvænlegt að sjá þá þróun að álfyrirtækjunum fækkar og þau stækka. Eftir einhver ár getum við allt í einu staðið frammi fyrir því að öll álverin í landinu eru í eigu eins og sama aðila. Þá verðum við ekki annað en húskarlar og stöndum og sitjum eins og því fyrirtæki þóknast.“

Af þessu öllu leiðir að Sigurður Gísli geldur varhug við fyrirhuguðum virkjana- og álbræðsluáformum.

„Af hverju liggur svona lífið á? Af hverju viljum við tvö eða þrjú ný álver til viðbótar? Af hverju þarf að ryðja í gegn framkvæmdum sem fela í sér átta virkjanir, frá Bitruhálsi og nánast út á Reykjanestanga? Af einhverjum ástæðum er þetta talið ofboðslega knýjandi.“

Í ljósi efnahagslegra staðreynda er Sigurði Gísla fyrirmunað að skilja hugsunarháttinn sem býr að baki. Ruðningsáhrifin séu slík og felist ekki

> Ég held því fram að við séum að tapa á þessum virkjunum. Að við seljum rafmagnið á verði sem skilar engum afrakstri.

bara í vaxtahækkunum sem áður voru nefndar heldur óeðlilegu gengi krónunnar.

„Á meðan erlendum peningum er dælt inn í landið skekkist gengið. Það hefur í för með sér að öll útflutningsstarfsemi drepst. Meðalstór fyrirtæki í útflutningi geta ekki lifað af þegar dollarinn er í 59 krónum eins og hér var svo langtímum skipti. Og að auki, og til að bíta höfuðið af skömminni, verður innflutningur á útsöluverði. Pallbílar, flatskjáir og hvaða nöfnum þetta nefnist allt saman flæðir inn í landið. Svona dæmi gengur ekki upp. Í mínum huga er þetta mjög einfalt, hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður. Það sem þú færð fyrir útflutninginn verður að duga fyrir innflutningum. Um leið fæst eðlilegt gengi á krónuna. Þetta er ekki flókið en það hafa verið fengnir margir sérfræðingar til að gera þetta flókið.“

**Við lútum einræðisherra**

Sigurður Gísli hefur fengist við viðskipti allar götur síðan hann hóf ungur störf hjá fjölskyldufyrirtækinu Hagkaupum. Hann aðhyllist frelsi en segir nauðsynlegt að frelsinu fylgi ábyrgð og aðhald. „Þegar ég var unglingur voru alls konar höft í landinu sem við unga fólkið höfðum ríka löngun til að brjóta niður og fá í staðinn það frelsi sem okkur fannst ríkja annars staðar. Þá var heimurinn einfaldur, annað hvort varstu með Sovétríkjunum eða Bandaríkjunum. Í mínum uppvexti þóttu Sovétríkin vond en Bandaríkin góð. Ég var í góða liðinu og frelsi var lausn á öllu. Það voru fínar hugmyndir þá og eru að ýmsu leyti enn í dag.

Síðan varð mikil framvinda og við þekkjum söguna, kommúnisminn féll og fólk sagði að það væri ónýt hugmynd sem virkaði ekki.

En staðreyndin er sú að kommún-

isminn veitti kapítalismanum aðhald og kapítalistarnir þurftu að vanda sig af því að vinstrimenn gagnrýndu þá. Þetta aðhald hvarf með hruni kommúnismans og hugmyndafræði kapítalismans tók alveg yfir. Hún fékk að geysast fram án gagnrýni.“

Mat hans er að þessi óhefti kapítalismi hafi unnið óafturkræf spjöll á samfélaginu.

„Þegar kommúnisminn féll og sú grýla hvarf og við orðin frjáls og leið vel hafði læðst upp að okkur nýr einræðisherra sem enginn tók eftir en við lútum öll með einhverjum hætti. Þessi nýi einræðisherra er hagvöxturinn. Allt gengur út á að þjóna honum. Vöxtur, viðbót, aukning. Það verður að vera meira í dag en í gær. Þetta þýðir það eitt að neyslan þarf að aukast og það er út af fyrir sig mjög óheilbrigt. Fólk krossar sig ef hagvöxturinn dregst saman.“

Afleiðingar hagvaxtarkröfunnar hafa bitnað harkalega á samfélagsgerðinni, að mati Sigurðar Gísla. Í anda þessarar nýju hugmyndafræði hafi til dæmis fiskimiðin allt í einu verið skilgreind sem sérstök auðlind sem lúta þyrfti nýjum lögmálum.

„Kvótakerfið var búið til og virtist gott fyrirkomulag allt þar til það rann upp fyrir okkur að þetta var ekki eingöngu veiðistjórnunarkerfi heldur afhending kvótans með frjálsu framsali og það sýnist mér vera upphafið að því að samfélagsgrindin byrjaði að rofna. Grundvellinum var kippt undan sjávarþorpunum.

Við það urðu til stórkostleg vandamál og upp kom krafan um eitthvað annað í staðinn. Þá varð til þessi stórlausnamórall. Álver. Vinna fyrir 400 manns og þessi afleiti söngur um afleidd störf. Allar greinar hafa afleidd störf og ef þau væru öll tínd til væru líklega um 600 þúsund störf á Íslandi. En svoleiðis er það ekki þannig að þetta er bara áróður og blekking.“

**Orðin líka skemmd**

Sigurður Gísli telur okkur hafa borið af leið og að við mat á velgengni sé röngum mælistikum beitt. „Það hefur orðið gríðarleg samþjöppun á öllum sviðum og ég er hræddur við samfélag þar sem valdi og peningum er safnað saman á fáa staði. Það hefur líka sýnt sig í hruninu að það er ekki mjög gæfulegt. Samhliða þessu hefur öll gagnrýnin hugsun horfið og enginn þorði að fara gegn því sem var í gangi í samfélaginu. Við það verður skortur á hugmyndum og menn jórtra bara sama gamla draslið.

Með þessu hefur það líka gerst að fyrst og fremst er litið á fólk sem neytendur. Frá frumbernsku. Við viljum að börnunum okkar vegni vel, þau eru í skóla í tuttugu ár, koma þaðan vel menntuð og halda út í lífið og í hverju mælum við hvort þeim vegnar vel? Í því hversu öflugir neytendur þau eru. Við mælum það af húsinu, bílnum og hversu oft þau komast til útlanda. Þetta er ekki hollt.

Um leið hefur gagnrýnin hugsun horfið. Eða hefur okkur kannski aldrei verið innrætt gagnrýnin hugsun? Var ekki pláss fyrir hana?“

Í misskildu lífsgæðakapphlaupi okkar innbyrðis og við umheiminn var ekkert nógu gott og ekkert fékk að vera í friði. Hvorki vel rekin fyrirtæki né móðurmálið.

„Við getum sagt að hér hafi allt verið í fínu standi um miðjan síðasta áratug. Við áttum hitaveitur, sundlaugar og sjúkrahús og við áttum hringveginn, sem að vísu var með nokkrum einbreiðum brúm en allt í lagi með það. Við virtumst vera í góðum málum. Hitaveita Reykjavíkur var til dæmis mjög fínt fyrirtæki, skuldlaust. Ein flottasta hitaveita í heimi. Nú eru Orkuveitan og Landsvirkjun gjaldþrota. Enginn notar það orð en tæknilega séð eru þau gjaldþrota. Verst stendur Landsvirkjun.

Svo er búið að eyðileggja fyrir okkur tungumálið. Það er búið að skemma orðin. Maður veit ekki lengur hvað þau þýða. Hvað þýðir til dæmis að axla ábyrgð? Veit það einhver?“ spyr Sigurður Gísli. Svari hver fyrir sig.

**Við eigum að taka til varna**

Eins og aðrir sem láta sig hag lands og þjóðar varða hefur Sigurður Gísli þungar áhyggjur af framtíðinni og þá ekki síst þeirri gríðarlegu skuldsetningu ríkissjóðs sem virðist blasa við. Og honum líst hreint ekki á blikuna. „Mér sýnast stjórnmálamenn standa lamaðir frammi fyrir þessum vanda. Alla vega talar enginn um þetta. Það er áætlað að skuldir ríkissjóðs geti orðið allt að 2.300 milljarðar á þessu ári og að vextirnir verði 5-6 prósent. Vaxtagreiðslur eru því minnst 115 milljarðar á ári. Aðalatriðið er að enginn veit hvað skuldirnar eru miklar. Á Alþingi virðist vera samkomulag um að tala um hluti sem, svona holt og bolt, skipta ekki máli. Hvaða tilgangi þjónar að verja mörgum dögum í að tala um að skera niður í heilbrigðiskerfinu um sex milljarða? Það eru varla mánaðarvextir. Ég vil að menn hætti að tala um svona hluti og einbeiti sér að stóru málunum. Að sama skapi finnst mér ekki skipta máli hvort Agnes Bragadóttir hefur gerst sek um brot á bankaleynd. Það er hreinlega óáhugavert. Á þessu augnabliki skiptir það eitt máli að skrifa ekki undir samkomulag um skuldir sem steypa okkur í áratuga basl og fátækt.“

*Hvað er annað í stöðunni en að gangast við öllum þessum mistökum og semja um lán og greiðslur?*

„Við eigum að taka til varna. Reyndar hefðum við átt að gera það strax í upphafi en fyrst það var ekki gert verðum við að gera það núna. Ef það er rétt sem ég hef lesið að verið sé að láta okkur borga meira heldur en Þjóðverjar borguðu í stríðsskaðabætur þá sér hver maður að það er ekki hægt. Ég vil að við förum til Bretanna og segjum að hjá okkur hafi orðið atburðir sem séu óverjandi. Viðurkennum sök og segjumst vilja semja um að borga einhverja tiltekna upphæð, sjötíu milljarða kannski, og borgum hana. Biðjum þá svo um að veita okkur lið við rannsóknina. Við erum skólabókardæmi um bólu og hrun og við skulum verða skólabókardæmi um hvernig á að taka til eftir hrun. Við vorum jú langflottust í uppsveiflunni og getum líka orðið langflottust í hreingerningunni. Þannig að eftir verði tekið í heiminum.“

Hann óttast að við höfum ekki enn bitið úr nálinni með afleiðingar hrunsins. Menn kunni að reyna að seilast í auðlindirnar.

„Það er sagt að þriðjungur af öllum auðæfum í heiminum hafi tapast í þessari kreppu. Ég spyr; hefur eitthvað breyst? Það hefur ekkert breyst, þetta var bara hugmynd um peninga. Við vorum mjög rík þjóð og erum það enn. Orkan er enn í jörðinni og fiskurinn í sjónum. Þetta hefur ekki verið tekið af okkur ennþá en hins vegar eru aðilar að setja sig í stellingar og ég óttast slíkt.“

*Hvað áttu við?*

„Ja, hvenær kemur að því að hingað komi menn og segi að þetta ástand á Landsvirkjun gangi ekki lengur, að við þurfum að fara að borga skuldirnar? Þeir sjá fram á

FRAMHALD Á SÍÐU 18

**Reynt að skilja hvernig æði grípa þjóðir**

Draumalandið er heimildarkvikmynd í fullri lengd, byggð á samnefndri bók Andra Snæs Magnasonar. Í kynningu á draumalandid.is er myndin sögð lýsa saklausri þjóð sem dregur að sér öfl og fyrirtæki með vafasamt orðspor og hörmulega slóð eyðileggingar að baki. Orkuverðið er stærsta beitan og strax eftir umfangsmestu framkvæmd Íslandssögunnar er markið sett enn hærra: Tvö ný álver og samtals virkjanir sem jafngilda tvöföldun á stærstu framkvæmd sögunnar.

Draumalandið reynir að skilja hvernig æði grípa þjóðir, hvernig byltingar verða í augum almennings að eðlilegri og jafnvel óhjákvæmilegri þróun. Draumalandið er fyndin mynd og spennandi og hún er á vissan hátt hryllileg. Leikstjórar eru Andri Snær og Þorfinnur Guðnason.



FRAMHALD AF SÍÐU 17

að fá ekki greitt og vilja eitthvað áþreifanlegt í staðinn. Þá gæti orðið sú atburðarás að hingað komi alþjóðlegt fyrirtæki sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri tilbúinn að lána gegn því að það legði nýtt eigið fé inn í Landsvirkjun.

Ég held, með öðrum orðum, að það sé raunveruleg hætta á að Landsvirkjun verði tekin af okkur. Og þar með auðlindin.“

### Lítil von í stjórnmálunum

Í þessu umróti öllu hefur Sigurður Gísli orðið fyrir vonbrigðum með pólitíkina og telur lag að stokka upp stjórnskipunarfyrirkomulagið. Honum misbauð til að mynda að ekki skyldu fara fram umræður á Alþingi um samninginn við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn áður en hann var samþykktur. Slíkar umræður fóru fram í Úkraínu, en ekki hér. „Eigum við ekki að heita þroskað lýðræðisríki?

Ég hef orðið ákaflega takmarkaða trú á stjórnmálaflokkum og sé ekki framtíðarsýn í nokkrum flokki sem færir mér trú eða von. Ekki síst þess vegna held ég að það sé mikilvægt að hugmyndir um stjórnlagaþing nái fram að ganga enda hefur sýnt sig að stjórnmálamennirnir ráða ekki við að breyta stjórnarskránni.

Það er lífsnauðsynlegt fyrir framhaldið að hreinn aðskilnaður verði á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og að Alþingi verði þannig endurreist. Það gengur ekki lengur að Alþingi sé bara afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Ráðherrar eiga að fá sömu laun og þingmenn, þingið á að skipa dómara, það á að vera tiltölulega auðvelt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og svo væri æskilegt að landið yrði gert að einu kjördæmi. Eða í það minnsta að vægi atkvæða yrði jafnað. Einn maður, eitt atkvæði. Bara sjálft hugtakið „þingmaður kjördæmisins“ er hræðilegt,“ segir hann og telur að fleiri stoðir samfélagsins þurfi að hysja upp um sig buxurnar.

„Í okkar litla samfélagi hefur ríkt ákveðin tegund þöggunar og því þarf að breyta. Það er til dæmis eftirtektarvert hve lítið hefur heyrst í háskólasamfélaginu, sem í raun réttri ætti að vera afl í umræðunni. Þaðan ætti að koma gagnrýnin hugsun.

Sama er að segja um fjölmiðlana. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að fjölmiðlar gegndu ekki hlutverki sínu, þeir voru ekki þetta svokallaða fjórða vald. Þar spilar reyndar inn í að öflugir blaðamenn voru tíndir inn í bankana og önnur fyrirtæki sem í krafti peninganna soguðu til sín fjölda fólks með mikla reynslu en eftir sat það fólk sem minni hafði reynsluna.“

### Hugsjónirnar hurfu

Eftir að hafa stundað ýmiss konar viðskipti í rúm þrjátíu ár, fylgst grannt með gangi mála og horft upp á velgengni og ófarir hefur Sigurður Gísli komist að þeirri niðurstöðu að samþjöppun auðs sé óráð. Það sjáist ekki bara í raunveruleikanum heldur blasi við í lífsspeki ævintýranna. „Alls staðar þar sem er kista eða poki með gulli í ævintýrunum, þar er óhamingja. Og þar verður vesen. Út frá því má leggjast í heimspekilegar pælingar um hvort þetta konsept sem við höfum lagt til grundvallar í lífinu, peningar og neysla, sé ekki bara misskilningur. Og við höfum líka dæmin úr veruleikanum. Ég held að það geti orkað tvímælis að safna miklum peningum til einhverrar framtíðar, sérstaklega í sjóðum og fyrirtækjum, því það bregst ekki að það er reynt að stela þeim. Ég segi stela innan gæsalappa. Við höfum nú horft upp á það gerast í lífeyrissjóðunum. Frá þeim er búið að stela fullt af peningum.“



**KÁRAHNJÚKAR** Þessi risavaxna virkjanagerð leiddi til þess að Draumalandið varð til. Myndin er frá sumrinu 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann telur einnig að óheillaþróun hafi orðið hvað varðar tengsl fyrirtækja við samfélagið og að hugsjónir hafi vikið fyrir óheftri arðsemiskröfunni. Við hverfum ein 150 ár aftur í tímann.

„Þá söfnuðust bændurnir saman í Þingeyjarsýslu utan um samvinnuhugsjónina. Það var frábært framfaramál, mikið þjóðþrifamál. Það óx og dafnaði en einhvers staðar á leiðinni glataðist hugsjónin og Sambandið varð að vél sem var til fyrir sjálfa sig. Auðvitað endaði það með því að reksturinn fór allur á hausinn.“

Ekki taki betra við hjá hlutafélögum.

„Ég hef alltaf haft fyrirvara á því þegar sagt er að hlutafélög hafi samfélagslega ábyrgð. Hlutafélag getur ekki og á ekki að gera neitt annað en að hámarka afkomu hluthafans. Allt annað gildir um félag sem þú átt einn.

Gott og vel, það kann vel að vera heppilegt fyrir framlínu fyrirtækis að verja peningum í eitthvað sem talið er vera samfélagsleg ábyrgð, styðja líknarstarf eða þvíumlíkt. En drifkrafturinn er hagsmunir fyrirtækisins. Þegar fyrirbærið hlutafélag varð til í Bandaríkjunum á sínum tíma var mönnum þetta ljóst enda máttu bara einstaklingar eiga hlutabréf. Með því var manneskjuleg nánd við bæði starfsemina og samfélagið. En þegar félög fóru að geta átt hlutabréf og svo félög sem áttu félög sem áttu félög, þá rofnuðu tengslin og samfélagið hætti að skipta máli.“

Hann bendir þó á að síðasta orðið sé alltaf fólksins. Neytandans.

„Með því að taka ábyrgð og hafa fyrir því að láta sig varða hvort vörurnar sem verða fyrir valinu raska, til dæmis, jafnvægi náttúrunnar eða eru framleiddar við barnaþrælkun, leggur fólk sín lóð á vogarskálarnar. Með því að sniðganga slíkar vörur er beinlínis hægt að leysa börn úr ánauð eða leggja náttúrunni lið.“

### Smátt er fallegt

Sigurður Gísli stendur, eins og samfélagið allt, á tímamótum. Í fyrsta sinn á lífsleiðinni finnur hann fyrir hugmyndafræðilegu tómi. En um leið treystir hann því að eitthvað gott muni gerast. Að við munum hallast í átt að betri siðum.

„Á sínum tíma vorum við góðu gæjarnir sem börðust gegn kommúnismanum, og unnum. Nú finnst mér eins og kapítalisminn sé eins og risi úr leir sem riðar til falls. Um leið er ég þeirrar skoðunar að við höfum alls ekki séð fyrir endann á því sem er að gerast í umheiminum. Niðurstaða mín er því sú að það skiptir kannski ekki öllu máli hvaða kerfi við notum. Það sem skiptir máli er að heilbrigð siðfræði búi að baki. Á því er mikill skortur, bæði hér á Íslandi og annars staðar. Og ef til vill liggja tækifærin til framtíðar í þeirri hugsun. Kannski er það alltaf gildismatið sem vísar veginn til góðs og ills. Verkefni okkar er að viðhalda heilbrigðum gildum og ala okkur sjálf og börnin okkar upp. Einu sinni var það kallað guðsótti og góðir siðir. Kannski gildir það enn. Þjóðin má vera stolt af því að eiga Ísland og vera Íslendingar með okkar menningu, sögu og náttúru.

Þetta sést til dæmis á því að við höfum ekki lag á að sníða okkur stakk eftir vexti. En nú treysti ég því að upp sé að renna sá tími að menn sjái að smátt er fallegt. Að við áttum okkur á því að það er betra að fá tíu 30 manna fyrirtæki heldur en eitt 300 manna fyrirtæki. Að við eigum að gjalda varhug við öllu sem heitir milljarður.“

Þegar Sigurður Gísli talar um að við eigum að sjá að smátt er fallegt á hann ekki við að við eigum að hugsa smátt. Síður en svo. Við eigum að hugsa stórt. Það þarf líka að hugsa stórt til að sjá að smátt er fallegt.

„Nú ríður á að skapa rými fyrir umbreytingu, við þurfum að skilgreina tilgang okkar. Hvernig ætlar Ísland að birtast í heiminum – samfélagi þjóðanna? Hvaða áhrif viljum við hafa? Mín skoðun er sú að við eigum að ákveða að vera fordæmi fyrir veröldina; taka ábyrgð á því hvar við erum stödd með því að vera sjálfbær. Skapa frið og jafnvægi í okkar tilvist. Við þurfum að beisla óttann við að vera ekki nógu góð eins og við erum. Ég kalla eftir leiðtogum sem geta haldið uppi viðhorfi velsældar, því Ísland er gríðarlega gjöfult land. Líkt og Ólafur Stefánsson gerði í landsliðinu af slíkri sannfæringu að hinir leikmennirnir gerðust áskrifendur að viðhorfi hans og urðu sigurvegarar. Græðgin sem var svo áberandi hér hin síðustu ár á rætur í skorti á tilgangi í lífinu. Það er tilfinningalegt tóm innra með fólki sem það reynir að fylla með efnislegum hlutum. En eftir því sem maður treður meira í sig stækkar tómið. Þegar maður hefur skilgreint tilgang sinn í lífinu eða tilgangsleysi eftir atvikum og tekið ábyrgð á því, breytist allt.“

## „Við skulum hafa í huga að stór uppsveifla getur kallað á stóra niðursveiflu ef grunnurinn er ekki traustur“

Í ræðu á Viðskiptaþingi árið 2000 varaði Sigurður Gísli við þeirri þróun sem þá þegar hafði orðið á fjármálamarkaði og lýsti áhyggjum af framtíðinni. Opinn og frjáls hlutabréfamarkaður hafði þá vart slitið barnsskónum en engu að síður tíðkuðust á honum nýstárleg vinnubrögð.

„Nú er í tísku að „gíra sig í botn“ sem þýðir eins og allir hér vita að skulda sem mest. Ég var alinn upp við allt annað viðhorf. Í mínu ungdæmi þótti góð búmennska að hafa borð fyrir báru. Ég sef ekki rólegur á nóttunni, ef skuldir hlaðast upp án þess að tekjur og eignir aukist hraðar á móti.“

Hann sagði ungu kynslóðina sem þá hafði haslað sér völl hugsa öðruvísi en eldri kynslóðir. Hún þekkti ekki mótlæti. Það væri í lagi að skulda mikið, ekkert gæti farið úrskeiðis. „Markaðurinn mun hins vegar fara niður. Ég veit ekki hvenær, en þá verður gott að hafa borð fyrir báru.“

Sigurður Gísli furðaði sig á nýmóðins viðskiptaháttum á markaðnum sem fólust í að safna bréfum í einu fyrirtæki, tjakka upp verðið og selja svo, taka það næsta og endurtaka leikinn. Slíkt skapi ekki raunveruleg verðmæti. „Jafnvel virt félög á hlutabréfamarkaðnum beygja sig fyrir nýju leikreglunum og taka þátt í því að reyna að festa hærra verðmat á hlutabréfum í sessi.“

Um leið og hann lýsti aðdáun á unga og vel menntaða fólkinu, sem sennilega væri fyrsta ókomplexaða kynlóðin í Íslandssögunni, kvaðst hann ekki gagntekinn af bjartsýni þess. „Allt þetta verður til þess að ég fer að spyrja sjálfan mig þeirrar spurningar hvort ég sé að verða of gamall og farinn að þvælast fyrir. Er hinn skjótfengni auður ef til vill tryggari en traustasta bjarg? Á að strika orð eins og fyrirhyggju og ráðdeild út úr orðabókinni? Sjálfsagt gildir meðalhófið í þessu eins og öðru. Meðfædd og innrætt íhaldssemi eins og mín má ekki berja kjarkinn úr unga fólkinu en hún getur líka komið sér vel þegar verr gengur.“

Og að þessu sögðu kom Sigurður að kjarna málsins. „Það er kaldhæðnislegt en því fyrr sem markaðurinn verður fyrir áfalli því betra. Sannleikurinn er oft þverstæðukenndur en við skulum hafa í huga að stór uppsveifla getur kallað á stóra niðursveiflu ef grunnurinn er ekki traustur.“

Sigurður Gísli vék líka að eftirliti sem hann taldi ábótavant. Öflugt eftirlit væri nauðsynlegt annars gæti markaðurinn beðið óbætanlegt tjón. Fjármálaeftirlit, Samkeppnisstofnun og heilbrigðiseftirlit hefðu ekki náð að halda í við markaðinn. Þeir sem störfuðu á markaðnum ættu skilyrðislaust og strax að taka frumkvæðið og setja sér strangar leikreglur og fara eftir þeim, að öðrum kosti myndu þeir þurfa að hlíta valdboði ríkisins. Þetta ætti við atvinnulífið í heild, hvort sem það væru kjúklingar eða peningar.

„Við sem störfum í atvinnulífinu berum nefnilega sjálf að stóru leyti ábyrgð á því hvernig starfshættir fyrirtækjanna eru, hvort heiðarleiki sé látinn borga sig, hvort treysta megi orðum manna, hvort reynt sé að halda almennar siðareglur og hvort við höfum bein til þess að rísa undir velgengninni. Ef við stöndum ekki undir þessari ábyrgð verður Ísland aldrei lengi meðal hinna bestu.“





FLUGFELAG.IS
VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR
INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt. Hringdu í 570 3030 og bókaðu skyndikynni með makanum þínum.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.150 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 44957 02/09
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

# Spurning um líf eða dauða

Næsta miðvikudag verða liðnir tveir áratugir frá harmleiknum á Hillsborough, mannskæðasta íþróttaslysi í sögu Bretlands, er 96 aðdáendur knattspyrnuliðsins Liverpool létu lífið. *Kjartan Guðmundsson* fer yfir skelfilega atburði dagsins og eftirmál slyssins.



**VOTTUÐ VIRÐING** Anfield Road, heimavöllur Liverpool, varð eitt haf blóma dagana eftir harmleikinn. Fólk dreif að til að votta hinum látnu virðingu sína. NORDICPHOTOS/AFP

Skotinn Bill Shankly, þjálfari Liverpool á árunum 1959 til 1974, sagði eitt sinn að knattspyrna væri ekki spurning um líf eða dauða; Hún væri mun mikilvægari en svo. Þessi heimspeki þjálfarans afsannaðist í eitt skipti fyrir öll, í það minnsta í hugum flestra Liverpool-aðdáenda, hinn 15. apríl árið 1989 þegar 96 aðdáendur liðsins krömdust til bana í mannskæðasta íþróttaslysi í sögu Bretlands.

Það er ekki ofsögum sagt að þessi harmleikur hafi haft víðtæk áhrif. Til að mynda var reglum um aðbúnað og gæslu á knattspyrnuvöllum umbylt í kjölfarið. Einnig hafa farið fram réttarhöld með óreglulegu millibili allt fram á þennan dag, þar sem þess hefur verið freistað að komast endanlega til botns í því hvað það var sem fór úrskeiðis og gera hina ýmsu aðila ábyrga gjörða sinna, nánast án nokkurs sýnilegs árangurs. Eftir stendur þó sú staðreynd að 96 knattspyrnuaðdáendur létu lífið, staðreynd sem fjölskyldur þeirra hafa þurft að horfast í augu við í tvo áratugi.

### Hlýr vordagur í Sheffield

Liverpool og Nottingham Forest mættust í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar á Hillsborough, heimavelli Sheffield Wednesday, á þessum hlýja vordegi í apríl 1989. Eins og tíðkast þegar leikið er á hlutlausum völlum hafði áhorfendapöllunum verið skipt í tvo hluta til að skilja að aðdáendur liðanna tveggja, enda grasseraði ofbeldishegðun fótboltabullanna sem aldrei fyrr á þessum árum. Meðal fyrirbyggjandi aðgerða voru stálgirðingar sem komið hafði verið fyrir neðst í stúkum á mörgum völlum, ætlaðar til þess að hamla því að áhorfendur ættu greiða leið út á völlinn. Girðingin neðst í Leppings Lane-stúkunni, þar sem Liverpool-aðdáendum var úthlutað stæðum, reyndist mörgum þeirra banvæn.

Stjórn Liverpool hafði lagt fram kvörtun til enska knattspyrnusambandsins þegar í ljós kom að leikurinn færi fram á Hillsborough-vellinum. Ástæða þess var að stuðningsmenn liðsins höfðu kvartað undan þrengslum og troðningi í Leppings Lane-stúkunni árið áður, auk þess sem sú tilhögun sambandsins að úthluta stuðningsmönnum Nottingham Forest 6.000 fleiri aðgangsmiðum þótti undarleg í ljósi þess að stuðningsmenn Liverpool voru töluvert fleiri. Þessum kvörtunum var ekki sinnt af hálfu sambandsins.

Vegaframkvæmdir í nágrenni Sheffield gerðu það meðal annars að verkum að margar rútur og einkabílar með stuðningsmönnum Liverpool komu venju fremur seint á völlinn þennan dag, og skapaðist því mikil mannmergð og troðningur við inngang-inn að Liverpool-hluta stúkunnar. Fimmtán mínútum fyrir leik höfðu 5.000 manns safnast saman fyrir utan völlinn, og tóku þeir sem sáu um lögreglumál á svæðinu því þá ákvörðun að opna stór hlið, sem ætluð voru til útgöngu, upp á gátt og hleypa mergðinni inn á völlinn. Lögreglumennirnir skýrðu þessa ákvörðun síðar með því að hætta hefði verið á meiðslum fólks vegna troðningsins fyrir utan hliðið. Það sem við tók var þó verra en nokkur hefði getað ímyndað sér.

> Bruce Grobbelaar, markvörður Liverpool, sem stóð í marki sínu nokkra metra frá þessum hræðilega atburði, lýsti því síðar hvernig stuðningsmenn Liverpool öskruðu til hans í upphafi leiks: „Bruce, þeir eru að drepa okkur!“

### Afdrifaríkar ákvarðanir

Hinir 5.000 áhorfendur sem hleypt var inn þustu flestir að inngöngunum tveimur að miðju Leppings Lane-stúkunnar, þar sem fyrir var nokkur fjöldi fólks. Engir lögreglu- og gæslumenn voru við þessa innganga til að beina fjöldanum að öðrum inngöngum til hliðanna, sem voru nánast tómir, og hefur ástæðan fyrir því aldrei verið útskýrð fyllilega.

Úr varð að þegar þessir 5.000 áhorfendur hópuðust inn í stúkuna myndaðist gríðarlegur þrýstingur á þá sem fyrir voru. Þeir sem voru uppi við hliðin fremst í stúkunni urðu verst úti, og leið fljótlega yfir marga vegna súrefnisskorts. Aðrir tróðust undir í skelfingunni sem greip um sig meðal stuðningsmannanna þegar aðsteðjandi lífshættan varð fólkinu ljós.

Nokkrir björguðust með því að hífa sig upp í efri hluta stúkunnar með aðstoð áhorfenda þar, og aðrir megnuðu að klifra yfir hliðið sem aðskildi mið- og hliðarhluta stúkunnar. Bruce Grobbelaar, markvörður Liverpool, sem stóð í marki sínu nokkra metra frá þessum hræðilega atburði, lýsti því síðar hvernig stuðningsmenn Liverpool öskruðu til hans í upphafi leiks: „Bruce, þeir eru að drepa okkur!“ Stálgirðingin neðst í stúkunni brast að lokum undan þunganum, og þá varð megninu af lögreglumönnum og vallarstarfsmönnum loks ljós alvarleiki málsins.

Leikurinn var flautaður af eftir sex mínútur og leikmönnum liðanna vísað til búningsherbergja svo sjúkraliðar gætu athafnað sig og lífgunartilraunir hafist. Á þessum tímapunkti var þó enn nokkur hluti lögregluliðs í viðbragðsstöðu vegna þess sem þeir töldu vera innrás fótboltabullna á völlinn. Einnig var sjúkrabílum sem dreif að vellinum meinuð aðganga að vallarsvæðinu, sem er önnur þeirra óskiljanlegu ákvarðana þessa dags sem aldrei hefur fengist fullnægjandi skýring á.

Auglýsingaskilti voru brotin niður og nýtt sem börur fyrir þá sem nauðsynlega þurftu að koma undir læknishendur. Áhorfendur og öryggisverðir hjálpuðust að við að bjarga þeim sem bjargað varð. En nokkrum klukkustundum síðar varð ljóst að 94 stuðningsmenn Liverpool höfðu látið lífið.

Íþróttahús í nágrenni leikvangsins voru gerð að tímabundnum líkhúsum. Fjórum dögum síðar lést hinn fjórtán ára gamli Lee Nicol af sárum sínum á sjúkrahúsi. Síðasta fórnarlamb harmleiksins, hinn 22 ára gamli Tony Bland, lést í mars 1993 eftir nærri fjögur ár í dái.



**SKELFING** Hinn gríðarlegi þrýstingur sem myndaðist þegar þúsundir áhorfenda reyndu að komast inn í Leppings Lane-stúkuna í einu reyndist mörgum aðdáendum Liverpool banvænn.



**HARMLEIKUR** Ringulreiðin á Hillsborough varð alger þegar ljóst varð hvað hafði átt sér stað. NORDICPHOTOS/AFP



**SLYSSTAÐURINN SÝNDUR** Margaret Thatcher, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, heimsótti Hillsborough daginn eftir slysið. Hún skipaði síðar Taylor-nefndina í þeim tilgangi að komast til botns í því sem átti sér stað. NORDICPHOTOS/AFP

Yngsta fórnarlambið var hinn tíu ára gamli Jon-Paul Gilhooley, náfrændi Stevens Gerrard sem gegnir fyrirliðastöðu Liverpool í dag. Sá elsti sem lét lífið var hinn 62 ára John Alfred Anderson.

## Sorg á bökkum Mersey

Þegar afdrif slyssins urðu ljós tók við þjóðarsorg í Englandi. Daglegt líf stöðvaðist að miklu leyti í Liverpool-borg og þúsundir heimsóttu Anfield Road, heimavöll Liverpool, sem var opnaður almenningi til að leita sér sáluhjálpar og votta hinum látnu virðingu sína. Kenny Dalglish, þjálfari Liverpool, og leikmenn liðsins tóku virkan þátt í atburðarásinni dagana eftir harmleikinn með heimsóknum til hinna slösuðu og aðstandenda hinna látnu.

Frægt varð þegar hinn tvítugi Sean Luckett, sem hafði verið meðvitundarlaus í öndunarvél á sjúkrahúsi í tvo sólarhringa eftir slysið, komst til meðvitundar þegar Dalglish stóð við sjúkrarúm piltsins og sagði nafn hans.

Nokkur minnismerki hafa verið reist til minningar um þá sem létust á Hillsborough, þar á meðal á Anfield og á Middlewood Road, nálægt Hillsborough-leikvanginum. Það minnismerki fékkst þó ekki sett upp fyrr en eftir miklar deilur og þrýsting frá samtökum fjölskyldna hinna látnu.

## Málaferli litlu skilað

Samtökin, sem bera nafnið The Hillsborough Family Support Group, hafa barist æ síðan ásamt The Hillsborough Justice Campaign og fleiri samtökum fyrir réttlæti til handa hinna látnu undir kjörorðinu „Justice for the 96“. Meginuppistaðan í baráttu þeirra hefur alla tíð verið sú krafa að viðeigandi aðilar í aðdraganda slyssins skuli látnir sæta ábyrgð á því sem nefnt hefur verið glæpsamlegt gáleysi varðandi helstu öryggisatriði á vellinum.

Sem dæmi um málaferli sem farið hafa fram í tengslum við atburðinn má nefna að David Duckenfield, aðstoðaryfirlögregluþjónninn sem tók þá ákvörðun að opna hliðin fyrir fjöldanum fyrir utan völlinn, var ákærður fyrir manndráp í tveimur ákæruliðum. Duckenfield viðurkenndi við réttarhöldin að hafa, örfáum mínútum eftir að harmleikurinn átti sér stað, logið því að háttsettum yfirmönnum enska knattspyrnusambandsins að Liverpool-aðdáendurnir hefðu sjálfir brotið hliðin niður. Fleiri löggæslumenn voru einnig ákærðir fyrir að hafa hagrætt sönnunargögnum, en allir hafa þeir verið sýknaðir á endanum.

Taylor-nefndin svokallaða, sem sett var á fót af stjórnvöldum til að komast að rótum þess sem olli slysinu, komst að þeirri niðurstöðu að mörgu hefði verið ábótavant í öryggisgæslunni á vellinum. Til að mynda hefði átt að fresta upphafi leiksins í stað þess að hleypa svo mörgum inn á leikvanginn á sama tíma. Nefndin fann einnig að hönnun ýmissa öryggistækja inni á vellinum. Lokaniðurstaðan var þó í raun sú að lögregla á staðnum hefði brugðist hlutverki sínu.

Hingað til hefur því enginn verið látinn sæta raunverulegri ábyrgð á þeim mörgu og afdrifaríku mistökum sem gerð voru, og hafa ofannefnd samtök heitið því að linna ekki látum fyrr en bót verður á.

## Gjörbreytt íþrótt

Taylor-nefndin skipaði einnig fyrir um viðamiklar umbætur á knattspyrnuleikvöngum í Englandi. Strax daginn eftir harmleikinn var hafist handa við að rífa niður stálgirðingarnar alræmdu á nokkrum stórum leikvöngum, til að mynda á Baseball Ground, þáverandi heimavelli Derby County, og White Hart Lane, heimavelli Tottenham.

Einnig voru félögin skylduð til selja eingöngu aðgöngumiða í sæti, lög sett sem áttu að hamla svartamarkaðsbraski með miða og ýmislegt fleira. Það má því með sanni segja að atburðir 15. apríl 1989 hafi breytt knattspyrnunni á varanlegan hátt. Því miður komu þær breytingar ekki til af góðu.

## „sannleikur“ the sun

Miðvikudaginn eftir slysið á Hillsborough var forsíða götublaðsins The Sun undirlögð fyrirsögninni „Sannleikurinn“. Í umfjöllun sinni um Hillsborough vitnaði blaðið í nafnlausan heimildarmann sem hélt því fram að stuðningsmenn Liverpool á vellinum hefðu rænt peningaveskjum af þeim látnu, ráðist á lögreglumenn og sjúkraliða, migið á þá og fleira í þeim dúr.

Löngu síðar, eða í júlí 2004, birti blaðið afdráttarlausa afsökunarbeiðni vegna greinarinnar, þar sem fram kom að „mestu mistök í sögu blaðsins hefðu verið gerð“. Kelvin MacKenzie, þáverandi ritstjóri blaðsins, baðst afsökunar daginn eftir birtingu greinarinnar og aftur árið 1993, þegar hann sagðist sjá eftir öllu saman. Ástæða birtingarinnar hefði verið sú að nafnlausi heimildarmaðurinn sem vitnað var í hefði verið þingmaður breska Íhaldsflokksins. MacKenzie dró þessa afsökunarbeiðni til baka í nóvember 2006.

Umfjöllun The Sun vakti upp mikla reiði fólks í Liverpool og víðar. Enn þann dag í dag neita margir stuðningsmenn liðsins að lesa blaðið, og sölutölur frá 2004 sýndu að The Sun seldist í einungis 12.000 eintökum á dag í Liverpool og nágrenni, 200.000 færri eintökum en tíðkaðist fyrir umfjöllun blaðsins um Hillsborough.



**SANNLEIKURINN** Aðdáendur Liverpool í Kop-stúkunni kröfðust sannleikans um Hillsborough fyrir bikarleik gegn Arsenal í janúar 2007. NORDICPHOTOS/AFP




# Með Wathne-systrum og Diddú

**Katla Margrét Þorgeirsdóttir** leikkona hefur undanfarna mánuði útbúið sérstakan matseðil vikunnar í sparnaðarskyni. **Heimir Karlsson**, útvarps- og sjónvarpsmaður, keyrir hægar og passar að snúningsmælirinn fari ekki yfir 2000 snúninga. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** hitti Rökstólapar vikunnar og efndi meðal annars með þeim til hæfileikakeppni í þingpontu.



**HEFUR BÁÐUM OFBOÐIÐ Í LITLUM SKÖMMTUM** Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona og Heimir Karlsson, sjónvarps- og útvarpsmaður, segja að þau hafi bæði verið að fá sjokk í litlum skömmtum síðan efnahagshrunið varð í haust. Heimir vill draga þá til ábyrgðar sem buðu ofurlaunasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Hvað vitið þið um hvort annað?*

**Katla:** Ég veit að Heimir er Víkingur og mikill íþróttamaður. Keppti í fótbolta og handbolta í gamla daga. Hann ólst upp á Tunguveginum.

**Heimir:** Hvernig veist þú þetta?!

**Katla:** Ég hef bara sambönd.

**Heimir:** Veistu þetta eða gerðir þú eitthvert tékk áður?

**Katla:** Kannski.

**Heimir:** Ég sem grófst ekkert fyrir.

**Katla:** Nei, nei. Maðurinn minn vissi þetta, því hann er úr sama hverfi og þú. En ég held þið þekkist nú ekki. Þannig að ég veit sem sagt eitthvað um íþróttaafrek Heimis og æskuslóðir.

**Heimir:** Ég get ekki sagt að ég viti um nein íþróttaafrek hjá þér.

**Katla:** Nei, engar áhyggjur. Þau eru engin.

**Heimir:** Og ég veit ekkert um þínar æskuslóðir en ég veit að þú ert stórskemmtileg og góð leikkona. Persónulega finnst mér gaman hvað margar góðar ungar leikkonur hafa komið fram á síðustu árum. Ég bjó svo lengi úti, alveg til ársins 2003, og þegar ég kom heim sá ég þetta því svo glöggt.

### Gulli Helga góð eftirherma

*Byrjum í þingpontu. Þingmenn virðast geta gert ýmislegt annað í ræðustól en að tala. Nú nýverið hóf Árni Johnsen upp raust sína og söng í ræðustól.*

*Ef þið ættuð að fá formenn flokkanna í óvænta hæfileikakeppni í þingsal, hver haldið þið að myndi vinna – og með hvaða leyndu hæfileikum?*

*Hverjir eru eftirminnilegustu „óvenjulegu“ hæfileikar sem þið munið eftir hjá Íslendingi?*

**Heimir:** Ég held að Bjarni Benedikts sé svolítill prakkari. Ég sé hann alveg fyrir mér mæta í jakkafötum sem hann gæti rifið utan af sér og verið þá í Elvis-eftirhermubúningi undir. Eflaust ekki slæm Elvis-eftirherma.

**Katla Margrét:** Ég sæi Jóhönnu Sigurðardóttur eða Sigmund bursta Bjarna í steppdansi.

**Heimir:** Annars hvað varðar óvenjulega hæfileika hjá Íslendingum þá man ég eftir litlum strák, syni vinar míns, sem var tekinn í viðtal hjá Íslandi í dag. Hann var þá ekki nema tveggja til þriggja ára. Hann þekkti í sundur alla bíllykla og það var alveg sama hvaða bíllykill var dreginn fram, hann þekkti hvaða tegund hann tilheyrði. Hann heitir Guðmundur Ólafsson.

**Katla:** Jóhannes Haukur, sem ég vinn með í Söngvaseiði, er með gúmmíandlit. Þið sáuð hvernig hann lék Geir H. Haarde í skaupinu. Hann getur sem sagt breytt andlitinu þannig að enginn skilur hvernig hann fer að því – togar það til án hjálpar. Hann, Jóhann Sigurðarson og Guðjón Davíð Karlsson, Gói, eru líka afbragðs eftirhermur.

**Heimir:** Gulli Helga er líka glettilega góð eftirherma. Hann tekur auðvitað Bubba, en nær líka Ólafi Ragnari vel og fleirum.

### Yrðum hvort á sinni hæðinni

*Í vikunni heyrðum við af því að íslenskir karlar verði manna elstir. Ef þið náið háum aldri og farið á elliheimili – hvaða þrír afþreyingarmöguleikar viljið þið að séu í boði svo ykkur leiðist ekki? Hvað viljið þið hafa í matinn? Og nefnið mér þrjá fræga Íslendinga sem þið væruð til í að hafa í næstu herbergjum við ykkur?*

**Katla:** Ég myndi vilja að boðið yrði upp á hugleiðslu og hópferðir í leikhús og á kaffihús.

**Heimir:** Það er ekki spurning að ég vel golf. Ég myndi líka vilja hafa vísindakvöld einu sinni í viku þar sem farið væri yfir nýjustu tækni og vísindi. Svo yrði að vera einhver keppni, spilakvöld eða eitthvað þess háttar: Ég er svo mikil keppnismanneskja. Það er svo ekki spurning að það yrði fyrst og fremst íslenskur matur á boðstólum. Fiskur tvisvar í viku og saltað hrossakjöt sömuleiðis.

**Katla:** Við Heimir yrðum greinilega ekki á sömu deild. Ég yrði á hæðinni fyrir neðan og þar yrði boðið upp á girnilega grænmetisrétti, ferska ávexti og fisk.

**Heimir:** Ég myndi alveg skreppa niður til þín öðru hvoru og smakka.

**Katla:** Hvað varðar fólkið í næstu herbergjum þá dettur mér nú helst í hug eitthvert þríeyki, eins og Wathne-systur.

**Heimir:** Ég myndi vilja hafa Diddú og hún yrði að þola það að ég myndi syngja með henni svona stundum. Og Egil Ólafsson.

**Katla:** Af hverju?

**Heimir:** Ég ætla að syngja líka með honum.

**Katla:** Hahaha.

**Heimir:** Ég veit ekki hvort þau myndu nenna því. En þau yrðu að gera það.

**Katla:** Á meðan þið syngið er ég að renna fyrir lax með Wathne-systrum.

### Myndum ekki ráða Audda sem öryggisvörð

*Þjófar stela öllu steini léttara um þessar mundir, hvort sem er úr skartgripabúðum um hábjartan dag eða af heimilum. Hver haldið þið að sé besta heimatilbúna þjófavörnin? Ef þið fengjuð að velja ykkur tvo þjóðþekkta Íslendinga til að vakta heimilið ykkar, hverja mynduð þið fá í starfið?*

**Katla:** Góður hundur er góð þjófavörn.

**Heimir:** Jú, það held ég að sé besta lausnin. Ef fólk býr í fjölbýlishúsi gæti það svo fengið sér páfagauk sem væri þjálfaður þannig að um leið og einhver kæmi inn yrði hann brjálaður og hætti ekki að gagga fyrr en hann heyrði lykilorðið.

**Katla:** Þetta er fín hugmynd. Það er einmitt kona á Suðurnesjum sem þjálfar páfagauka.

**Heimir:** Í alvöru?

**Katla:** Já, það var í blaðinu um daginn. Hún tekur fugla og leiðbeinir fólki með uppeldi þeirra. Hún gæti kannski kennt fuglunum þetta.

**Heimir:** En ef maður ætlaði að ráða einhverja til að gæta hússins þá yrðu það auðvitað að vera einhverjir sem gætu hrætt fólk í burtu. Einhver eins og Hjalti Úrsus? Eða Magnús Ver?

**Katla:** Ég hugsa að ég myndi ráða Sveppa og Audda. Þeir eru svo skemmtilegir, þá yrði svo gaman að koma heim.

**Heimir:** Já, en Auddi er kjúklingur. Hann þorir aldrei að henda sér í þessi áhættuatriði í þáttunum þeirra. Hann myndi örugglega flýja af hólmi ef hann mætti þjófi.

> **Katla:** Ég hugsa að ég myndi ráða Sveppa og Audda. Þeir eru svo skemmtilegir, þá yrði svo gaman að koma heim. **Heimir:** Já en Auddi er kjúklingur. Hann þorir aldrei að henda sér í þessi áhættuatriði í þáttunum þeirra.

**Katla:** Þá er kannski spurning að fá frekar einhvern kraftajötun með Sveppa. Sveppi myndi vaða í þá. Ég tek Hjalta Úrsus með.

**Heimir:** Já, taktu hann. Ég fæ Andrés Guðmundsson sem á og rekur Skólahreysti. Og einhverja konu með. Hver er mesta hörkutólið sem við þekkjum? Jónína Ben? Eða Þórhildur Þorleifs? Já Andrés og Þórhildur.

### Afkáralegar skyrtur

*Fermingarveislur eru í hámarki. Hvað er eftirminnilegast frá eigin fermingu? Ef þið ættuð að velja gjöf handa fermingarbörnum landsins – hvað yrði í pakkanum? Og ef þið ættuð að gefa þeim gott ráð í veganesti – hvað yrði það?*

**Heimir:** Skyrtan sem ég var í. Hún var svo hryllilega hallærisleg. Drappgullituð með dökklituðum hestshausum!

**Katla:** Ertu ekki að grínast í mér, ég man eftir þessum skyrtum. En fyndið – hvaða árgerð ertu?

**Heimir:** ´61. En þú?

**Katla:** Ég er ´71. En frændi minn er fæddur 1960. Hann átti svona. Að vísu með hestum. En ég man að pabbi vinkonu minnar átti eina með hausunum. Hún var gul sú með brúnum hestum. Ógeðslegar. Ég var nú litlu skárri; í kjólum sem þá voru í tísku og voru eins og strigapokar – leit helst út eins og gömul bóndakerling. En ef ég ætti að velja fermingargjöf handa börnum landsins þá væri það lopapeysa. Og heilræðið yrði: Ekki setja hana á suðu.

**Heimir:** Sniðugt. En af því að við þurfum að ala upp næstu kynslóð betur en hefur verið gert þá myndi ég fá einhvern til að útbúa auðlærða og auðlesna bók um fjármál. Heilræðið væri alveg klárlega að fjármálin þín eru fjármálin okkar. Þetta skiptir okkur öll máli. Eitthvað í þeim dúr.

### Lopapeysa og fjármálabók.

*Að lokum. Hrunið í haust setti okkur flest út af laginu. Hvenær fenguð þið mesta sjokkið? Hömstruðuð þið eitthvað? Hafið þið breytt einhverju í neysluvenjum síðan í haust?*

**Katla:** Mér finnst maður nánast daglega fá smásjokk við að fylgjast með fréttunum. Þetta er að koma í svona smáskömmtum. Ég hamstraði ekki en ég hef breytt mjög miklu í heimilishaldinu. Við verslum til að mynda bara einu sinni í viku og búum til matseðil fyrir vikuna.

**Heimir:** Já, ég hef reynt það einmitt. Það bara gengur ekki. Ég hef hins vegar alveg klárlega breytt um akstурslag og keyri hægar og fer ekki með snúningsmælinn yfir 2000 snúninga.

**Katla:** Við heimilisfólk reynum að velja eitthvað til skiptis á seðilinn. Allir hafa atkvæðisrétt – eldri strákurinn fær til dæmis að velja hvað á að vera í matinn einn daginn í vikunni. Eitt heimagert pitsukvöld og eitt grjónagrautskvöld. Ég finn alveg að þetta er að virka.

**Heimir:** Þetta er sniðugt. En ég hamstraði ekki neitt. Mesta sjokkið fékk ég þegar við vorum sett á hryðjuverkalistann en síðan eins og Katla segir – manni hefur ofboðið upp á síðkastið með reglulegu millibili. Þessi uppgötvun að menn sem voru að stjórna bönkunum hafi getað hagað sér eins og algjörir hálfvitar með fé. Og við sjáum auðvitað á öllu að til að byrja með hefðu þeir aldrei átt að fá að stjórna bönkunum – byggjandi hér sumarbústaði upp á 840 fermetra og svo framvegis. Þegar það kom svo í ljós hvaða laun þessir menn voru að þiggja á þessum stutta tíma, samanber Lárus Welding og fleiri sem fengu fleiri hundruð milljónir, fannst mér að þessir menn sem gerðu þessa starfssamninga ættu að sæta ábyrgð. Hverjir voru það sem ákváðu að bjóða þessi laun? Það þarf að finna þá.

## ➜ VISSUÐ ÞIÐ AÐ...

...Heimir og Katla Margrét höfðu hist einu sinni áður í þættinum Ísland í bítið. Það var hins vegar bara Katla sem mundi eftir því.

...ef Heimir og Katla Margrét ættu að ráða spyril fyrir næsta vetur í Gettu betur myndi Heimir ráða Helgu Brögu. Katla Margrét myndi vilja fá Halldór Gylfason sem spyril.

...Heimir skilur ekki hvernig Katla Margrét fer að því að muna allan þann texta sem hún þarf að fara með. Hann sjálfur hafi gullfiskaminni. Hún segir þetta bara vera þjálfunaratriði.

...Heimir segir að hann myndi aldrei þora að leika á sviði, hann fengi svo mikinn aulahroll yfir sjálfum sér.

# Ótrúleg sértilboð í sumarfríið!

## Fyrstu brottfarir sumarsins að seljast upp!



Aðeins 300 sæti í boði
- Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Bókaðu núna!

Bókaðu núna á
www.heimsferdir.is



### Costa del Sol

**Frá kr. 74.350**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Aguamarina eða Timor Sol í viku. Sértilboð 9. júní. Brottför 16. júní kr. 3.000 aukalega. Brottför 7. júlí kr. 4.400 aukalega. Aukavika frá kr. 14.900.

**Frá kr. 87.650**
**- með hálfu fæði**
**Hotel Las Palomas** ☼☼☼☼
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi í viku með hálfu fæði. Sértilboð 9. júní. Brottför 16. júní kr. 3.000 aukalega. Brottför 7. júlí kr. 6.300 aukalega.

**Frá kr. 89.450**
**- með hálfu fæði**
**Hotel Puente Real** ☼☼☼☼
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi í viku með hálfu fæði. Sértilboð 9. júní. Brottför 16. júní kr. 3.000 aukalega. Brottför 7. júlí kr. 7.100 aukalega.

Ath. fjöldi annarra sértilboða í boði!



### Salou

**Frá kr. 79.950**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Cye Holiday Center í viku. Sértilboð 12. júní og 3. júlí. Aukavika kr. 20.000.



### Mallorca

**Frá kr. 74.650**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Sorrento í 8 nætur. Sértilboð 26. maí og 10. júní (ath. ferð 10. júní er vikuferð).

Ath. fjöldi annarra sértilboða í boði!



### Benidorm

**Frá kr. 75.950**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Vina del Mar í viku. Sértilboð 17. júní. Sértilboð 1. júlí kr. 4.700 aukalega.



### Bodrum – Tyrkland

**Frá kr. 96.670**
**- með hálfu fæði**
**Hotel Paloma** ☼☼☼
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi í viku með hálfu fæði. Sértilboð 12. eða 19. júní og 3. júlí.

Ath. fjöldi annarra sértilboða í boði!

**Frá kr. 107.570**
**- með allt innifalið**
**Hotel Medisun** ☼☼☼+
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 börn, 2-11 ára, í herbergi í viku með allt innifalið. Sértilboð 12. eða 19. júní. Brottför 3. júlí kr. 14.100 aukalega.

## GLÆSILEGAR BORGARPERLUR Í HAUST!



### Prag

**Frá kr. 59.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ilf í 3 nætur með morgunverði 28. sept. - 1. okt.

24. sept. – 4 nætur
28. sept. – 3 nætur
1. okt. – 4 nætur
5. okt. – 3 nætur
8. okt. – 4 nætur

### Búdapest

**Frá kr. 79.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ibis Váci út í 4 nætur með morgunverði 22.-26. okt.

22. okt. – 4 nætur

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Kynntu þér fjölda einstakra sértilboða á www.heimsferdir.is og tryggðu þér sumarfrí á einstöku sértilboði og borgarferð í haust á frábærum kjörum!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM37602

# Fjölmiðlar breiða út fordóma

**Sigrún Daníelsdóttir** sálfræðingur starfar með börnum og unglingum sem stríða við átröskun. Hún berst líka ötullega gegn fordómum sem fólk verður fyrir vegna líkamsvaxtar og leggur áherslu á þá staðreynd að enginn líkami sé eins. *Anna Margrét Björnsson* ræddi við hana um fituhatur þjóðfélagsins og fegurðarsamkeppnir sem ýta undir fordóma.



SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR SÁLFRÆÐINGUR „Hugmyndin um aukakíló er mjög skrýtin. Það er eins og það sé einhver fyrirfram ákveðinn fjöldi kílóa sem fólk á að bera utan á sér og að allt annað sé eitthvað „auka". Enginn líkami er eins." FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Minn bakgrunnur hvað þessi mál varðar er sá að ég var þéttvaxin sem barn," útskýrir Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur yfir snúð og kaffi latte. „Ég varð fyrir stríðni af þeim völdum sem sáði fræjum af sjálfsóánægju í mér og ég skammaðist mín fyrir líkama minn. Þetta varð grunnurinn að því að ég fékk átröskun nokkrum árum síðar og barðist við hana í mörg ár. Þegar ég hafði náð bata veiktist náinn fjölskyldumeðlimur þannig að ég kynntist því líka að vera aðstandandi." Sigrún var tilnefnd til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins nýverið fyrir átak hennar sem beinist að samfélagsviðhorfum í tengslum við holdafar. „Upphafið að því að ég vildi fara út í þessa samfélagsbaráttu var þegar ég varð ólétt að mínu fyrsta barni. Það fyllti eiginlega mælinn sú tilhugsun að fæða stúlkubarn inn í heim sem dýrkar grannan vöxt og fyrirlítur þann feita, viðhorf sem hafði stuðlað að mínum vandamálum og margra annarra. Þá vissi ég að það þýddi ekki að spila lengur með í þessari menningu sem nú ríkir, ég yrði að gera eitthvað sjálf til þess að snúa þessari þróun við. Ég hellti mér út í rannsóknir á þessu sviði, gekk í alþjóðleg samtök fagfólks sem vann með átraskanir og smátt og smátt fóru hugmyndir að gerjast hjá mér. Til dæmis hafði mig alltaf langað til þess að senda ákveðin skilaboð út í samfélagið til þess að hafa áhrif á þessa þróun en það var ekki fyrr en ég kláraði mastersnámið að ég hafði tíma til þess að einbeita mér að því. Megrunarlausi dagurinn varð fyrir valinu, mér fannst það sniðug hugmynd sem hefur verið tekin upp erlendis til þess að vekja athygli á málefninu. Þessi dagur er haldinn víða um heim hinn 6. maí og með honum reyni ég að koma jákvæðum skilaboðum út í samfélagið."

### Fólk hefur misst eðlilegt samband við mat

Sigrún segir að matur hafi í raun fengið á sig þann skammarblett sem kynlíf hafði á árum áður. „Fyrir nokkrum áratugum skammaðist fólk sín fyrir kynþarfir sínar sem þóttu á einhvern hátt vera syndugar fýsnir. Matur hefur nú tekið þetta hlutverk. Þegar okkur finnst við vera „slæm" eða látum undan okkar dýpstu löngunum þá snýst það frekar um að fá sér kleinuhring heldur en að stunda kynlíf." Hún vill leggja áherslu á að fólk hugsi vel um heilsuna þrátt fyrir að vera með það sem samfélagið kallar „aukakíló". „Hugmyndin um aukakíló er mjög skrýtin. Það er eins og það sé einhver fyrirfram ákveðinn fjöldi kílóa sem fólk á að bera utan á sér og að allt annað sé eitthvað „auka". Enginn líkami er eins. Sumu fólki er eðlislægt að vera feitt en öðru grannt og allt þar á milli. Manneskja getur verið feit á hlutlægan mælikvarða en er samt í sinni eðlilegu þyngd og er því ekki með nein aukakíló. Í sambandi við mat og að láta hluti eftir sér þá er það einfaldlega þannig að þegar maður er að borða eftir sínum náttúrulega leiðarvísi sem matarlystin og magamálið eru – að borða þegar maður er svangur og hætta þegar maður er saddur – þá er maður að fá það sem maður vill og þarfnast. En vandamálið nútildags er að við erum hvött til að hunsa þau skilaboð sem líkaminn sendir okkur. Börn eru ýmist pínd til að klára matinn sinn eða bannað að fá sér meira. Slík ytri stýring stuðlar að því að þau missa innri tengslin við matarlystina. Þegar við erum hætt að hlusta á líkamann erum við mun ginnkeyptari fyrir ytra áreiti auk þess sem við eigum til að rugla matarlöngun við svo margt annað og túlka aðrar langanir sem svengd. Þá fer fólk til dæmis að borða þegar því leiðist, þegar það er einmana, þegar það er þreytt, stressað, pirrað, að horfa á sjónvarpið og svo framvegis." Sigrún bætir við að rannsóknir hafi sýnt að reglulegir matmálstímar séu mikilvægir til þess að fólk haldi eðlilegu sambandi við mat. „Íslendingar vilja oft gera svo lítið úr matmálstímum. Við grípum kannski matinn í skyndi og borðum hann oft ein. Fólk skóflar upp í sig matnum frekar en að gera skemmtilega stund úr borðhaldinu þar sem fjölskylda eða vinir njóta þess að borða saman. Við ættum að gera meira úr matnum og matartímanum."

> Vandamálið nútildags er að við erum hvött til að hunsa þau skilaboð sem líkaminn sendir okkur. Börn eru ýmist pínd til að klára matinn sinn eða bannað að fá sér meira.

### Heilsuæðið er ákveðið skjól fyrir átröskunarsjúklinga

Sigrún vinnur á BUGL þar sem hún aðstoðar börn og unglinga með átraskanir. En hvaða úrræði hefur fólk ef það grunar vini eða fjölskyldumeðlimi um átröskun? „Ef maður tekur eftir afbrigðilegri hegðun hjá vini eða vinkonu hvað varðar mat er best að byrja á því að reyna að nálgast manneskjuna sjálfa og greina henni frá því að maður hafi áhyggjur og hafi tekið eftir þessu. Ef það dugar ekki til er best að leita til námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings eða sálfræðings á stofu en ef vandinn er mikill er rétt að senda tilvísun á BUGL." Yfir níutíu prósent átröskunarsjúklinga eru konur og Sigrún segir að rannsóknir hafi sýnt að bara við það eitt að fletta tískutímariti þar sem myndir séu af grönnum konum hafi áhrif á hvernig konur upplifa líkama sinn. „Viðhorf þeirra til eigin líkama er mun neikvæðara eftir flettingu slíkra rita. Það er líka staðreynd að konur og stúlkur sem skoða mikið af tískutímaritum og horfa á þætti eins og America's Next Top Model eða fegurðarsamkeppnir læra þar ákveðin gildi og viðmið varðandi vöxt og útlit sem hafa slæm áhrif á líkamsmynd þeirra. Í okkar starfi tökum við oft eftir því að konur með átraskanir eru mjög uppteknar af þessum hlutum og það á vissulega þátt í því að veikindin þróuðust. Fjölmiðlar valda miklum skaða og þeir eru að breiða út fordóma með því að stilla upp tveimur tegundum af fólki. Granna manneskjan er uppi á stalli á meðan litið er niður á þá feitari." Heilsuæðið sem hefur tröllriðið öllu undanfarin ár veitir líka fólki með átröskun ákveðið skjól, segir Sigrún. „Fólk hefur ákveðna réttlætingu fyrir að taka út fæðutegundir úr mataræðinu, til dæmis sykur, hveiti, fitu og allt sem ekki er lífrænt vegna þess að það telur sér trú um að það sé að gera þetta fyrir heilsuna. En það er svo oft sem að það leynist líkamsþráhyggja á bak við þessa hegðun. Hvort sem um er að ræða dæmigerða átröskun eða ekki þá getur það, að vera óhóflega upptekinn af heilsufæði, tekið á sig sömu mynd og anorexía.

### Að ala upp fordómalaus börn

Í heimi sem er undirlagður af líkamsfordómum segir Sigrún það slæmt ef við predikum yfir börnunum okkar. „Almennt er talað um það að við eigum að tala sem minnst um hollustu og líkamsþyngd við börn. Mér finnst heilbrigðast að útskýra fyrir börnum að engin matartegund sé holl eða óholl því að við verðum að hugsa um mataræðið í heild. Það þarf að borða fjölbreyttan mat til að vera heilbrigður og það á að forðast að taka matartegundir út af því þær eru hollar eða óhollar." Sigrún útskýrir að það sé mun betra að reyna að styðja við að umhverfi fjölskyldunnar sé sem heilbrigðast í stað þess til dæmis að argast yfir því að barnið eyði of miklum tíma í tölvunni. „Þá ættum við frekar að drífa okkur sjálf út með barnið í göngutúr eða skíði. Og í stað þess að vera með stífar reglur á heimilinu um hvað barnið má borða er mikilvægt að hafa hollan og góðan mat í boði.

Og hvað varðar ungar stúlkur mælir Sigrún með því að foreldrar séu meðvitaðir um hættur átröskunar og stýri því sjónvarpsefni sem þær horfa á. „Ef börn fara af sjálfsdáðum að tala um megrun og óhollustu þá er mikilvægt að útskýra fyrir þeim að fólk sé með mismunandi líkamsvöxt. Það er mikilvægt að börn skilji eðli fordóma og af hverju það sé til dæmis ósanngjarnt að aðeins mjóar stelpur megi vera í einhverjum sjónvarpsþáttum eða af hverju Barbie-dúkkur séu bara mjóar. Krakkar skilja svona fordóma mjög vel og þeim finnst rangt að skilja aðra útundan. Það sama ættum við öll stöðugt að hafa í huga."

### Hvenær byrjaði andúð á líkamsfitu?



„Matgræðgi hefur lengi verið tengd við mikla offitu og það finnast dæmi úr gömlum heimildum aftur til miðalda þar sem slíkt er fordæmt, " segir Sigrún. „Hins vegar var meiri virðing borin fyrir þéttvöxnu fólki fyrr á tímum, því slíkur vöxtur var tengdur við ríkidæmi og völd. Í byrjun tuttugustu aldar komu margir þættir saman sem ýttu úr vör þessari fituhræðslu sem nú er við lýði. Má þar nefna upprisu verkalýðshreyfinga þar sem atlaga var gerð að þeim sem trónuðu efst í þjóðfélaginu og högnuðust á vinnu annarra - feitum auðmönnum. Í dag er algengt að heyra vinstri sinnað fólk tengja offitu við neysluhyggju á meðan hægri sinnað fólk tengir hana við skort á sjálfsaga. Á þessum tíma er líka femínisminn að hasla sér völl. Konur hættu að vilja vera mjúkar, móðurlegar og frjósemislegar en sóttust frekar eftir því að skilja sig frá því hlutverki með því að líkjast karlmanninum í vexti, ganga í buxum, stunda íþróttir og vera sterkar. Á síðustu öld ryður næringarfræðin sér svo til rúms og hitaeiningin er uppgötvuð. Þarna í upphafi 20. aldar er hrint af stað þeim áherslum á líkamsvöxt og mat sem við búum við enn í dag."



Fermingargjafir á frábæru verði í BT
Acer á betra verði í BT
Topptölva botnverð
acer
Acer Extensa 5230
• 2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni
• 1GB DDR2 667MHz 200pin
• 160GB SATA hljóðlátur 5400RPM
• 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
• Innbyggt þráðlaust 802.11bgn netkort með loftneti í skjá
• 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
• Windows Vista Home Basic
69.999
GSM Sími
NOKIA
Nokia 5800
Einn fullkomnasti 3G sími á markaðnum
• 3,2" Snertiskjár með snúningsskynjara
• Frábær tónlistar og myndspilari
• GPS Staðsetningartæki
• Þráðlaust netkort
• Myndavél 3.2 Mpix - Carl Zeiss
• Íslenskt valmyndakerfi
• FM Stereo útvarp
• 8GB minniskort fylgir
Komdu með gamla símann
64.999
Þú færð 5000 kr fyrir gamla símann ef þú skiptir honum upp í Nokia 5800 síma.
59.999 kr. ef þú kemur með gamla símann
Flakkari
LACIE
LaCie Hard Drive
• Falleg píanó svört hýsing
• Afritunarhugbúnaður og allir kaplar fylgja
• USB2.0
• 1 TB
19.999
1TB
Bestu myndir BT
QUANTUM OF SOLACE
twilight
TRAITOR
APPALOOSA
BURN AFTER READING
PINEAPPLE EXPRESS
Bestu myndir BT fást einnig í Húsasmiðjunni um land allt
HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál
Fartölva
acer
Acer Aspire 6530
• 2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile RM-70 með 1MB flýtiminni
• 4GB DDR2 667MHz 200pin
• 640GB, 2x320GB SATA hljóðlátir 5400RPM diskar
• 16" FHD WXGA+, 1366 x 768'
• 512MB ATI Mobility Radeon
• Windows Vista Home Premium
Fáránlegt verð
119.999
BT
BT Smáralind • BT Akureyri • www.bt.is • Sími 550 4444




**ÁÐUR EN STÓRMARKAÐIRNIR KOMU TIL SÖGUNNAR** Árið 1976 fór minna fyrir stórmörkuðum en gerir nú og þjóðin fékk eggin sín í smávöruverslun á við þessa í Reykjavík.

# Minning um páska

Páskar hafa komið og farið og gömlu súkkulaðieggin bragðast jafnvel betur í minningunni. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hélt á vit fortíðar og dró fram rykfallnar páskamyndir.



**BLAÐSÖLUBARN MEÐ PÁSKAEGG** Börnum hefur gjarnan verið stillt upp fyrir páskahátíðina og þau mynduð fyrir dagblöðin með ungum eða eggjum. Árið 1975 var blaðsöludrengur Vísis fenginn til að sýna páskaegg.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**TUTTUGU ÁRA SÚKKULAÐIBITI** Árið 1989 stillti piltur þessi sér upp og beit í páskaegg fyrir ljósmyndara blaðsins.



**UNGAR MEÐ UNGUM** Árið 1990 voru systkin þessi mynduð með páskaungum.



**Í SÆLGÆTISVERKSMIÐJUNNI** Árið 1979 hélt blaðaljósmyndari í sælgætisverksmiðjuna Víking og myndaði þar fimm konur sem stóðu við færibandið og pökkuðu páskaeggjum landsmanna inn.




**PÁSKAEGGJAFERÐ GRUNNSKÓLAKRAKKA** Hópur grunnskólakrakka heimsótti Nóa Siríus og fræddist um páskaeggjagerð.

# AFNEMUM VSK

## AF ÖLLUM FATNAÐI

## LAUGARDAGINN 11. APRÍL

DÖMUFATNAÐUR
HERRAFATNAÐUR
BARNAFATNAÐUR
SUNDFATNAÐUR
ÚTIVISTARFATNAÐUR
VEIÐIFATNAÐUR










INTERSPORT

PÓSTVERSLUN – SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

**INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
**INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
**INTERSPORT LINDIR SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18
**INTERSPORT AKUREYRI SÍMI 460 4890** Mán. - föstud.10 - 18. Laugardaga 10 - 16



CLUB INTERSPORT



**MYNDI VILJA SETJA MÓSAÍKFLÍSAR Á RÁÐHÚSIÐ** Sigríður Ásta Árnadóttir textílhönnuður er þekkt fyrir litagleði í hönnun sinni. Á þeim sömu nótum myndi hún einnig vilja skreyta Ráðhús Reykjavíkur, fengi hún það verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fyrir gellur í gullstígvélum

Litríkar ullarvörur undir nafninu Kitschfríður hafa notið mikilla vinsælda í Kirsuberjatrénu en þær eru hönnun **Sigríðar Ástu Árnadóttur** textílhönnuðar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* tók hönnuðinn og harmonikkuleikarann í þriðju gráðu yfirheyrslu.


Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf
REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Sigríður Ásta Árnadóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1974. Sama ár var Surtsey lýst friðland.

**Á HUNDAVAÐI:** Lærður textílhönnuður frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hef unnið ýmis störf svo sem að kenna börnum myndmennt, skrifað greinar sem blaðamaður fyrir ýmis tímarit, nú síðast Vikuna. Fyrir utan að vera hafnfirsk húsfreyja með fullt hús barna.

**Vandræðalegasta augnablikið?** Úff, mér hefur alltof oft liðið vandræðalega um ævina þótt það sé sem betur fer að eldast af mér. Einu sinni ætluðum ég og maðurinn minn að skemmta í brúðkaupi og undirspilið var allt inni á skemmtara sem svo reyndist batteríslaus þegar upp á svið var komið.

**Gáfulegustu orð sem þú hefur heyrt?** „Hver hlutur á sínum stað og eitt verk í einu.“ Þetta segir pabbi Einars Áskels í bókinni Engan asa, Einar Áskell.

**Hvaða íslensku hönnuðir finnst þér standa fremstir í dag ?** Ég var að enda við að koma úr fermingarfataleiðangri og uppgötvaði hvað NIKITA er að gera frábæra hluti.

**Vorið er skemmtilegt því þá** … er svo bjart og túlípanarnir 500 sem ég setti niður í haust koma upp. Og fólk verður líka allt í einu svo miklu skemmtilegra.

**Góð hljómsveit á balli þarf að vera** … Varsjárbandalagið að sjálfsögðu. Austur-Evrópustuð af bestu gerð!

**Austur-Evrópa heillar mig af því að** … tónlistin er svo tryllt og sorgleg í senn.

**Harmonikka er hljóðfæri fyrir** … gellur í gullstígvélum.

**Ef þú yrði að vera einhver önnur manneskja í einn dag, hver myndirðu vilja vera og af hverju?** Það gæti verið gaman að prófa að vera Jean-Paul Gaultier. Honum virðist alla vega finnast það gaman.

**Þú ferð í skemmtiferð til Akureyrar. Nefndu mér fjögur atriði sem þú munt gera í bænum?** Fara í Frúna í Hamborg, hef lengi ætlað mér það. Borða á Friðrik V. Skreppa á Safnasafnið á Svalbarðseyri. Fara í íþróttaverslun bara til að geta sagt „knöttur“ með yfirdrifnum, norðlenskum hreim.

**Þú færð það verkefni að mála og skreyta Ráðhúsið, hvernig læturðu það líta út?** Ég myndi mála það bleikt og drekkja því í mósaíki eins og húsin hans Gaudís eru með. Skandinavískur arkitektúr er oft svo leiðinlegur!

**Yfir hverju hefurðu mestar áhyggjur í augnablikinu?** Ég hef mjög húsmóðurlegar áhyggjur af fermingarveislunni sem fram undan er.

**Hvaða kæki ertu með?** Ég ræski mig óþarflega oft.

**Þú ert að fara á grímuball. Í hverju ferðu?** Sem Barbarella.

**Hvað er það besta sem þú hefur bragðað um ævina?** Afskaplega margt sem ég borðaði úti í Japan. Líka fallegast framreiddi indverski matur sem ég hef fengið á stað í London sem leit út eins og frumskógur að innan.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Ég þoli ekki að festast í frösum og þeir verða sjaldan langlífir.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur?** Mad Men, My Name is Earl, allt sem David Attenborough kemur nálægt. Horfi líka reglulega á Jeeves og Wooster.

**Frægasti ættinginn þinn?** Frú Kitschfríður Kvaran, fyrirmyndarhúsmóðir og pistlahöfundur.

**Hverju ertu hrifnust af úr eigin hönnunarlínu?** Ég er alltaf mjög ánægð með kúlukragana mína en það er ekkert mjög skemmtilegt að búa þá til. Mun skemmtilegra er að endurvinna peysurnar því þá eru engar tvær eins.

**Hvaða efni er skemmtilegast að vinna með?** Ull er í sérstöku uppáhaldi, annars allt sem er í fallegum lit og enn betra ef glitrar á það líka!

**Eftirlætislitir á klæðum?** Bleikur, rauður og grænblár.

**Og að lokum – fallegasti veraldlegi hlutur sem þú hefur séð og hver hannaði hann?** Sagrada Familia-kirkjan í Barcelona eftir Gaudí.



**TEHETTA ÚR ÞÆFÐRI ULL** Eitt það nýjasta úr hönnunarlínu Kitschfríðar eru forkunnarfagrar tehettur í ýmsum litum úr þæfðri ull.

2009

# MÍN BORG

ICELANDAIR



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

## LONDON

*Frá 14.500 kr.*

**Harðkúluhattar, hringar í nösum, söfn, sóldýrkendur og endur í görðum, leiksvið, stuttbuxur og vínglas í Covent Garden**

## BOSTON

*Frá 28.630 kr.*

**Sumarhiti, risarækjur, háskólaprófessorar, sjávarþorp, baðstrendur, sælkerastaðir og litskrúðugt mannlíf.**

Borgarlukkuleikurinn

**TAKTU ÞÁTT!**

Þú getur unnið flugferð fyrir tvo

**Hver vann síðast?**

Nafn vinningshafa síðustu helgar er birt í þessu blaði

GEYMIÐ BLAÐIÐ

Vildarklúbbur
Flug til London gefur 2.500–8.000 Vildarpunkta.

# MÍN LONDON

*Vala Björk Ásbjörnsdóttir stílisti*



*Reykjavík – London frá 14.500 kr.*

*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að fjórtán sinnum í viku.*

*Flug og gisting í 2 nætur frá 46.900 kr.*

*á mann í tvíbýli á K West Hotel & Spa **** Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.*











## Veitingastaðir

**HUMMINGBIRD BAKERY**
133 Portobello Road, Notting Hill

Þegar maður röltir niður Portobello Road á fallegum laugardegi og gramsar á markaðnum er alveg nauðsynlegt að stoppa þar við og fá sér eina „cupcake“ og kaffibolla. Yndislegar skreyttar, litlar formkökur með litríku kremi. *www.hummingbirdbakery.com*

**BEACH BLANKET BABYLON**

Flottur veitingastaður á tveimur stöðum í London, Notting Hill í Vestur-London og Shoreditch í Austur-London. Fallegar innréttingar og gaman að borða þar. Síðan má enda á dansgólfinu þegar líður á kvöldið. *www.beachblanket.co.uk*

**PACIFICO**

Skemmtilegur, mexíkóskur veitingastaður í Covent Garden. Þar er alltaf stemning og frábær matur og æðislegar margaritur. Það er ekki hægt að panta borð svo að oft myndast stemning á barnum þar sem fólk bíður eftir borði. *www.cafepacifico-laperla.com*

**THAI RICE**
303 Portobello Road

Eftir að hafa notið dagsins á Portobello markaðnum er gott að tylla sér niður á Thai Rice, við endann á Portobello Road. Þetta er látlaus staður en voða krúttlegur og maður fær besta tælenska matinn í London og alltaf tipp-topp þjónustu.

**LEVANTE**

Líbanskur staður í miðbænum, rétt hjá Oxford Street. Þar er frábært að koma saman í hóp og panta blandaðan matseðil til að smakka sem flest. Magadansmeyjar dilla sér þar um helgar, sem myndar seiðandi stemningu. Mæli með að panta dísætt te í eftirrétt og eftirréttabakkann. *www.levant.co.uk/levant/*



**Spitalfields** ▌Á sunnudögum er gaman að ráfa um þennan skemmtilega markað við Brick Lane. Best er að vera kominn tiltölulega snemma til að gera sem best kaup og rölta síðan um hverfið þar sem er fullt af skemmtilegum „vintage-búðum“.

**Sigling á Thames** ▌Tilvalin leið til að þess að sjá borgina og öðlast góða yfirsýn yfir hana á stuttum tíma. Frábært er að gera þetta á fallegum degi. Á bátunum sem bjóða þessar skoðunarferðir eru leiðsögumenn sem segja skemmtilega frá. Einnig er hægt að fara á bát þar sem hægt er að borða á meðan siglt er niður ána.

**Borough Market** ▌Matvörumarkaður við Thames, alltaf á laugardögum. Þarna er matur frá ýmsum heimshornum og má smakka flest. Skemmtilegt að byrja daginn á markaðnum. Á eftir er hægt að ganga með fram ánni og njóta útsýnisins.

**King´s Road** ▌Ein af elstu verslunargötunum í London, við Sloane Square lestarstöðina. Þarna eru margar „boutiques“ og skemmtilegar búðir með muni til heimilisins. Skemmtileg gata til að rölta eftir með kaffibolla í hendinni ef fólk vill ekki vera í mannmergðinni á Oxford Street.

**Victoria & Albert Museum** ▌Safn í South Kensington sem er tileinkað listum og tísku. Oft eru þar settar upp skemmtilegar sýningar svo að það er þess virði að fylgjast með því sem verið er að sýna hverju sinni. Gaman fyrir þá sem hafa áhuga á tísku og listum.

**National Gallery / National Portrait Gallery** ▌Myndlistarsöfnin við Trafalgar Square. Þarna er stærsta safn í heimi af evrópskum listaverkum. Gaman að líta þar við þegar maður á leið um Trafalgar Square. Aðgangur er ókeypis.

**Regent´s Park** ▌Skemmtilegur garður í hjarta Lundúna þar sem gaman er að skoða sig um. Þarna eru líka London Zoo og rósagarður drottingarinnar sem er rosalega fallegur á sumrin.

**Greenwich** ▌Skemmtilegt hverfi þar sem meðal annars eru fornmuna- og matvörumarkaðir sem gaman er að skoða. Þarna er líka The Royal Observatory í Greenwich Park. Þar mætir austrið vestrinu, ef svo má segja, og lengdarbaugurinn er á núlli.

**Dover Street Market** ▌Flott búð. Skylda að kíkja í hana ef fólk hefur áhuga á tísku og fallegum hlutum. 17–18 Dover Street.

**Brick Lane** ▌Gata austan við miðborgina, nálægt Spitalfields. Þar er fullt af indverskum stöðum og mikið næturlíf. Gaman er að fara á Brick Lane í góðra vina hópi, fá sér indverskan mat og fara síðan á barrölt um hverfið. Mikið af ungu fólki býr í hverfinu svo að alltaf er eitthvað um að vera á börunum í nágrenninu. Skemmtilegur bar er t.d. The Commercial Tavern.

**„Afternoon tea“** ▌Eitt af því breskara sem hægt er að gera í London er að fá sér síðdegiste og ég mæli hiklaust með því. Hægt er að fara á flest af fínni hótelunum. Þetta er yfirleitt síðdegis, kl. 14–17, og oftast þarf að panta borð með svolitlum fyrirvara. Innifalið í verðinu er te, samlokur, skonsur og úrval af kökum. Einnig er hægt að fá kampavín með. Mæli með The Ritz á Piccadilly eða The Wolseley. *www.theritzlondon.com/tea/*

**The Mayfair Hotel** ▌Ef mann langar að fá sér flottan kokteil þá er The Mayfair málið. Þar eru rosalega flottir og góðir kokteilar. *www.themayfairhotel.co.uk*



**ALLT ÍSLENSKT** Íslensk hönnun í fatnaði, skarti, heimilisvörum og listmunum einkenna versunina Mýrina sem var nýverið opnuð í Kringlunni. BLS. 2



**AFTUR TIL FORTÍÐAR** Bókin Handíðir horfinnar aldar hefur verið endurútgefin en hún hefur að geyma uppdrætti til að sauma, prjóna og vefa eftir. BLS. 2




# heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 11. APRÍL 2009



# VERÐMÆTASKÖPUN

**Projekt Studio ætlar að efla íslenska hönnun og framleiðslu.**

BLS. 4





● **NOTALEGHEIT** ættu að einkenna næstu daga meðan við njótum páskafríins. Kertaljós og sælgætisát er huggulegt á kvöldin og hlýlegt að kveikja á kertum um allt hús. Fallegur hangandi kertastjaki með rauðu glasi fæst í versluninni Pier á 390 krónur.









Munir og myndir. Sú sem er næst er eftir Hrafnhildi Bernharðsdóttur.



Listmunir eftir Kristbjörgu Guðmundsdóttur.



Skart, myndlist, skrautmunir og stóllinn skatan.

# Kringlumýrin og París

● Íslensk hönnun í fatnaði, skarti, heimilisvörum og listmunum er það sem einkennir verslunina Mýrina sem nýlega var opnuð í Kringlunni.

Íslensk hönnun í fatnaði, skarti, heimilisvörum og listmunum er það sem einkennir verslunina Mýrina sem nýlega var opnuð í Kringlunni.

„Við ákváðum að hafa allt íslenskt í búðinni og fórum á stúfana að leita uppi hönnun sem okkur þótti falleg. Það var nú ekki flóknara en það,“ segir Rannveig Sigurðardóttir þegar hún er spurð um tilurð verslunarinnar. Hún er ein þriggja kvenna sem eiga Mýrina, hinar eru systir hennar, Sigríður Sigurðardóttir, og Ástríður Þórðardóttir sem er verslunarstjóri.



Eigendurnir, Rannveig, Sigríður og Ástríður í Mýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mýrin er á neðstu hæðinni í Kringlunni, í nágrenni Blómavals. Plássið hýsti áður verslunina Marco Polo sem nú hefur hreiðrað um sig á næstu hæð fyrir ofan. Myndir eftir ýmsa listamenn, föt frá Farmer‘s Market, Rósa Design, Skaparanum, Ásta Creative Clothes eru meðal þess sem fæst í hinni nýju búð, einnig íslenskir stólar eins og Skatan og Fuzzi, snagar Ingibjargar Hönnu, keramik eftir Kristbjörgu og Áslaugu Höskulds og skartgripir frá Orr. En hvaðan er nafnið fengið? „Nafnið fannst með því að safna saman nokkrum tillögum frá okkur sem að þessu stöndum og velja svo úr,“ upplýsir Rannveig. „Þar er skírskotað bæði til Kringlumýrarinnar og listamannahverfisins í París svo okkur fannst það eiga vel við.“

*- gun*

# Uppdrættir til útsaums

**B**ókin Handíðir horfinnar aldar - Sjónabók frá Skaftafelli hefur nýlega verið endurútgefin. Hún geymir uppdrætti til að sauma, prjóna og vefa eftir. Margir þeirra eru í lit og verður það að teljast sérstakt þar sem handrit Sjónabókarinnar er frá 18. öld. Það er eftir Jón Einarsson, bónda og hagleiksmann í Skaftafelli, og er varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands.

Handíðir horfinnar aldar var fyrst gefin út árið 1993 af Máli og menningu í tilefni af starfslokum Elsu E. Guðjónsson hjá Þjóðminjasafninu. Bókin hefur verið ófáanleg í mörg ár og nú er það Elsa sjálf sem gefur bókina út. Á forsíðunni er hluti af þríbrotinni áttablaðarós sem þykir einstök þar sem þessi gerð þekkist ekki utan Íslands svo vitað sé. Bókin er til sölu í safnbúð Þjóðminjasafns Íslands. Þar eru líka handverkspakkar með nokkrum mynstrum úr henni ásamt viðeigandi efni og garni.

*- gun*







● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók mynd á hönnunarstofunni Projekt Studio **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**KRÆKLINGATÍNSLA** fer fram í fjörunni við Bjarteyjarsand í Hvalfirði í dag frá klukkan 13.00. Að tínslu lokinni verður boðið upp á kaffisopa og fróðleik um vistfræði kræklings og matreiðslu á honum.






GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**Nýttu tímann**

Námskeið • Fyrirlestrar • Samverur

Dagskrá

| | |
|---|---|
| 15. apríl | Hreyfing 4 - Tai chi og jóga |
| 20. apríl | Fatasaumur 4 |
| 21. apríl | Internetið til afþreyingar og skemmtunar |
| 22. apríl | Opið hús - fyrirlestur um heilsufar og matarræði |
| 27. apríl | Ræktun kryddjurta |
| 28. apríl | Stofnun fyrirtækja |
| 29. apríl | Nýsköpun |
| 4. maí | Taflkennsla |
| 5. maí | Óhagganleg lögmál markaðarins |
| 6. maí | Briddskennsla |
| 11. maí | Ljósmyndakennsla |
| 12. maí | Gerð viðskiptaáætlana |
| 13. maí | GPSkennsla - kennsla á GPS-tæki |

Viðburðirnir eru frá kl. 10 - 13 og eru fyrst og fremst ætlaðir atvinnulausum og þeim sem hafa þurft að minnka við sig vinnu, þeim að kostnaðarlausu. **Verkefnið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ.**

***Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða á www.redcross.is/kopavogur***

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626, kopavogur@redcross.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"




Harpa Heimisdóttir eldar flest kvöld og þykir skemmtilegt að skoða uppskriftir og breyta þeim eftir eigin höfði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Spænsk önd með berjum

**Harpa Heimisdóttir ætlar að elda andarbringur um páskana. Uppskriftina bjó hún til út frá rétti sem hún smakkaði á veitingahúsi á Spáni, en spænskur matur er í miklu uppáhaldi hjá Hörpu.**

Harpa Heimisdóttir viðskiptastjóri er mikill matgæðingur. „Ég elda flesta daga og grúska milli þess í matreiðslubókum til að fá hugmyndir," segir Harpa sem breytir uppskriftunum eftir sínu höfði.

Innt eftir uppáhaldsmatnum er Harpa fljót til svars. „Humar er í miklu uppáhaldi en annars finnst mér léttir og einfaldir réttir mjög góðir," segir Harpa sem einnig er mjög hrifin af spænskri matargerð. „Ég bjó á Spáni um tíma og svo eigum við fjölskyldan íbúð þar," segir Harpa en hugmyndina að uppskriftinni sem hún gefur lesendum Fréttablaðsins er einmitt fengin af veitingastað sem Harpa sækir mikið á Spáni.

„Ég held ég nái þessari uppskrift nokkurn veginn. Á veitingastaðnum eru reyndar bara sveppir með en ég vildi hafa svolítið grænmeti til viðbótar," segir Harpa sem er oftast með andarbringur á jólunum. „Þá er annaðhvort önd eða humar, og stundum bæði," segir hún glettin en andarbringurnar verða einnig á borðum um páskana á heimili Hörpu og konu hennar, Önnu Jóhannsdóttur. „Við erum bara tvær í heimili svo það getur vel verið að við bjóðum einhverjum í mat," segir Harpa sem er ekki fastheldin á hefðir um páska.

Sósan sem fylgir öndinni er all sérstæð. „Þarna blandast sætleiki og pínu súrt með hráa sykrinum og berjunum. Svo kemur sterka bragðið með sinnepinu," útskýrir Harpa og bætir við að á veitingastaðnum hafi þjónninn sett sinnepið út í sósuna við borðið þannig að hver og einn gæti ráðið styrkleika hennar.

solveig@frettabladid.is

## GRILLAÐAR ANDARBRINGUR

með hindberjasósu **FYRIR FJÓRA**

3 andarbringur
Sveppir
Brokkolí
Grænn spergill
200 g hindber
50 g hrásykur
1 msk. Dijon-sinnep



*Hita ofninn í botn á grilli og setja grindina mjög ofarlega. Um 3 andarbringur eru þerraðar og hreinsaðar þannig að það verði 250 g á mann.*

*Skera mjóar rendur í fituna og passa að skera ekki í kjötið. Salta og pipra fituna, best er að nota Maldonsalt. Loka kjötinu á pönnu með fituna upp í um 1 mín. setja bringurnar í fat og inn í ofn í um 7-10 mín., fer eftir stærðinni, bíða smá með að skera kjötið eða í um 3 mín. og skera þá í þunnar sneiðar.*

**Meðlæti:**
Steiktir sveppir og brokkolí eða grænn spergill.

**Sósa:**
200 g hindber og 50 g hrásykur látið malla við vægan hita og sett í skál, þá er bætt við einni matskeið af Dijon-sinnepi og hrært vel saman.





**Opið alla páskana**

**9. apríl. Skírdagur** 11:30 - 21:00
**10. apríl. Föstudagurinn langi** 16:00 - 20:00
**11. apríl. Laugardagur** 11:30 - 22:00
**12. apríl. Páskadagur** 16:00 - 20:00
**13. apríl. Annar í páskum** 15:00 - 21:00

*Starfsfólk Nings óskar öllum gleðilegra páska.*

NINGS

Suðurlandsbr. 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
**Sími: 588 9899**

**SUNDLAUGARNAR** í Reykjavík eru opnar alla páskahátíðina. Á morgun, páskadag, er þó aðeins opið í Árbæjarlaug og Laugardalslaug.




TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR Á FRÁBÆRUM STAÐ Í KÓPAVOGI.



Kjöreign kynnir til sölu glæsilegar íbúðir við Gulaþing sem allar eru með sérinngangi og innbyggðum bílskúrum. Frábært útsýni. Íbúðirnar eru rúmgóðar 3ja og 4ra herbergja og afhendast fullbúnar án gólfefna. Á jarðhæð eru stórar sér geymslur og bílskúrar. Vandaðar innréttingar frá Innex, flísar frá Álfaborg og blöndunartæki frá Tengi hf. Húsið er byggt úr járnbentri steinsteypu, einangrað og klætt að utan með álklæðningu. Bílastæði eru malbikuð, stéttar hellulagðar og lóð tyrfð. Afhending er fljótlega. **Verð frá kr. 34,9 millj.**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090




Stytturnar í garði Ásmundarsafns luma á góðgæti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leitað í styttunum

**Ratleikur fyrir alla fjölskylduna verður haldinn í dag í Ásmundarsafni frá klukkan 14 til 15.**

Páskaeggjum verður komið fyrir á völdum stöðum í styttum í garði Ásmundarsafns í dag. Þá verður fjölskyldum boðið að koma og taka þátt í ratleik, sem felst í því að skoða garðinn og finna eggin, milli klukkan 14 og 15.

Þegar leiknum í garðinum er lokið verður leiðsögn fyrir fjölskylduna um Ásmundarsafn en þar stendur nú yfir sýningin Lögun línunnar. Þar er lögð áhersla á abstraktverk Ásmundar Sveinssonar, en sýningunni lýkur 19. apríl.

Ásmundur hélt alla tíð tryggð við þá hugmynd að listin ætti erindi til fólksins og ætti heima á meðal þess. Hann var kallaður alþýðuskáldið í myndlist. Flest verk hans voru hugsuð sem hluti af opinberu rými, órofa hluti af umhverfi sínu eða útfærð sem hönnun og nytjahlutir.

Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg verk sín ásamt heimili sínu eftir sinn dag. Ásmundarsafn í Sigtúni var opnað formlega vorið 1983. Í safninu eru haldnar sýningar á verkum listamannsins, sem og verkum annarra. Í garðinum við safnið er einnig að finna mörg verka Ásmundar sem hafa verið stækkuð eða unnin sérstaklega til að standa utandyra.

Ásmundarsafn er opið daglega frá klukkan 13 til 16. *- sg*

# Gjörningur í sjö köflum

**Anna Richards, bæjarlistakona á Akureyri, heldur veislu í Ketilhúsinu í dag.**

Veislan í Ketilhúsinu hefst í dag, laugardag, klukkan 15. Þar flytur Anna Richards gjörning í sjö köflum. Um er að ræða djarfa tilraunastarfsemi þar sem ýmsar listgreinar mætast. Gjörningurinn er hluti af leið Önnu að sólósýningu sem er í vinnslu.

Tónlistina fremja Margot Kiis, Stefán Ingólfsson, Kristján Edelstein, Helgi Þórsson og Wolfgang Frosti Sahr. Þau verða einnig á tilraunaskónum og spinna í samvinnu við dans og myndlist.



Verkið er myndkonfekt þar sem Brynhildur Kristinsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir eru tilraunakokkarnir í samvinnu við Önnu.

Aðgangseyrir á sýninguna er 1.000 krónur en ókeypis fyrir yngri en 12 ára.

Strax að loknum gjörningi, eða klukkan 16, verður opnuð sýning með verkum Önnu í Gallerí-boxi. *- sg*


husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali





**Fjallalind 38**
Vandað og vel staðsett 172 m2 endaraðhús í þessu vinsæla hvefi. Eignin telur stofu, eldhús, borðstofu, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, forstofu og bílskúr. Gólfefni er gegnheilt plankaparket á öllum nema votrýmum. Þetta er eign sem vert er að skoða á þessum vinsæla stað, laus strax. **Verð 54,7 millj.**

Atli sölufulltrúi svarar fyrirspurnum og sýnir eignina
s: 899-1178 eða atli@husasala.is



husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali







**Gimbratún**
Vel skipulagt og nýlegt 105 m2 heilsárshús í Fljósthlíðinni í frábæru umhverfi. Eignin telur forstofu, stóra bjarta stofu með frábæru útsýni, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi, svefnloft og geymsluloft. Flísar eru á gólfum + gólfhiti. Stutt er í alla afþreyingu s.s golf, veiði gönguleiðir ofl.
**Verð 17.9 millj. Góð kaup.**



Atli sölufulltrúi svarar fyrirspurnum og sýnir eignina
s: 899-1178 eða atli@husasala.is



**Ókeypis námskeið og ráðgjöf**

Rauðakrosshúsið

VIKUNA 13.–17. APRÍL

**Mánudagurinn 13. apríl**

Lokað vegna páskafrís.

**Þriðjudagurinn 14. apríl**

**13.00-13.30 Verkefni Kópavogsdeildar**. Kynning frá Kópavogsdeild Rauða krossins.

**13.30-15.00 Áhugasviðskönnun**. Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga, getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Skemmtilegt og gagnlegt námskeið fyrir alla. Skráning nauðsynleg.

**15.00-16.00 Aldraðir í nútímaveruleika**. Sr. Hans Markús Hafsteinsson héraðsprestur kynnir raunsæ sjónarmið í málefnum aldraðra.

**16.00-17.00 Hugarflugsfundur**. Umræðufundur um starfsemi Rauðakrosshússins. Hvað getur þú lagt af mörkum? Þínar hugmyndir skipta máli.

**Miðvikudagurinn 15. apríl**

**12.30-14.00 Endurlífgun og hjartarafstuðtæki**. Stutt verklegt námskeið sem getur gert þér kleift að bjarga mannslífi.

**14.00-15.00 Bókaklúbbur**. Lestu þér til yndisauka og spjallaðu við aðra um innihald bókanna yfir kaffibolla.

**15.00-16.30 Gönguhópur**. Vertu með í léttri göngu í góðum félagsskap einu sinni í viku.

**16.30-17.00 Slökun og öndun**. Kennsla í slökun og djúpöndun.

**Fimmtudagurinn 16. apríl**

**12.30-14.00 Hvaða þættir hafa áhrif á heilsufar okkar**, hvernig er hægt að borða hollt en ódýrt? Borið saman heilsufar fólks í þróunarlöndum og á vesturlöndum.

**15.00-16.30 Jóga fyrir byrjendur**. Viltu profa jóga? Langar þig að slaka á? Nú er tækifærið.

**Föstudagurinn 17. apríl**

**12.30-14.00 Sálrænn stuðningur**. Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða.

**14.00-15.30 Félagsvist**. Allir velkomnir

**15.30-16.30 Verkefni Rauða kross Íslands**. Stutt kynning og umræður um helstu verkefni félagsins hér á landi.

**Rauði kross Íslands**
**Rauðakrosshúsið**

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | **Opið virka daga kl. 12-17**

# List tileinkuð þeim sem hafa látist í umferðinni

**Þrettán verk tileinkuð þeim sem hafa látist í umferðinni eru nú til sýnis í jafn mörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Hvatinn að sýningunni var sá að faðir listakonunnar lést í bílslysi á Reykjanesbrautinni.**

Listakonan Hulda Halldór sýnir þrettán listaverk í jafn mörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Sýningin hófst á skírdag og stendur fram á uppstigningardag, en hún er tileinkuð þeim sem hafa látist í umferðinni.

„Hvatinn að sýningunni var sá að faðir minn, Halldór Axel Halldórsson, lést í bílslysi á Reykjanesbrautinni í nóvember 2003. Þá hélt ég að hið eilífa augnablik væri upprunnið og tíminn myndi stöðvast. En auðvitað varð það ekki raunin og þá gerðist eitthvað inni í mér. Ég fór að sjá hlutina í nýju ljósi og tilveran blasti öðruvísi við,“ segir Hulda. Hún fór að skapa listaverk úr kopar, járni og ýmsu öðru sem öll hafa trúarlega tilvísun.

„Ég var að leita að svari og það var eitthvað sem tók mig og leiddi mig áfram. Mér fannst ég ekki ráða ferðinni og lét af stjórn, sem er nú ekki mín sterkasta hlið,“ segir Hulda. „Ég vaknaði svo einn morguninn og áttaði mig á því hvernig ég vildi hafa sýninguna, hringdi í kirkjurnar sem tóku allar vel á móti mér,“ segir Hulda sem er ánægð með lendinguna enda stækkar það sýningarrýmið svo um munar að dreifa verkunum á svo marga staði.

Verkunum þrettán hefur Hulda komið fyrir inni við altari hverrar kirkju fyrir sig. Þau má virða fyrir sér í Fríkirkjunni í Reykjavík, Neskirkju, Breiðholtskirkju, Dómkirkunni, Digraneskirkju, Seltjarnarneskirju, Grafarvogskirkju, Grensáskirkju, Árbæjarkirkju, Guðríðarkirkju, Krossinum, Kópavogskirkju og Vídalínskirkju.

*vera@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hulda leggur lokahönd á verkið Minning sem verður sett upp í Neskirkju. Krossarnir tákna alla þá sem hafa látist í umferðinni.


KOLAPORTIÐ

Kolaportið er OPIÐ laugardaga og sunnudaga

frá kl. 11⁰⁰-17⁰⁰



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is




TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

KÓPAVOGSTÚN – KÓP.



4ra herb íbúðir í nýju lyftuhúsi ásamt bílastæðum í lokaðri bílgeymslu. Frábær staðsetning í vesturbæ- Kópavogs. Vandaðar og nánast fullbúnar íbúðir.
**Verð frá : 38,8 millj.**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Costa del Sol
3.-21. maí
frá kr. 139.990
- með allt innifalið



Ótrúlegt sértilboð
Hotel Roc Flamingo ***
• Góður aðbúnaður
• Frábær staðsetning

*18 nátta vorferð – örfá herbergi í boði!*

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á síðustu sætunum í 18 nátta vorferð til Costa del Sol þann 3. maí. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað. Höfum fengið örfá viðbótarherbergi á Hotel Roc Flamingo sem við bjóðum á frábæru sértilboði. Gott hótel á frábærum stæð við miðbæ Torremolinos – gisting með “öllu inniföldu”.

Roc Flamingo er gott og huggulegt hótel rétt við miðbæ Torremolinos. Við hótelið er sundlaug, sundlaugarbar og sólbaðsaðstaða. Á herbergjum er loftkæling, sími, öryggishólf, gervihnattasjónvarp, baðherbergi og svalir eða verönd. Rétt við hótelið er hringiða Torremolinos með ótrúlegu úrvali verslana, veitingastaða, næturklúbba og bara. Skemmtidagskrá í boði fyrir hótelgesti. Frá hótelinu er aðeins um 15 mín. gangur á ströndina.





– 18 nætur með allt innifalið
Verð kr. 139.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Roc Flamingo í 18 nætur með “allt innifalið”. Aukagjald fyrir einbýli kr. 29.000.

**Á hótelinu er allt innifalið sem felur í sér morgun, hádegis- og kvöldverð auk áfengra og óáfengra innlendra drykkja, s.s. bjór, gos, vatn, léttvín og sterkt vín. Janframt snarl o.fl. á milli mála.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Veldu traustan ferðafélaga í sumar!
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Tíminn

Alþingiskosningar 2009 | Laugardagur 11. apríl 2009 | Framsóknarflokkurinn




**BIRTIR UPPLÝSINGAR UM FJÁRMÁL SÍN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að sömu skilyrði gildi um frambjóðendur flokksins í efstu sætum og þingmenn hans um að gera opinber fjárhagsleg tengsl.

LJÓSMYND/GUNNAR GUNNARSSON

# Heildarframlög 2006 30,3 mkr.

## Framsóknarflokkurinn beitir sér fyrir opnum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Heildarframlög lögaðila til Framsóknarflokksins árið 2006 voru 30,3 milljónir króna og komu þau frá nokkrum tugum fyrirtækja. Hæsti einstaki styrkur sem veittur var til flokksins á árinu 2006 nam 5 milljónum króna.

„Framsóknarflokkurinn beitti sér fyrir því á þessum tíma að öll framlög til stjórnmálaflokka yrðu gerð opinber eins og nú er raunin," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. „Af hálfu Framsóknarflokksins er ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi lögaðilar geri grein fyrir framlögum sínum til flokksins. Eðli málsins samkvæmt getur flokkurinn þó ekki einhliða birt opinberlega frá hverjum framlög komu árið 2006, enda var í flestum tilfellum samkomulag um að farið yrði með styrkveitingarnar sem trúnaðarmál."

Hversu háa styrki fékk Framsóknarflokkurinn almennt á árinu 2006?

„Langflestir styrkjanna eru um eða undir 1 milljón króna, aðeins tveir yfir 2,5. Í samtölunni eru allir styrkir meðtaldir, líka þeir lægstu."

Fjármál flokkanna og aukið gagnsæi í störfum þeirra hefur verið í deiglunni að undanförnu og ekki síst eftir fréttir um samtals 60 milljóna króna styrk Landsbankans og FL Group í þágu Sjálfstæðisflokksins á árinu 2006. Undir lok þess árs var sett 300 þúsund króna þak á slíkar styrkveitingar og stjórnmálaflokkunum gert skylt að birta opinberlega hvaða lögaðilar styrkja þá og hversu hátt framlag þeirra er. Þá var jafnframt kveðið á um að opinberir aðilar mættu ekki styrkja stjórnmálaflokka og settar reglur um birtingu reikninga.

Upplýsingar úr samstæðureikningi Framsóknarflokksins fyrir árið 2007 hafa verið birtar opinberlega af hálfu Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Framsóknarflokkurinn lagði ríka áherslu á að þessi lög yrðu lögfest á Alþingi fyrir rúmum tveimur árum. Þessar upplýsingar má finna á heimasíðu Framsóknarflokksins www.framsokn.is.

Upplýsingar um fjárhagsleg tengsl þingmanna Framsóknarflokksins má sömuleiðis finna á heimasíðu Framsóknarflokksins. Þær hafa verið aðgengilegar um nokkurra ára skeið.

„Við höfum ákveðið að ganga skrefinu lengra," segir Sigmundur Davíð. „Þessar sömu fjárhagsupplýsingar verða birtar á heimasíðunni um frambjóðendur flokksins í efstu sætum framboðslistanna í öllum kjördæmum. Auðvitað verða þar á meðal upplýsingar um sjálfan mig eins og kallað hefur verið eftir."

Hafa orðið einhverjar breytingar hvað snertir þau hagsmunatengsl sem þú nú gerir opinber frá því að þú tókst ákvörðun um að hasla þér völl á vettvangi stjórnmálanna?

„Nei, ekki að öðru leyti en því að ég tók mér launalaust leyfi frá Skipulagsráði Reykjavíkurborgar."

## SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

**Launuð stjórnarseta** .............................0

**Launað starf**
Skipulagsráð Reykjavíkur (launalaust leyfi)

**Önnur starfsemi**
Ritun kennslubókar og gerð heimildamyndar um skipulagshagfræði. Vegna stjórnmálaþátttöku er óljóst hvenær verkefninu lýkur og þ.a.l. hvort og hvenær greitt verði fyrir það.

**Fjárhagslegur stuðningur** ..................0

**Eign í félagi**
Menning ehf. 50% eign í félagi um fyrrgreint verkefni á sviði skipulagshagfræði. Félagið er ekki starfandi og hefur hvorki tekjur né gjöld.

**Trúnaðarstörf**
Skipulagsráð Reykjavíkur (í leyfi)
Í stjórn Oxbridge-félagsins
Félagi í "In Defence of Iceland" hópnum sem berst fyrir hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi
Oxford University Heritage Society

Sjá nánar á vef Framsóknarflokksins www.framsokn.is

## GJALDÞROT FRJÁLSHYGGJUNNAR



Steingrímur Hermannsson fjallar um hagstjórn síðustu áratuga

ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ 4

## RÉTTLÆTISMÁL

20% niðurfelling húsnæðisskulda er raunhæf og áríðandi fyrir heimilin í landinu

FRÉTT 2



## ENDURREISN HEIMILANNA

Vigdís Hauksdóttir vill róttækar aðgerðir

REYKJAVÍK SUÐUR 6

## NÝJA ÞJÓÐARSÁTT



Birkir Jón leggur áherslu á næga atvinnu fyrir alla

NORÐAUSTUR 5

# 20% niðurfelling er raunhæf

Ertu með húsnæðislán til 40 ára? Taktu þér 10 mínútur í að lesa þetta!

Meginþorri heimila skuldar verðtryggð lán eða lán í erlendri mynt. Við hrun bankanna í október 2008 varð forsendubrestur. Þótt verðbólga hafi um langt skeið verið yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans bjuggust fáir við því að verðbólga á ársgrundvelli ætti eftir að verða nærri 20%. Enn fremur áttu fáir von á því að krónan myndi veikjast um helming. Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram heildstæða lausn á efnahagsvandanum.

Mesta athygli vekur tillaga um að höfuðstóll húsnæðislána verði lækkaður um 20%. Með því móti er komið til móts við fjölskyldurnar í landinu og þeim bætt tjón sem þær hafa beðið. Einnig er með þessu lagður grunnur að endurreisn efnahagskerfisins. Þessi leiðrétting verður til þess að færri þurfa að selja íbúðir sínar vegna skulda. Þannig er komið í veg fyrir hrun fasteignamarkaðarins og fleiri munu hafa borð fyrir báru.

Til að snúa hjólum atvinnulífsins í gang

Því að það er sanngjarnt

Til að forðast frekara hrun

Það er réttlátt

Til að bjarga heimilunum

Til að öðlast hlutdeild í afslætti sem ríkisbankarnir nutu hjá útrásarbönkunum

Til að bæta tjón

Til að skuldarar geti áfram séð sér farborða

### Réttlætismál

Fasteignalánin eru flutt úr gömlu bönkunum með miklum afslætti. Það er mikið réttlætismál að afsláttúrinn renni að hluta til beint til skuldaranna. Íslenska ríkið þarf ekki að taka á sig kostnað vegna þess enda eru það kröfuhafarnir sem þegar hafa afskrifað þessar skuldir og bera kostnaðinn.

Leiðréttingin örvar efnahagslífið. Þannig vaxa tekjustofnar ríkisins sem er mikilvægt svo að hægt sé að halda úti öflugu velferðarkerfi.

Við skiptum fólki í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum eru þeir sem eru í mestum vanda. Þótt skuldir þessa hóps séu leiðréttar um 20% mun það ekki duga til og grípa þarf til frekari aðgerða svo sem greiðsluaðlögunar.

Í öðrum hópnum eru þeir sem geta haldið áfram að greiða af lánum sínum séu 20% skuldarinnar felld niður.

Í þriðja hópnum eru þeir sem í raun hefðu ekki þurft á leiðréttingu skulda að halda. Þriðji hópurinn hefur þá aukinn kaupmátt sem skilar sér annað hvort beint út í hagkerfið eða féð er lagt inn á bankareikninga. Þá geta bankarnir lánað peningana út til þeirra sem þurfa. Þannig skila peningarnir sér á endanum út í hagkerfið og glæða það lífi.

Helsti kosturinn við leiðréttinguna er sá að hún er einföld í framkvæmd. Svokölluð greiðsluaðlögun kemur þeim vel sem 20% leiðréttingin hjálpar ekki þannig að saman virka þessar lausnir vel. Greiðsluaðlögun gerir hins vegar ekki mikið gagn ein og sér. Hún hefur innbyggða neikvæða hvata til þess að standa ekki í skilum. Þannig gæti það komið fólki vel að standa ekki í skilum og láta á það reyna hversu mikið sé hægt að fá afskrifað. Þá er greiðsluaðlögun mjög tímafrek aðgerð og hentar af þeim sökum ekki til að taka á öllum tilfellum sem upp koma.

### Örvar hagkerfið

Starfshópur á vegum Seðlabankans gerði úttekt á 20% leiðréttingunni. Í skýrslu hópsins kom í ljós að á annað hundrað fjölskyldur myndu fá afskriftir upp á 30 milljónir eða meira. Jafnframt var tekið fram að fyrir stærstan hluta þess hóps nægði þessi leiðrétting ekki til að koma þessum hópi nálægt því að vera með jákvæða eiginfjárstöðu. Enn fremur kom fram að heildarkostnaður vegna leiðréttingarinnar væri 285 milljarðar sem eins og fyrr segir lendir ekki á ríkissjóði heldur á kröfuhöfum bankanna. Af þeirri upphæð rynni 41 milljarður króna til þeirra sem væru í góðri stöðu fyrir eða með 20 milljónir eða meira í eigið fé. Þetta gera um 14% af heildarkostnaðinum og er einmitt ætlað til þess að örva hagkerfið að nýju og efla tekjustofna ríkisins.

Sumir telja 20% leiðréttinguna verðlauna þá sem fóru óvarlega með fé, þá sem réðust í miklar fjárfestingar í húsnæði án þess að ráða við afborganir. Niðurstöður starfshóps Seðlabankans sýna að margir eru í það slæmri stöðu að það þarf að afskrifa skuldir þeirra um meira en sem nemur 20%.

Einhverjum finnst kannski ósanngjarnt að þeir sem ekkert skulda beri ekki neitt úr býtum. Þeir sem eiga skuldlaust húsnæði eru yfirleitt í góðri stöðu auk þess sem viðkomandi hafa ekki borið skaða af forsendubresti í tengslum við hrunið.

Á árunum 2004–2007 var gengi krónunnar sterkara en eðlilegt má teljast til lengri tíma litið. Þótt vonir standi nú til þess að krónan styrkist þegar fram líða stundir er ekki hægt að ganga að því sem vísu að hún nái fyrri styrk aftur. Þess vegna er líklegra en hitt að afborganir af erlendum húsnæðislánum muni ekki verða jafn lágar og þær voru þegar lánið var tekið. Þar brustu forsendur lánsins og á því tekur leiðréttingin.

### Lengt í lánum

Margir hafa stigið fram og lagt til að lengja í lánum til að minnka mánaðarlega greiðslubyrði. Segjum sem svo að maður skuldi nú 20 milljón króna verðtryggt jafngreiðslulán, sem er hefðbundið fasteignalán á Íslandi, til næstu 40 ára. Mánaðarleg afborgun lánsins er um 96 þúsund krónur. Sé lánstími lengdur í 70 ár verður mánaðarleg afborgun um 86 þúsund krónur. Munurinn er um 10 þúsund krónur eða rétt rúmlega 10%. Það mun ekki gagnast mörgum að lengja í lánum. Verðtrygging kemur auk þess mun verr við þann sem skuldar til 70 ára þar sem hún hleðst á höfuðstólinn með tímanum.

Þá hefur verið talað um svokallaða LÍN-leið. Í stuttu máli snýst hún um að fólk greiði af fasteignalánum eftir getu þar til lánið er uppgreitt. Þetta er sambærilegt við endurgreiðslur af námslánum LÍN. Margir sem hafa tekið lán hjá LÍN og eru farnir að greiða það upp ná ekki að greiða niður höfuðstól lánsins vegna þess að verðbætur hækka meira en sem nemur afborgunum. Því má færa rök fyrir því að þeir sem hafa sótt sér menntun greiði í raun skatt alla ævi til ríkisins vegna þess að ekki næst að greiða niður lánið. Hið sama gæti átt við um húsnæðislán. Fólk greiðir af láni eins og það mögulega getur en nær ekki að borga niður höfuðstólinn og hættir á að festast í núverandi húsnæðisskuldum til æviloka.

### Undirmálslán

Efnahagshrunið er ekki eingöngu bundið við Ísland. Upphaf vandans er gjarnan rakið til svokallaðra undirmálslána í Bandaríkjunum. Hvert sem litið er hafa eignir hríðfallið í verði, ekki síst húsnæði og lánasöfn. Í sumum ríkjum Bandaríkjanna fást íbúðir keyptar á jafnvel einn dollar og gjarnan á nokkur hundruð eða þúsund dollara. Bankar hafa þurft að taka íbúðir upp í skuldir og vilja fyrir alla muni losna við þær í stað þess að halda þeim við með tilheyrandi kostnaði.

Í þessu samhengi má benda á skuldir íslensku bankanna. Hverjar 100 evrur sem íslensku bankarnir tóku að láni erlendis frá ganga nú kaupum og sölum á markaði á eina til fimm evrur. Erlendir kröfuhafar búast því við að fá eitt til fimm prósent til baka af kröfum sínum á íslensku bankana. Á sama hátt hafa fasteignalán bankanna rýrnað mjög og eru í raun óseljanleg ef nýju bankarnir eða Íbúðalánasjóður eru ekki tilbúin að kaupa þau. Virði þeirra er því mjög óljóst og ef fasteignamarkaðurinn á Íslandi hrynur verður virði lánanna ekkert. Almennt séð hafa bankarnir þurft að afskrifa 50% af skuldum sínum. Þegar fasteignalán er metið á 50% af upphaflegu virði felur það í sér að annar hver skuldari muni fara í þrot með tilheyrandi hruni á fasteignaverði.

### Eðlismunur

Það hrun sem þegar hefur orðið er kerfishrun. Það er eðlismunur en ekki stigsmunur á því að afskrifa skuldir í eðlilegu árferði og núna. Í fyrsta lagi mun afskriftin fækka þeim sem fara í þrot. Í öðru lagi skiptir máli að fólk geti greitt af lánunum sínum, þótt það sé minna en gert var ráð fyrir, því það fengist svo lítið fyrir eignina ef hún yrði tekin. Í þriðja lagi þá felur sá fjöldi gjaldþrota sem 50% afskrift gefur til kynna í sér algjört kerfishrun – skriðu sem leggur efnahagslífið í rúst.

Undirmálslánin í Bandaríkjunum ollu hruni á fasteignamarkaði og æ fleiri stóðu uppi með neikvætt eigið fé. Nú hafa aðrir stjórnmálaflokkar komið fram með þá lausn á vanda heimilanna að lækka mánaðarlega greiðslubyrði um 50% í nokkur ár en hækka hana svo aftur upp í það sem hún var og lengja í láninu á móti. Reynslan frá Bandaríkjunum sýnir svo ekki verður um villst að þessi leið er hættuleg og getur leitt til hruns að nokkrum árum liðnum þegar greiðslubyrðin hækkar aftur.

Við núverandi aðstæður er mjög mikilvægt að byggja upp til framtíðar án þess að eiga á hættu að forsendur bresti aftur að nokkrum árum liðnum.

## Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna alþingiskosninganna 25. apríl er hafin. Komist kjósandi ekki á kjörstað á kjördag getur hann greitt atkvæði utankjörfundar. Hægt er að kjósa utankjörfundar hjá hreppstjórum og sýslumönnum um land allt.

Framsóknarflokkurinn veitir nánari upplýsingar í síma 5404300, á utankjorfundur@framsokn.is og á heimasíðu Framsóknarflokksins, www.framsokn.is.

Kosning utan kjörfundar er sömuleiðis byrjuð erlendis og fer fram í öllum sendiráðum Íslands, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og aðalræðisskrifstofum Íslands í New York, Winnipeg og Þórshöfn í Færeyjum. Sömuleiðis er unnt að kjósa utan kjörfundar eftir samkomulagi hjá kjörræðismönnum Íslands erlendis, samanber lista á heimasíðu utanríkisráðuneytisins, www.utanrikisraduneyti.is.

Væntanlegum kjósendum er vinsamlegast bent á að hafa samband við ræðismenn áður en þeir koma til að kjósa. Gert er ráð fyrir að kjósendur kynni sér sjálfir hverjir eru í framboði og hvaða listabókstafir eru notaðir.

**Ef kosið er utan kjördæmis kjósanda, innanlands eða erlendis,** skulu kjósendur sjálfir annast og greiða fyrir sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

Utankjörfundaratkvæði skal vera komið í hendur viðkomandi kjörstjórnar fyrir lok kjörfundar á kjördag svo að það verði tekið til greina. Utankjörfundaratkvæðið er á ábyrgð kjósanda þar til það hefur borist viðkomandi kjörstjórn.

**Atkvæði má koma með eða senda til Framsóknarflokksins, Hverfisgötu 33, 101 Reykjavík og því verður komið til skila.** Einnig má hafa samband við kosningaskrifstofur flokksins víðsvegar um landið. **Á kjördag er þó ráðlagt að stíla atkvæðin á yfirkjörstjórn þar sem viðkomandi er á kjörskrá.**



Einar Skúlason skrifar:

# Kosningar í boði Framsóknar




**HORFIST Í AUGU VIÐ STAÐREYNDIR** Einar Skúlason, frambjóðandi Framsóknarflokksins, segir að tími breytinga sé kominn.

Á köldum degi í janúar kom þingflokkur framsóknarmanna saman til fundar eftir kraftmikið flokksþing, sem var réttnefnt flokksþing breytinga. Þar var ný og glæsileg forystusveit kjörin og tímamótaályktanir samþykktar um aðildarviðræður við ESB og stjórnlagaþing.

Á sama tíma voru mótmælafundir dag eftir dag á Austurvelli, þar sem fjöldi fólks barði á potta og pönnur, grýtti Alþingishúsið og krafðist breytinga og endurnýjunar á stjórn landsins. Stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar var komið að fótum fram og flokkarnir deildu harkalega sín á milli, en utandyra magnaðist ófriðurinn dag frá degi.

Við þessar aðstæður var samdóma álit þingflokks Framsóknarflokksins að það yrði að höggva á þennan hnút, leysa stjórnarkreppuna og koma grundvallarbreytingum til leiðar.

Eftir ítarlegt stöðumat var ákveðið að gefa út yfirlýsingu um að þingflokkurinn væri tilbúinn til að verja minnihlutastjórn Vinstri grænna og Samfylkingar vantrausti. Þannig hjó Framsókn á hnútinn og kom því til leiðar að ný ríkisstjórn tók við völdum. Jafnframt voru sett þau skilyrði m.a. að kosið yrði til þings eigi síðar en 25. apríl og kosið yrði til sérstaks stjórnlagaþings sem muni semja nýja stjórnarskrá fyrir Ísland.

Vinstri flokkarnir gengu að þessu tilboði og á einni nóttu breyttust mótmælafundir á Austurvelli í sigurhátíð, þar sem fagnað var þeim áfanga að koma ríkisstjórninni frá.

Við framsóknarmenn erum stoltir af okkar hlut í því að koma á meiri friði í samfélaginu. Við erum stoltir af því að hafa komið því til leiðar að stjórnmálahreyfingarnar þurfi að endurnýja umboð sitt hjá fólkinu í landinu í almennum Alþingiskosningum þann 25. apríl. Einnig erum við stoltir af því að sérstakt stjórnlagaþing muni semja nýja stjórnarskrá sem borin verður undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2011. Tími breytinga er kominn.



**ELDAR LOGA** Búsáhaldabyltingin boðar nýja tíma í íslensku samfélagi.


Staða íslenskra heimila og atvinnulífs kallar á róttækar

AÐGERÐIR STRAX

1. sæti **Reykjavík norður**
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

2. sæti **Reykjavík norður**
Ásta Rut Jónasdóttir, fyrrverandi formaður Hagsmunasamtaka heimilanna



FRAMSÓKN

Gleðilega páska!
Oddi hf. Patreksfirði

Leigufélagið Skjól, Ans og Spesía

**senda Reykvíkingum og landsmönnum öllum páskakveðjur**

Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er **opin frá kl. 9-22 alla virka daga** eftir páska og frá kl. 12-20 **um helgar**.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis. Utankjörfundarkosning í Reykjavík fer fram í **Laugardalshöll alla daga** eftir **páska** frá kl. 10-22.
- Framsóknarfólk! Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, þá sem búa annars staðar en getið er um á kjörskrá og vini og ættingja sem búsettir eru erlendis.
- Nánari upplýsingar um **kosningu utan kjörfundar** er að finna á undir viðkomandi kjördæmi. Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við skrifstofu Framsóknarflokksins í síma 540 4300 eða á netfangið
- Nánari upplýsingar um **hvar kjósa má erlendis** er að finna á vefsíðunni:

framsokn.is

FRAMSÓKN

Óskum landsmönnum gleðilegra páska

Grýtubakkahreppur
Þingeyjarsveit
Norðurþing
Norðurorka nýtt afl
nýja kaffibrennslan
Sögin ehf
íslensk framleiðsla
www.golflistar.is
TANDRABERG EHF
Strandgata 64 – 735 Fjarðabyggð
476 1624 – 892 1208
SÓLSKÓGAR ehf.
Uppspretta gróðurs í 20 ár -1989-2009
Kaffihúsið guesthouse
DAGSKRÁIN Á AUSTURLANDI
HÉRAÐSPRENT
Miðvangur 1 - 700 Egilsstaðir
Sími 471 1449 - Netfang: print@heradsprent.is
AUSTFAR

## LEIÐARI

eftir Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins

# Kyrrstaðan rofin

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar var ekki stjórn mikilla verka eða aðgerða þrátt fyrir mikinn þingstyrk. Í meira en ár sat ríkisstjórnin aðgerðarlítil og brást ekki við yfirvofandi hruni þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir. Eftir hrunið leystist stjórnin upp í innbyrðis átök og stjórnleysi.

Kyrrstöðuna varð að rjúfa. Því ákváðum við framsóknarmenn að verja minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vantrausti gegn ákveðnum skilyrðum sem lutu m.a. að því að Alþingiskosningar yrðu haldnar ekki síðar en 25. apríl nk., að strax yrði komið til móts við skuldsett heimili og rekstrarskilyrði íslensks atvinnulífs bætt, auk þess sem komið yrði á stjórnlagaþingi til að semja nýja stjórnarskrá.

Þingflokkur Framsóknarflokksins gerði sér grein fyrir því að ákvörðunin kynni að setja flokkinn í erfiða stöðu. Flokkurinn naut þá góðs fylgis í könnunum og átti þann kost að sitja hjá og fylgjast með hnignun annarra flokka. Framsóknarflokkurinn valdi ekki þá leið að sitja hjá aðgerðarlaus, flokkurinn hefur sýnt það og sannað í nær heila öld að hann er óhræddur við að axla ábyrgð og gengur í mál þegar öðrum fatast.

Það var og er mat okkar framsóknarmanna að hagsmunir þjóðarinnar hafi ávallt forgang fram yfir stundarhagsmuni stjórnmálanna. Stjórnmálaflokkur sem vill vera trausts verður þarf að vera sjálfum sér samkvæmur, koma heiðarlega fram og tala skýrt.

### Djarfar tillögur

Alls hafa 347 fyrirtæki lent í greiðsluþroti á fyrstu þremur mánuðum þessa árs eða um fjögur fyrirtæki á dag. Þar af er búið að úrskurða 260 fyrirtæki gjaldþrota. Ástandið á enn eftir að versna. Lánstraust gerir ráð fyrir því að 3355 fyrirtæki fari í greiðsluþrot á næstu 12 mánuðum eða hátt í tíu fyrirtæki á dag. Í dag eru um 18 þúsund manns atvinnulaus, þar af hafa um 4-5 þúsund manns misst vinnuna á síðustu tveimur mánuðum. Þegar svo er komið snertir ástandið hverja einustu fjölskyldu í landinu. Í stað þess þróttar og bjartsýni sem lengst af hefur einkennt íslenskt þjóðlíf búa nú þúsundir fjölskyldna við vanlíðan og kvíða fyrir morgundeginum. Slíkt ástand má ekki verða hlutskipti íslenskrar þjóðar.



Framsóknarflokkurinn gengur til kosninga með djarfar en raunhæfar lausnir og boðar aðgerðir strax. Tafsamar, ómarkvissar og fálmkenndar aðgerðir núverandi ríkisstjórnar munu aðeins auka á vandann.

Við þurfum að leiðrétta skuldir sem orðið hafa til þegar forsendur brustu fyrir afborgunum heimila og fyrirtækja. Við þurfum að endurreisa atvinnulíf sem skapar fólki og fyrirtækjum tekjur. Það skilar aukinni skattheimtu til hins opinbera og þar af leiðandi verður hægt að standa undir öflugu velferðarkerfi. Atvinnumál eru í raun stærsta velferðarmálið.

Tíminn
Hverfisgötu 33, 101 Reykjavík
www.framsokn.is
**Útgefandi:** Framsóknarflokkurinn
**Ritstjóri:** Jón Kristjánsson
**Ábyrgðarmaður:** Sigfús Ingi Sigfússon
**Hönnun og umbrot:** Birgir Þór Harðarson
**Dreifing:** Dreift til allra heimila á landinu

## ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ

Steingrímur Hermannsson skrifar:

# Hinn gullni meðalvegur

Í prófkjöri sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar 1971 var Ólafur Björnsson, prófessor og alþingismaður, felldur. Þar voru ungir frjálshyggjumenn að verki. Þá um vorið flutti Ólafur eins konar kveðjuræðu á Alþingi. Sú ræða varð mér afar eftirminnileg. Ólafur lýsti í ræðunni þeirri skoðun, að þótt frelsi einstaklingsins til athafna bæri að auka, mætti það aldrei verða svo algjört, að versti eiginleiki mannsins, eigingirndin, réði gerðum hans. Meðal sjálfstæðismanna hlaut þessi ræða nafnið hrollvekjan. Því nefni ég þetta, að mér sýnist, að það eigi mikið erindi til okkar í dag.



**HROLLVEKJAN Á ERINDI.** Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, segir að gjaldþrot frjálshyggjunnar hvíli eins og mara á landsmönnum. LJÓSMYND/GVA

### Þjóðarsáttin

Eflaust er þjóðarsáttin, sem náðist í janúar 1990, sá atburður, sem vegur þyngst á mínum pólitíska ferli. Verðbólga hafði herjað meira eða minna frá stríðslokum og valdið stöðugum sveiflum og átökum í íslensku efnahagslífi. Þótt mönnum væri löngu orðið ljóst að við slíkt ástand varð ekki búið, skorti vilja til að gefa eftir af ítrustu kröfum. Árið 1986 vantaði aðeins herslumuninn til þess að þjóðarsátt næðist. Eftir myndun félagshyggjustjórnarinnar 1988 var tilraun til þjóðarsáttar endurvakin. Aðilar vinnumarkaðarins stóðu ásamt bændum að því verki af heilindum og í góðu samstarfi við ríkisstjórn, þar sem einnig ríkti fullur einhugur. Menn settu sér markmið og höfðu fullan vilja til að ná því. Þetta var erfiður tími en sérstaklega ánægjulegur. Þjóðarsáttin náðist af því að menn báru gæfu til að rata hinn gullna meðalveg.

Eftir þjóðarsáttina hjaðnaði verðbólgan hratt. Brautin framundan virtist björt. Kominn var grundvöllur til að byggja á þjóðfélag félagshyggju að norrænni fyrirmynd, þjóðfélag velferðar og jafnræðis, þjóðfélag frjálsra einstaklinga, sem ynnu í sátt að efnahagslegum framförum.

### Frjálshyggjan

Í kosningunum 1991 héldu þrír af fjórum stjórnarflokkunum sínu fylgi og þar með meirihluta á Alþingi. Grundvöllur var því til þess að halda áfram farsælu samstarfi. Það fór þó á annan veg. Frjálshyggjumenn sáu sér leik á borði. Á frægum fundum í Viðey tókst þeim að lokka Jón Baldvin til samstarfs. Að vísu munu þær þreifingar hafa verið hafnar fyrir kosningar. Alþýðuflokkurinn gerðist skósveinn sjálfstæðismanna við innleiðslu nýfrjálshyggjunnar sem grundvöll íslensks efnahagslífs. Loksins 20 árum eftir að Ólafur Björnson hafði varað við græðginni, sem fylgir óheftri frjálshyggju, varð postulum hennar að ósk sinni.

Afleiðingarnar þekkja allir í dag. Gjaldþrot frjálshyggjunnar hvílir eins og mara á öllum landsmönnum. Menn spyrja, hverju var um að kenna? Eflaust má ýmislegt tína til. Ef til vill

> Skellt var skollaeyrum við öllum aðvörunum. Í staðinn fyrir að þvinga bankana til að draga saman seglin var lengt í hengingarólinni.

má segja frjálshyggjupostulunum til afsökunar, að markaðshyggjan fór eins og eldur í sinu um hinn vestræna heim. Hagfræðingar kepptust um að boða ágæti hennar. Sumir boðuðu jafnvel að græðgin væri ein besta lyftistöng framfaranna.

Brautryðjendur frjálshyggjunnar hér á landi unnu í þessum anda. Öllum hindrunum var rutt úr vegi. Jafnvel sú ágæta stofnun, Þjóðhagsstofnun, sem reynst hafði ómetanleg við gerð þjóðarsáttar, var lögð niður. Fjármálaeftirlitið virðist hafa verið til málamynda og fremur starfað sem þjónustustofnun bankanna en sinnt eftirliti með starfsemi þeirra. Seðlabankinn felldi niður bindiskyldu til að auðvelda bönkunum ofþensluna, og stjórnmálaforingjarnir kepptust við fram á ystu nöf að lofsyngja ágæti íslensku bankanna, svo etthvað sé nefnt. Skellt var skollaeyrum við öllum aðvörunum. Í staðinn fyrir að þvinga bankana til að draga saman seglin var lengt í hengingarólinni.

Líklega voru þó örlagaríkustu mistökin gerð við einkavæðingu bankanna. Í stað þess að tryggja, að þeir yrðu í eigu þjóðarinnar með dreifðri eignaraðild, eins og samkomulag virtist vera um, voru þeir afhentir fámennum hópum fjárglæframanna. Það er þessi hópur græðgissjúkra einstaklinga, sem á stærstu sökina á hruni hins íslenska efnahagslífs.

### Skuldafenið

Að sjálfsögðu átti hin alþjóðlega markaðshyggja stóran þátt í því hvernig komið er. Mikið fjármagn var falt og leitaði þangað sem ávöxtun var mest. Ísland var auðveld bráð. Óhemju fjármagn var tekið að láni og nánast allt keypt sem falt var, ný fyrirtæki stofnuð, hlutafé þeirra blásið upp á fölskum forsendum flókinna víxltengsla, sem lágu yfirleitt beint inn í bankana. Skuldir bankanna urðu hátt í tólffaldar þjóðartekjur.

Því miður hreifst mikill fjöldi saklausra einstaklinga, smærri fyrirtækja og bæjarfélaga með í kaup- og þensluæðinu, enda lánsfé óspart í boði. Þessir aðilar eru nú bundnir á skuldaklafa, sem þeir ráða fæstir við.

### Hvað er til bjargar?

Við Íslendingar verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að útilokað virðist að við getum greitt þær skuldir, sem á einstaklingum, fyrirtækjum og þjóðarbúinu hvíla. Ekki bætir það úr skák að við blasir vaxandi atvinnuleysi og minnkandi þjóðartekjur. Lántakendur einir eiga ekki að bera þessar byrðar. Það verða einnig lánveitendur að gera. Áætla verður án frekari tafa hvað miklar skuldir þjóðin getur borið, leggja dæmið fyrir lánveitendur með þeim skilaboðum að svo mikið geti þeir fengið, eða, að öðrum kosti, lítið sem ekkert. Ef við gerum þetta ekki eigum við á hættu að tapa öllu, meðal annars náttúruauðlindunum.

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn, sem haft hefur kjark til að horfast í augu við þessar staðreyndir. Tillaga framsóknarmanna um 20% niðurfærslu skulda heimila og fyrirtækja er spor í rétta átt. Jafnframt þarf að leita samninga við erlenda kröfuhafa um viðráðanleg kjör og það sem fyrst.

Ef við göngum hreint til verks og horfumst í augu við staðreyndirnar, hef ég mikla trú á framtíð þjóðarinnar. Við eigum miklar náttúruauðlindir til lands og sjávar, sem, ef vel er farið með, geta orðið grundvöllur endurreisnar. Jafnvel enn meira virði er mannauðurinn, sem felst í vel menntuðu ungu fólki, sem býr yfir mikilli þekkingu og hugmyndum um nýsköpun. En til þess að slíkt nýtist vel þarf grundvöllurinn að vera traustur, og við að bera gæfu til að rata hinn hinn gullna meðalveg til framtíðar.

## NORÐAUSTURKJÖRDÆMI – 1. SÆTI

# Næga atvinnu fyrir alla

Birkir Jón Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, segir að Íslendingar þurfi á nýrri þjóðarsátt að halda.

**Hvers vegna fórstu að starfa í pólitík?**
Ég byrjaði að fylgjast með stjórnmálum mjög snemma og myndaði mér þá sterkar skoðanir á mönnum og málefnum. Í framhaldi af því varð ég virkur í félagslífi. Ég er einnig alinn upp í frekar pólitísku umhverfi, þar sem talið er eðlilegt að fólk hafi skoðanir og berjist fyrir þeim.

**Hverjar eru helstu pólitísku hugsjónir þínar?**
Mín grundvallarhugsjón snýr að því að veita öllum jöfn tækifæri, óháð efnahag eða búsetu. Við þurfum að endurskoða gildismat okkar og hefja á ný til vegs og virðingar mannleg gildi; að manngildi sé ofar auðgildi og að við skilum betra og réttlátara þjóðfélagi til komandi kynslóða.

**Hver eru stærstu einstöku mál komandi kosninga?**
Tvímælalaust er það endurreisn efnahagslífsins með áherslu viðsnúning í atvinnuþróuninni og að grípa til aðgerða fyrir heimilin og fjölskyldurnar. Hér var orðið ófremdarástand í stjórnarfari á örlagastundu með Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn við völd í upphafi árs. Mér er engin launung á því að ég hefði viljað sjá málin tekin fastari tökum við borð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Sérstaklega hefðum við framsóknarmenn viljað sjá markvissari aðgerðir til að taka á vanda heimilanna og atvinnulífsins. Þau atriði hafa alltaf verið kjarninn í stefnu Framsóknarflokksins og svo er einnig nú fyrir kosningarnar.

**Hvers vegna ætti fólk að kjósa Framsóknarflokkinn, en ekki einhvern annan flokk?**
Framsóknarflokkurinn hefur sýnt það í gegnum tíðina að hann er nauðsynlegur í íslenskri pólitík til að halda jafnvægi milli öfgasjónarmiða bæði til hægri og vinstri. Það var í upphafi tíunda áratugarins sem Framsóknarflokkurinn leiddi þjóðarsáttina. Við þurfum á slíkri sátt að halda nú. Auk þess sem áherslur okkar eru sprottnar úr jarðvegi íslensks þjóðlífs sem byggir afkomu sína á frumatvinnugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, og þar er undirstaða okkar eins og hefur berlega sýnt sig. Sú samvinnu- og félagshyggjustefna sem Framsókn hefur ávallt staðið fyrir er sú stefna sem fólk kallar eftir núna. Þessu til viðbótar erum við eini flokkurinn sem hefur lagt fram róttækar tillögur í efnahagsmálum.

**Hver eru helstu áhugamál þín, utan stjórnmálanna?**
Það gefast fáar stundir til að sinna áhugamálum, en ég hef spilað bridge frá unga aldri og hef gaman af því.

**Hvernig verð þú frítímanum?**
Það er lítill frítími í pólitíkinni, mestur frítími minn undanfarin tvö ár hefur farið í MBA-nám við Háskóla Íslands, sem ég lýk vonandi í vor. Ef tækifæri gefst dvelst ég gjarnan norður á Siglufirði og í Fljótum, þar sem við bræðurnir, ásamt foreldrum okkar, eigum sumarhús og þá er gjarnan gripið í spil.

### SVIPMYND

Birkir Jón Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, verður þrítugur síðar á þessu ári. Hann er þingmaður kjördæmisins og á auk þess sæti í bæjarstjórn Fjallabyggðar. Birkir er stúdent frá FNV og stundar nú MBA-nám við Háskóla Íslands sem hann ráðgerir að ljúka í vor. Birkir er einhleypur, sonur Bjarkar Jónsdóttur, starfsmanns Íslandsbanka, og Jóns Sigurbjörnssonar, fjármálastjóra Menntaskólans við Hamrahlíð. Hann er barnlaus. Birkir var aðstoðarmaður félagsmálaráðherra í tíð Páls Péturssonar og vann margvísleg störf samhliða skóla, meðal annars hjá Sparisjóði Siglufjarðar og Olís.



1. SÆTI Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI
Birkir Jón Jónsson
LJÓSMYND/BALDUR KRISTJÁNSSON






Helga Sigrún Harðardóttir skrifar:

# Má bjóða þér nýjar hugmyndir og lausnir?

Síðastliðið haust færðust viðmið samfélagsins úr stað. Það sem áður þótti sjálfsagt og eðlilegt er það ekki lengur. Krafan um gagnsæi, sanngirni og heiðarleika hefur aldrei verið sterkari.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur endurnýjað liðsafla sinn með eins afgerandi hætti og Framsóknarflokkurinn sem nú býður fram vaska sveit og vel skipaða sem er staðráðin í að ná árangri og vinna vel fyrir fólkið í landinu.

Stefna framsóknarmanna fyrir komandi kosningar er skýr. Hún miðar að róttækum aðgerðum, m.a. með leiðréttingu upp á 20% af skuldum fyrir öll heimili og fyrirtæki í landinu til að létta af þeim byrðum sem hlaðist hafa upp undanfarið. Þannig er langflestum gert kleift að halda sínu striki þótt einhverjir þurfi viðbótaraðstoð. Þessi aðgerð er hreinleg, gagnsæ og skýr og ekki þarf að verja dýrmætum tíma í mat á hverju einasta láni. Í þessu samhengi er tíminn peningar því að óbætanlegt tjón hlýst á hverjum einasta degi sem líður án róttækra aðgerða.

Með þessum hætti er komið í veg fyrir að þeir sem fóru varlega tapi sínu eigin fé ef til hruns á fasteignamarkaði kemur. Aðgerðin er til þess fallin að létta byrðar allra, líka þeirra sem sýndu aðgætni og skynsemi og steyptu sér ekki í skuldafen eða völdu að eignast sitt húsnæði hraðar en aðstæður á markaði buðu upp á. Hvers vegna ættu þeir líka að bera þyngri byrðar en aðrir?

Ég skora á þig að meta vandlega fyrir komandi kosningar hvaða stjórnmálaflokkur er líklegastur til að ná árangri fyrir fólkið í landinu á næsta kjörtímabili. Eru það flokkarnir sem bjóða upp á sama fólkið með sömu hugmyndirnar og áður eða er það flokkurinn sem lengst gekk í nýliðun og hefur nú þegar lagt fram sanngjarnar tillögur sem taka mið af jafnræði, gagnsæi og árangri fyrir samfélagið í heild sinni?



Helga Sigrún Harðardóttir, alþingismaður

## REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR – 1. SÆTI

# Auðlindamál á oddinum

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn með róttækar tillögur að endurreisn heimilana, segir Vigdís Hauksdóttir, oddviti flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

**Hvers vegna fórstu að starfa í stjórnmálum?**

Ég hef brennandi áhuga á framvindu þjóðfélagsmála. Ég get ekki haft áhrif á þau nema með því að starfa í stjórnmálaflokki. Framsóknarflokkurinn er framsýnastur allra flokka hér á landi og því helga ég honum krafta mína.

**Hverjar eru helstu pólitísku hugsjónir þínar?**

Auðlindamál af öllu tagi eru mitt hjartans mál, hvort sem um er að ræða nýtingu þeirra, verndun eða gjaldtöku. Loftslagsmál eru mér einnig hugleikin ásamt umhverfisrétti. Hagkvæm auðlindanýting þjóðarinnar er forsenda uppbyggingarstarfsins sem nú er að hefjast.

**Hvers vegna ætti fólk að kjósa Framsóknarflokkinn, en ekki einhvern annan flokk?**

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur komið fram með róttækar tillögur að endurreisn heimilanna. Framsóknarflokkurinn er umbótasinnaður atvinnumálaflokkur og hefur ætíð lagt áherslu á hátt atvinnustig þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn vill aðgerðir strax.

**Hver eru stærstu einstöku mál komandi kosninga?**

Atvinnumál, björgun heimila og fyrirtækja, auk raunverulegra tillagna að sparnaði í ríkisrekstri.

**Hver eru helstu áhugamál þín, utan stjórnmálanna?**

Áhugamál mín eru flest samtvinnuð pólitíkinni eins og til dæmis áhugi minn á auðlindamálum þjóðarinnar. Annars eru það samvistir við fjölskylduna og útivera með börnunum mínum.

**Hvernig verð þú frítíma þínum?**

Ég nýti frítímann í gæðastundir með mínum börnum og til að lesa góðar bækur.



**FRAMSÓKNARREIÐ** Þrjár öflugar framsóknarkonur í útreiðartúr frambjóðenda í Reykjavík, Guðrún Valdimarsdóttir í 3. sæti Rvk suður, Vigdís Hauksdóttir í 1. sæti Rvk suður og Ásta Rut Jónasdóttir í 2. sæti Rvk norður.

### SVIPMYND

**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR,** oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, er lögfræðingur að mennt. Henni var gert að velja á milli þess að fara í framboð og starfa sem lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, eins og mikið var fjallað um í fjölmiðlum fyrir nokkrum vikum. Vigdís er 44 ára, dóttir Hauks Gíslasonar og Sigurbjargar Geirsdóttur. Hún á tvö börn, Hlyn Þorsteinsson, sextán ára, og Sólveigu Þorsteinsdóttur, ellefu ára.



**1. SÆTI REYKJAVÍK SUÐUR** Vigdís Hauksdóttir. LJÓSMYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

# Þjóðin fái að semja starfslýsingu Alþingis

Framsóknarflokkurinn vill að stofnað verði stjórnlagaþing.

Aðeins einn flokkur er á móti tillögu Framsóknar um stjórnlagaþing. Meginrökin fyrir stjórnlagaþingi eru þau að gefa þjóðinni tækifæri til að endurskoða stjórnskipun landsins. Það var ætlunin við stofnun lýðveldis. Því standast ekki andmæli um að stjórnlagaþing taki vald frá alþingismönnum sem eru nú einráðir um stjórnarskrána.

Þingmenn hafa á undanförnum 65 árum ekki getað sæst á meiriháttar breytingar á stjórnarskrá auk þess sem Framsóknarflokkurinn hefur fært þau rök fyrir tillögu sinni um stjórnlagaþing að óeðlilegt sé að Alþingi ákveði sína eigin starfslýsingu og tengsl sín við ríkisstjórn, dómstóla o.s.frv. Aldur stjórnarskrárinnar, 130 ár, er því ekki meginástæðan fyrir stjórnlagaþingi.

Andstæðingar stjórnlagaþings vilja að það sé ráðgefandi. Þeir óttast völd þess. Ekki hefur þó verið lagt til að stjórnlagaþing eigi lokaorðið. Þingið á að gera tillögu til þjóðarinnar um nýja stjórnaskrá, eftir samráð við Alþingi. Með „ráðgefandi" er því í raun átt við að stjórnlagaþing geri tillögu til Alþingis í stað þjóðarinnar.



**KRÖFTUGT FLOKKSÞING** Framsóknarmenn tvínónuðu ekki við að svara kalli almennings um breytingar. Stjórnlagaþing var ein af tillögum flokksþingsins í janúar síðasliðinn. MYND/EINAR ERLENDSSON

Framsóknarflokkurinn vill að ný og nútímaleg stjórnarskrá verði samin af stjórnlagaþingi þar sem eiga sæti þjóðkjörnir fulltrúar, að skerpt verði á aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdavalds og ráðherrar gegni ekki þingmennsku.



Þórir Ingþórsson ásamt ömmu sinni Guðrúnu Bjarnadóttur

## Baráttuandinn mun eflast

**REYKJAVÍK NORÐUR** Þórir Ingþórsson, sem er í 3. sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík norður, segir að helsta áhyggjuefni kjósenda sé atvinnuöryggi. „Ísland mun fleyta sér yfir þessa erfiðleika með hugviti, reynslu og þekkingu. Ekki síst á sviði veiða og vinnslu á sjávarfangi." Ísland eigi margar auðlindir sem nýtast þjóðinni. „Aðalmálið er að hámarka hagnað. Baráttuandi þjóðarinnar mun vaxa um leið og stjórnvöld koma með skýra framtíðarsýn."



Eygló Harðardóttir

## Sitjið ekki heima á kjördag

**SUÐURKJÖRDÆMI** Eygló Harðardóttir alþingismaður, sem er í 2. sæti í Suðurkjördæmi, segir það valda sér þó nokkrum áhyggjum að stjórnvöld telji fullnægjandi að fresta greiðslum húsnæðisskulda um 2-5 ár. „Án raunverulegra aðgerða til aðstoðar heimilunum munu 100.000 fjölskyldur kikna undan skuldabyrðinni á meðan þær sem eftir eru burðast með skuldir það sem eftir er. Meðal helstu áhyggjuefna kjósenda er hvernig framtíð þeir geti búið börnunum sínum."



Kosningamiðstöðin er við Hólabraut í miðbæ Akureyrar.

Opnun kosningamiðstöðvar:

## Skrautlegt í miðbæ Akureyrar

Kosningamiðstöð framsóknarmanna við Hólabraut í miðbæ Akureyrar minnir svo sannarlega á að kosningarnar eru á næstu grösum. Búið er að setja nýjar merkingar á húsið og eins og sjá má prýða frambjóðendur veggi og x-B merkið er áberandi!

Frambjóðendur í Norðausturkjördæmi:

## Stilltu saman strengi í sólinni í Mývatnssveit

Frambjóðendur á listanum í Norðausturkjördæmi, stjórnarmenn í Kjördæmissambandi framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi og starfmenn við framboðið stilltu saman strengi og lögðu drög að kosningabaráttunni í Mývatnssveit þann 22. mars. Óhætt er að segja að sólin og vetrarfegurðin í sveitinni hafi aukið fólki baráttuþrek og bjartsýni.

Strax að þessari vel heppnuðu helgi lokinni var hafist handa í linnulítilli fundaferð og heimsóknum um allt kjördæmið. Og þannig verður unnið í nálægð við kjósendur allt til kjördags.



Frá vinstri: Valgerður Sverrisdóttir (20. sæti), Hafþór Eide Hafþórsson (9. sæti), Höskuldur Þór Þórhallsson (2. sæti), Sigfús Karlsson (4. sæti), Hallveig Höskuldsdóttir (6. sæti), Huld Aðalbjarnardóttir (3. sæti), Þórarinn Ingi Pétursson (7. sæti) og Birkir Jón Jónsson (1. sæti).



**FRAMBOÐSFUNDUR** Sindri Sigurgeirsson og Guðmundur Steingrímsson, frambjóðendur Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi. MYND/BJARNI BENEDIKTSSON

Árneshreppur á Ströndum:

## Framsóknarmenn gegnum skaflinn

Frambjóðendur Framsóknarflokksins sigldu ótrauðir í kjölfarið á snjóruðningstækjum Vegagerðarinnar sem ruddu þeim leiðina í Árneshrepp á Ströndum í vikunni. Þar voru á ferð Guðmundur Steingrímsson og Sindri Sigurgeirsson, frambjóðendur í Norðvesturkjördæmi, auk Bjarna Benediktssonar kosningastjóra. Þeir félagar heimsóttu íbúa og héldu opinn fund í félagsheimilinu í Trékyllisvík. Fundarsókn var góð eins og venja er í Árneshreppi og umræður snarpar og skemmtilegar. Fundarmönnum var tíðrætt um efnahagsmál, samgöngumál og fyrirhugaða Hvalárvirkjun. Í lok fundar þökkuðu svo frambjóðendur fyrir sig með söng og harmonikkuleik.

# Dagskrá fram að kosningum

Það er mikið um að vera hjá framsóknarmönnum um land allt fram að kosningum. Sjá nánar á www.framsokn.is/kjordaemi.

| Dags. | Reykjavíkurkjördæmi | Suðvesturkjördæmi | Suðurkjördæmi | Norðausturkjördæmi | Norðvesturkjördæmi |
|---|---|---|---|---|---|
| 11. apríl 2009 | | | Sýning í Reiðhöllinni á Hellu Körfuboltaleikur í Grindavík | | Framsóknarball í Borgarnesi |
| 12. apríl 2009 | | | | Kaffihúsakvöld Eysteins í Austrasalnum | |
| 13. apríl 2009 | Páskaeggjaleit og fjallganga | | | Framsóknarvist í Austrasalnum. Vegleg verðlaun! | |
| 14. apríl 2009 | Borgarafundur á RÚV Reykjavík norður | | Opinn fundur í Vestmannaeyjum | Bændafundur með frambjóðendum í Leikhúsinu á Möðruvöllum | |
| 15. apríl 2009 | | Opnun kosningaskrifstofu í Mosfellsbæ, Háholti 14 | | Opnun kosningaskrifstofu og fundur með frambjóðendum á Húsavík og í Reykjadal | Opnun kosningaskrifstofu og fundir víða (framsokn.is) |
| 16. apríl 2009 | Átthagakvöld SU í kosningamiðstöðinni í Borgartúni kl. 20 | | Bændafundur á Hótel Selfossi | Borgarafundur á RÚV | Bændafundur í Borgarnesi Hádegisfundur í Ólafsvík |
| 17. apríl 2009 | Alþjóðahátíð | | Formleg opnun kosningaskrifstofu á Höfn og Selfossi | Bændafundur á Egilsstöðum og opnun kosningaskrifstofu í Neskaupstað | Opnun kosningaskrifstofu á Blönduósi. Partí víða. |
| 18. apríl 2009 | | | | Opnun kosningaskrifstofa á Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Djúpavogi | Opnun kosningaskrifstofu og fundir víða (framsokn.is) |
| 19. apríl 2009 | Alþjóðahátíð | | | Kaffi eldri borgara á Hótel KEA og fundur á Dalvík | Fundur í Fljótum |
| 20. apríl 2009 | | | Borgarafundur á RÚV | Opinn fundur stéttarfélaga á Akureyri með oddvitum | Fundir í Bolungarvík, Húnaveri, á Flateyri og Blönduósi |
| 22. apríl 2009 | Borgarafundur á RÚV Reykjavík suður Konukvöld kl. 20 | | | Kvennakvöld á Akureyri | Fundir á Hvammstanga og á Akranesi |
| 23. apríl 2009 | Sumarhátíð | | | Kvennakvöld á Egilsstöðum | |
| 24. apríl 2009 | Leiðtogaumræður á RÚV | Leiðtogaumræður á RÚV | Leiðtogaumræður á RÚV | Leiðtogaumræður á RÚV | Leiðtogaumræður á RÚV |
| 25. apríl 2009 | **Alþingiskosningar 2009** | **Alþingiskosningar 2009** | **Alþingiskosningar 2009** | **Alþingiskosningar 2009** | **Alþingiskosningar 2009** |

# 20% LEIÐRÉTTING

FYRIR OKKUR ÖLL



Við skulum ímynda okkur götu þar sem eru 10 hús. **Þau eru öll jafn verðmæt. Rauðu** tölurnar sýna hvað hvert heimili skuldar og **grænu** tölurnar hversu mikið hvert heimili getur borgað.



Í þessu tilviki getur heimilið bara borgað **110 en þyrfti að borga 170.**



Ef bankinn ætlaði að taka húsið af þessu fólki og öðrum sem ekki geta borgað eru **fimm hús í götunni komin á sölu og fimm fjölskyldur heimilislausar.**






Ef mikill fjöldi fasteigna er settur á sölu eru í raun engin takmörk fyrir því hversu lágt verðið á þeim getur orðið. **Á Íslandi gæti orðið algert hrun á fasteignamarkaði.** Slíkt hrun er hafið annars staðar. Áhrifin af þessu eru þau að hin húsin, þar sem fólk gat þó greitt, falla líka í verði. Allir tapa á allsherjar hruni á fasteignamarkaði. **Fleiri lenda svo í erfiðleikum í kjölfarið og keðjuverkun verður.**




**En hvað er til ráða?** Hvernig getum við komið í veg fyrir hrun?




**Framsóknarflokkurinn hefur sett fram hugmynd um 20% afskriftir af höfuðstóli allra íbúðarlána.** Forsendan er sú að samningar um afskriftir lána náist við erlenda kröfuhafa. **Flest bendir til þess að það sé raunhæft.**



Skoðum nú dæmið að nýju. 20% leiðrétting leiðir til þess að **fjórar af fjölskyldunum fimm geta haldið áfram að borga og missa ekki heimili sín.**



Skiptum nú þjóðinni í þrjá hópa. **Í sumum tilvikum duga 20% ekki,** í þeim tilvikum þarf meira til, þá þarf önnur úrræði. Það sem mestu máli skiptir hins vegar fyrir kröfuhafa og heimilin er að sem flestir geti þó haldið áfram að borga.





20% geta leitt til þess að mjög margir geta haldið áfram að borga sem hefðu ekki getað það ella. **Þá er bankinn ánægður og fjölskyldurnar líka.**





Svo er það fólkið sem hefði getað haldið áfram að borga án þess að fá 20% niðurfellingu. Hvaða áhrif hefur niðurfellingin á það? Jú, hún opnar möguleika á því að þessi hópur fólks auki við neyslu sína og fjárfestingar. En það er einmitt það sem þarf til þess að **halda þjónustu og fjárfestingum gangandi og til að halda fyrirtækjum í rekstri. Þegar fleiri fyrirtæki haldast í rekstri verða færri atvinnulausir.**



Það leiðir til þess að það fækkar í hópi nr. 1. Heimili úr þeim hópi geta þá haldið áfram að borga af lánum sínum og færast þá yfir í hóp nr. 2. **Endanleg áhrif eru þau að fleiri heimili geta haldið áfram að greiða til kröfuhafa og bankanna.**




Þegar allt kemur til alls, fá bankarnir og kröfuhafarnir meira en þeir hefðu fengið ef ekki hefði komið til niðurfellingar. Lykilatriðið er þó að með þessu getum við **komið í veg fyrir að fjöldi fólks missi heimili sín á Íslandi og að allsherjar verðhrun verði á eignum fólks.**




Framsóknarflokkurinn vill ekki bíða eftir að það gerist. **Framsóknarflokkurinn vill aðgerðir núna!**

**Sjá skýringarmyndband á framsokn.is**

## Verslun










## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

## Til bygginga

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. Opið alla páskana. S. 823 8280.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ - ÚTSKURÐUR**
silfurleir 15.4.-9.500kr Víravirki 14.&16.4-18.000kr Víkingakeðjur 20.4.-6.500kr Perlufestar 21.4.-6.500kr Tréútskurður,tálgun,brýnsla&scrimshaw í apríl. Skráning & uppl. Handverkshúsið s:555-1212

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 PM or 10-11:30 AM !**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 10-11:30 AM start 14/4. Level II: 7w: Md,Wed,Frd; 20-21:30 start 14/4 Level III: 4w: Md-Frd: 13-15:30:14/4. Level IV:10w: Tuesd/Thursd 20-21:30: 29/4. Level VI: 20w: Sat: 10-11:30:19/4 Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice

**AM/PM ! INTER-LINGUAL**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 10-11:30 AM start 14/4. Level II: 7w: Md,Wed,Frd; 20-21:30 start 14/4 Level III: 4w: Md-Frd: 13-15:30:14/4. Level IV:10w: Tuesd/Thursd 20-21:30: 29/4. Level VI: 20w: Sat: 10-11:30:19/4 Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice



Skipstjórnarskólinn býður upp á smáskipanámskeið í lotufjarnámi og skemmtibátanámskeið í fjarnámi, nánari upplýsingar www.tskoli.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Regal**
Super premium hundamatur
1,8 kg 1.680
7,5 kg 4.480
15 kg 7.580
Dýrabær
Hlíðasmára 9
& Smáralind
www.regalpetfoods.com

3 Fiskabúr með fiskum og fylgihlutum. uppl. í s. 864 5290



**www.hundaheimur.is**
Snyrtiborð með gálga, tvær stærðir og vinsælu járnbúrin komin aftur - Áfram frábær verð. Hundaheimur Mosfellsbæ

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

## Fyrir veiðimenn



**Lax-Bleikja-Gæs**
Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalsá og Kolku í Skagafirði. Einnig kornakur í gæs í haust. Uppl. á www.svfr.is og í s. 868 4043.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**










Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**




Leigð'ann og aktu sjálfur. Uppl. í s. 898 3206.

ATH 90m2 nýl ósamþ íbúð í Garbæ, mikil lofthæð, dýrahald ok, v 95þ s 892-7858

2ja herb íbúð 61 m2 i Seltjarnarnesi Verð 80 þús. langtímaleiga s:6623395

LANGTÍMALEIGA Í GARÐABÆ. Til leigu 100fm 3ja herbergja íbúð á besta stað í Garðabæ. Leiga 129 þús. Upplýsingar í síma 565 9118.

Pokoje do wynajecia na Breiðholt Rvk. Informacji dzwon Wieslawa Ksiazko 6622579

4. herb. íbúð á 3 h. í Lindahverfi Kóp. upplýsingar í síma 8200587 Laus strax.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4 herb. 85 ferm í fossvogi verð 125 þúsund, uplýsingar í síma 6934532.

til leigu 105 fm, 4. herbergja íbúð á jarðhæð í kópavogi, leiga 130 þús á mánuði uppl. í síma 866-8993 eða 823-9114

2 herb. 63fm íbúð á neðri hæð í einbýlishúsi að Álfaskeiði í Hafnafirði. Sérinngangur. Laus strax. Leiga kr.70þ. pr. mán. Uppl. í s.695 0448.

## Húsnæði óskast

Vinnustofa með íbúð eða stærri íbúð óskast fyrir myndlistarmann í pnr. 101, 107, 104, 105. Greiðslugeta um 100 þús+. Uppl í síma 8454718, Sigrún.

Skilvísum greiðslum heitið. Reglusamur aðili óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð í hverfum 101-107,170, 200. Vinsaml. hafið samb. í s.661-7363 eða sveinnrr@gmail.com

## Fasteignir

90fm íbúð á Akureyri í skiptum fyrir eign á Höfuðborgarsvæðinu eða í Vestmannaeyjum. Eignin er metin á 15-16,000,000, 5mínútna gangur að Háskólanum. Áhugasamir hafi samband: bretarnir@live.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 70m2 nýl Iðnaðarbil í Grbæ WC Stór Hurð næg Stæði verð 85þ S 892-7858

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**getum bætt við okkur starfsmann í uppþvottinn. Vinnutími 16- ca. 1 eða 2, 14 daga á mánuði.**

**Hæfniskröfur: mjög góð íslensku- eða enskukunnátta, stundvísi, geta til þess að vinna undir álagi. Ef þú vilt læra matreiðslu á einum besta veitingastað á Íslandi getur þú sótt um hjá okkur. Vorum að útskrifa nokkra frábæra matreiðslumenn og erum með laust pláss fyrir áhugasama nema. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

Starfskraftur óskast við vöruáfyllingar í verslanir. Vinnutími er frá kl 9 til 14. Sendið umsókn á fossa@mi.is fyrir 15.apríl.

Viltu auðga líf mitt? Ég er 39 ára kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst. Í boði eru ýmis starfshlutföll og góð laun sem hækka með reynslu. Um er að ræða kvöld- og helgarvaktir. Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.
Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi. Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: asdisjenna hjá simnet.is Með fyrirfram þökk, Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

Leitum af ungum liðtækum forritara til að forrita heimas./gagnasafn. Kunnátta á helstu vefforritrunakóðum og geta til að tengja hana kortagrunn er skilyrði(Cloudmade.com). Uppl. Einar s:659-9003 og iceatlas.is/forritari/

ATVINNA Í boði er að taka við rekstri með verkefnum, vélum og tækjum. Jarðvegsvinna, hellulagnir og sólpallar. Áhugasamir hafið samband: krthorisson@yahoo.com Góð kjör

HÁRSTOFAN MODUS ÓSKUM EFTIR FÓLKI Í STÓLALEIGU UPPL. Í S: 8661172 EÐA 8983555

Vanan háseta vantar á humarbát. Upplýsingar í síma. 899-2857

Hársnyrtistofan Wink Smáratorgi óskar eftir nemum og klippurum. Upplýsingar á staðnum.

**Símadömur óskast**
Finnst þér gaman að daðra við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar símadömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is.

**Svolítið djarfar ljósmyndir óskast**
Vefurinn Sexychat.is will kaupa örlítið djarfar ljósmyndir íslenzkra kvenna. Frekari uppl. á www.sexychat.is (Tekjulindir).

## Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Íslenskt par óskar eftir aukavinnu á morgnanna og/eða kvöldin. Tökum að okkur þrif á heimilum og skrifstofum, auk barnapössunar. S. 868 0799 & 846 6056.

Woman takes care of: cleaning houses, apartments and caring gardens. S. 892 6958.

Múrverk og flísalögn Múrarameistari getur bætt við sig verkefnum, sími 849-4423

## Viðskiptatækifæri

Við erum að leigja út rekstur með öllum tækjum. Gott tækifæri til að skapa sér tekjur í kreppunni. Sendið síma og annað á smaar@frett.is merkt **08.04.09**

We are renting out fully equipped buisness. A good income opportunity in the crisis. You can send your telefonenumber etc. to smaar@frett labeled **08.04.09**

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



Yorka-strákar fæddir 24. janúar, 2009 Sprautaðir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ, vantar heimili. Aðeins úrvalsfólk kemur til greina. Endilega skoðið heimasíðu okkar www.Rosetopps.is 8991277 - Klara

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**



**Símadömur - Gleðilega páska**
**Ertu einmana um páskana ? Hringdu þá til okkar. Við viljum vera draumadísirnar þínar þegar þér hentar. S. 908 6666 & 908 2000.**

## GREIÐAN

### Hárgreiðslustofa

Óskum eftir hressum starfskrafti í fullt starf, hálfft starf eða stólaleigu.

Áhugasamir hafi samband á e-mail: hrafnhildur@mi.is

---

Grunnskóli Siglufjarðar – Fræðsla frá 1883

## Fjallabyggð auglýsir eftir kennurum skólaárið 2009 - 2010

**Í Grunnskóla Siglufjarðar vantar grunnskólakennara fyrir næsta skólaár. Meðal kennslugreina eru íþróttir, dans, heimilisfræði og almenn kennsla.**

Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 464-9150 og 845-0467 eða í gegnum netfangið skolastjori@sigloskoli.is. Upplýsingar um skólann er að finna á www.sigloskoli.is

**Einnig vantar grunnskólakennara í almenna kennslu við Grunnskóla Ólafsfjarðar fyrir næsta skólaár.**

Áhugasamir hafi samband við Þórgunni Reykjalín Vigfúsdóttur skólastjóra í síma 464 9222 eða í gegnum netfangið threyk@olafsfjordur.is

**Umsóknarfrestur er til 6. maí nk.**

Sveitarfélagið Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Þar búa um 2.100 manns. Bæirnir tveir eru afar fjölskylduvænir og þaðan er stutt í góða útivistarmöguleika jafnt að sumri sem vetri. Fjölbreytt þjónusta er í bæjunum og mannlíf gott og líflegt.
Hægt er að nálgast upplýsingar um sveitarfélagið á www.fjallabyggd.is

Fjallabyggð

---

mast Matvælastofnun

## Dýralæknir inn- og útflutningseftirlits

Matvælastofnun óskar eftir að ráða dýralækni inn- og útflutningseftirlits í fullt starf á inn- og útflutningsskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða
- Útgáfa inn- og útflutningsvottorða eftir því sem við á
- Útgáfa opinberra heilbrigðisvottorða
- Ráðgjöf um inn- og útflutningsmál búfjárafurða og lifandi dýra
- Framkvæmd áhættumats vegna innflutningsmála
- Samskipti við innlendar og erlendar stofnanir sem tengjast inn- og útflutningseftirliti
- Fylgjast með smitsjúkdómum í búfjárafurðum í öðrum ríkjum
- Fylgjast með löggjöf og þróun á sviði inn- og útflutnings í öðrum ríkjum
- Upplýsinga- og gagnaöflun ásamt skýrslugerð
- Ýmis önnur verkefni sem tengjast starfsemi inn- og útflutnings-skrifstofu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Dýralæknismenntun
- Kostur að umsækjandi hafi starfað við inn- og útflutningseftirlit eða þekki til slíkra starfa
- Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg
- Þekking á lögum og reglum EES er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta – enska og eitt norðurlandamál

Nánari upplýsingar um starfið veita Þorvaldur H. Þórðarson (tht@mast.is) og Hafsteinn Jóh. Hannesson (hafsteinn.hannesson@mast.is) og í síma 530-4800. Umsóknum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Dýralæknir inn- og útflutnings" eða með tölvupósti á mast@mast.is en umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2009. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er hægt að nálgast á vefsíðu hennar, www.mast.is.

---

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

## Grunnskólinn Ljósaborg

## Kennari óskast

**Okkur vantar áhugasaman og kröftugan umsjónarkennara á yngsta stig fyrir næsta skólaár.**

Við leggjum m.a. áherslu á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt- og náttúrufræði, list- og verkgreinar og teymisvinnu. Grunnskólinn Ljósaborg er nýlegur skóli sem er staðsettur að Borg í Grímsnesi. Leiguhúsnæði, leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð er á staðnum. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist til skólastjóra. Umsóknarfrestur er til **22. apríl.**

**Nánari upplýsingar gefur Hilmar Björgvinsson skólastjóri í síma 482-2617 og 863-0463, netfang hilmar@ljosaborg.is. Heimasíða: http://www.ljosaborg.is/**

---

Óska eftir snyrtifræðingi í vinnu.
s. 895 9824

---

Matfugl

## Bústjóri

**Matfugl ehf**
Völuteig 2 270 Mosfellsbæ

Matfugl ehf óskar eftir að ráða starfsmann frá og með 1. maí n.k. Um er að ræða starf bústjóra á kjúklingabúinu Hurðarbaki í Svínadal í Borgarfirði. Starfið hentar samviskusömum einstaklingi, jafnt konu sem karli, með þekkingu og/eða reynslu af umhirðu dýra.
**Umsóknir sendist á netfangið denni@matfugl.is**

---




## VERSLUNARSTJÓRI

Við leitum að duglegum einstaklingi í stöðu verslunarstjóra í verslanir Karen Millen og Warehouse í Smáralind.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af þjónustu
Áhugi á tísku
Lipurð í mannlegum samskiptum
Skipulagshæfni
Frumkvæði í starfi
Reynsla af verslunarstjórastörfum æskileg

**Umsóknarfrestur er til 17. apríl nk.**
Ferilskrá sendist á hulda@hbu.is




---

ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing til starfa á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni. Skilyrði er að viðkomandi hafi lokið grunnnámi í byggingarverkfræði.

Meðal verkefna:
- Landmælingar
- Úrlausn tæknilegra verkefna
- Gerð kostnaðaráætlana
- Verkefnastjórnun

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að starfa hér á landi sem og erlendis. Ekki er gerð krafa um reynslu í starfsgreininni og því um gott tækifæri að ræða fyrir nýútskrifaða verkfræðinga.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2009.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

## Forstöðumaður og deildarstjórar

*Óskum eftir að ráða forstöðumann á heimili fatlaðra í Hafnarfirði. Óskum einnig eftir að ráða deildarstjóra á stór-höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Vinsamlegast athugið að nánari upplýsingar um störfin er að finna á www.smfr.is*

*Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.*

smfr Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Oxymap

## Forritari óskast

Sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í súrefnismælingum og augnrannsóknum óskar eftir að ráða vanan forritara.

**Hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur eða sambærileg menntun.
- Þekking á Java er skilyrði.
- Reynsla af viðmótsforritun.
- Þekking á Swing er kostur.

**Áhugasamir hafið samband við**
Gísla: ghh@oxymap.com, sími 552-6677
www.oxymap.com

Hafið Bláa útsýnis & veitingastaður Verið velkomin

## Matreiðslumaður óskast

Hafið Bláa við ósa Ölfusár, útsýnis og veitingastaður, óskar eftir matreiðslumanni til starfa frá 1.maí. Viðkomandi þarf að vera jákvæður og traustur. Einnig vantar þjón.

**Umsóknir/upplýsingar: hafidblaa@hafidblaa.is eða síma 4831000, 897 7467**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HR.IS



## RAFMAGNSVERKFRÆÐI
VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík leitar að öflugum einstaklingi til að ganga til liðs við hóp sérfræðinga á véla- og rafmagnssviði. Við leitum að einstaklingi sem getur leitt þróun framhaldsnámskeiða í rafmagnsverkfræði, auk þess að byggja upp eigin rannsóknir og sinna kennslu í grunn- og framhaldsnámi. Háskólinn í Reykjavík tryggir akademískum starfsmönnum stuðning og aðstöðu til að byggja upp rannsóknarstarfsemi.

HÆFNISKRÖFUR:
- Doktorsgráða í rafmagnsverkfræði af sterk- eða veikstraumssviði.
- Rannsóknareynsla.
- Kennslureynsla.
- Reynsla af hefðbundnum verkfræðistörfum er kostur.

Ráðið verður í stöðu lektors, dósents eða prófessors og verður starfsheitið ákvarðað út frá hæfnismati. Staðan er laus nú þegar. Við bjóðum samkeppnishæf laun og gott starfsumhverfi á vaxandi og skemmtilegum vinnustað.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Gunnar Guðna Tómasson deildarforseta tækni- og verkfræðideildar HR (gunnargt@ru.is).
Umsóknir skulu sendar á netfangið appl@ru.is fyrir 30. apríl, og skulu fela í sér starfsferilskrá, lista yfir birtar rannsóknir, lýsingu á kennslureynslu og upplýsingar um umsagnaraðila.

Tækni- og verkfræðideild HR er ein stærsta háskóladeild landsins með tæplega 1000 nemendur og um 50 fasta akademíska starfsmenn á fjölmörgum sviðum tækni- og verkfræði. Deildin var stofnuð 2005 þegar Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands voru sameinaðir. Kennsla til BSc gráðu í verkfræði hófst haustið 2005 og frá og með haustinu 2009 verður framboð á meistaranámi við deildina stóraukið. Áformað er að bjóða doktorsnám við deildina á næsta ári.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Nemendur eru um 3000, en starfsmenn skólans eru yfir 500 í 270 stöðugildum.

GRUNNSKÓLINN Í SANDGERÐI

## Grunnskólakennarar - Lausar stöður

**Viltu starfa í uppbyggilegu og metnaðarfullu umhverfi?**

Grunnskólinn í Sandgerði er glæsilegur, einsetinn og heildstæður skóli með 270 nemendum. Skólinn hefur lagt áherslu á að koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda sinna. Mikill metnaður er lagður í markvissa lestrarkennslu og uppbyggilegan aga. Auk þess sem unnið er eftir eineltisáætlun Olweusar.

Sjá nánar um skólann á www.sandgerdisskoli.is

Skólinn auglýsir eftir grunnskólakennurum til starfa skólaárið 2009-2010

**Um er að ræða:**
- Umsjón og almenn kennsla á yngsta stigi
- Umsjón og almenn kennsla á miðstigi
- Tungumálakennslu á unglingastigi
- Myndmennt
- Hönnun og smíði

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2009.

**Nánari upplýsingar veita:**
Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, skólastjóri
fanney@sandgerdi.is
Elín Yngvadóttir, aðstoðarskólastjóri eliny@sandgerdi.is
Sími skólans er 420 7500

www.hrafnista.is

# Störf í boði hjá Hrafnistu

## Aðstoðardeildarstjóri

Laus er 80% staða aðstoðardeildarstjóra á 30 rúma hjúkrunardeild á Hrafnistu í Hafnarfirði. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í öldrunarhjúkrun. Lögð er áhersla á hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleika. Frekari upplýsingar um Hrafnistu í Hafnarfirði er hægt að nálgast á www.hrafnista.is.
**Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2009.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
Lovísa A. Jónsdóttir
forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði
Sími: 585 3101 og 664 9400

## Hjúkrunarfræðingar

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Hrafnistuheimilunum. Starfshlutfall er samkomulag. Reynsla í öldrunarhjúkrun er kostur.
**Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2009.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
Alma Birgisdóttir
hjúkrunarforstjóri Hrafnistu
Sími: 585 9500 og 693 9564

## Sjúkraliðar

Sjúkraliðar óskast á Hrafnistu í Reykjavík á einingar sem sérhæfa sig í heilabilun og hvíldarinnlögnum. Reynsla í umönnun aldraðra æskileg. Um er að ræða dagvinnu og/eða vaktavinnu. Spennandi ný verkefni framundan.
**Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2009.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
Alma Birgisdóttir
hjúkrunarforstjóri Hrafnistu
Sími: 585 9500 og 693 9564

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

vilborg@centrum.is



Starfsfólk Projekt Studio kann vel við sig í gömlu húsakynnum Saltfélagsins og segir þar góðan anda ríkja. Frá vinstri: Egill, Ninja og Sveinbjörg. Á myndina vantar Pál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Frá hugmynd í hillu

● Projekt Studio er nýtt hönnunarfyrirtæki sem aðstoðar hönnuði, fyrirtæki og jafn vel heilu bæjarfélögin við að hrinda hugmyndum í framkvæmd og skapa úr þeim verðmæti.

„Við höfum opnað stofu þar sem þjónustan miðar að því að koma vöru, sem er jafnvel á algjöru frumstigi, í framleiðslu, markaðssetja hana og selja," segir Egill Sveinbjörn Egilsson iðnhönnuður sem hefur ásamt fleirum opnað nýja hönnunarstofu, Projekt Studio, á annarri hæð við Grandagarð 2, þar sem Saltfélagið var áður til húsa.

Að sögn Egils er markmið fyrirtækisins ekki bundið við eigin vöruhönnun heldur að aðstoða hönnuði með hugmynd í farteskinu að framkvæma hana. „Íslenskir hönnuðir hafa þegar stimplað sig inn í hönnunarheiminn og því mikilvægt að nýta tækifærið til að koma sem flestum vörum í framleiðslu, búa til úr þeim aukin verðmæti," bendir hann á og bætir við að Projekt Studio þjónusti líka fyrirtæki og bæjarfélög. „Við getum heimsótt tiltekið bæjarfélag til að koma auga á hvar verðmætin liggja, hvort sem þau eru rekaviður eða öflugt leiklistarlíf, og aðstoðað við frekari framþróun."



„Eitt og annað er í pípunum, þannig að það er ljós fram undan," segir Egill, en fyrirtækið hefur þegar tekið að sér verkefni fyrir ýmsa aðila eins og Villimey og Intelscan.

Egill segir að hingað til hafi aðgangur íslenskra hönnuða að sérþekkingu á sviði framleiðslu og markaðssetningar verið takmarkaður. „Með samnýtingu þessarar þekkingar, ásamt þeirri framleiðslugetu sem við höfum hér, ætti að vera hægt að auka framleiðslu á vörum, fyrir innlendan og erlendan markað. Þarna komum við til sögunnar þar sem við erum með sérþekkingu á sviðum markaðsfræði, tækni og hönnunar. Páll Einarsson er vöruhönnuður, Sveinbjörg Jónsdóttir grafískur hönnuður, Ninja Ómarsdóttir markaðsfræðingur og sjálfur er ég iðnhönnuður," segir Egill og bætir við að draumurinn sé að efla íslenska hönnun og framleiðslu almennt og nýta betur þá hluti sem landsmönnum gefist á hverjum stað til að skapa fleiri störf og auka verðmæti. *- rve*





the PIER

**Snyrtivörurnar eru komnar aftur!**

**Frábært verð á náttúrulegum snyrtivörum.**

**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870**

Vildarklúbbur

Flug til Boston gefur 3.500–11.200 Vildarpunkta.

# Dagsferðir frá Boston

## Í NORÐUR

**Revere Beach**
Ódýrasta leiðin til að komast niður á strönd í sumar, til að busla í sjónum rétt hjá Boston, er að taka Bláu línuna (neðanjarðarlest) út á Revere Beach. Engin flottheit á staðnum en sleppur ef maður ætlar sér bara að flatmaga í sandinum eða stinga tánum í Atlantshaf.

**Singing Beach**
Falleg og lítil strönd hjá Manchester by the Sea. Hægt að hafa það virkilega notalegt. Klukkustundarakstur frá Boston.

**Plum Island**
Þar er stór og fín strönd. Tekur ríflega klukkustund að aka. Eftir að hafa leikið sér á ströndinni er hægt að aka til Newburyport og gæða sér á Maine-humri eða hamborgara. Stutt frá Plum Island, í hina áttina frá Newburyport, er annar staður sem verður að líta inn á. Rétt hjá er frægur og ódýr skyndimatsölustaður sem heitir Woodman's og sérhæfir sig í réttum með kræklingi, skelfiski og humri. (woodmans.com)

**Rockport**
Rockport er smábær yst á oddanum á höfðanum Cape Ann. Fullt af litlum galleríum og búðum. Skylda að gæða sér á „salt water taffy“ sem er sérstök karamellutegund, auðkennandi fyrir sjávarþorpin á þessum slóðum. Hægt er að sameina í eina dagsferð heimsókn til Rockport og strandferð á Plum Island eða Singing Beach.

## Í SUÐUR

**Newport, Rhode Island**
Newport er í um 90 mínútna akstur suður frá Boston. Þetta var sumardvalarstaður ríka fólksins í New York í lok 19. aldar. Vanderbilt- og Astorfjölskyldurnar reistu hérna sveitarsetur, stórfenglegar byggingar sem hægt er að skoða allan ársins hring. Við Newport er fín strönd og þar eru ágætir veitingastaðir.

**Cape Cod – Þorskhöfði**
Tilvalin dagsferð á heimaslóðir Tennessee Williams og Normans Mailers. Takið ferju frá Boston yfir sundið til Provincetown. Próvinsubærinn er líflegur staður, urmull af litlum búðum, mannlífið á skemmtilegum nótum og mikið af körlum og konum sem hneigjast ekki að gagnstæðu kyni. Allt um kring eru fínar baðstrendur.

*Reykjavík – Boston*
*frá 28.630 kr.*

*Flug aðra leiðina með flugvallarsköttum. Flogið er allt að tíu sinnum í viku.*

*Flug og gisting í 2 nætur*
*frá 63.900 kr.*

*á mann í tvíbýli á Courtyard by Marriot Boston Tremont Hotel ****
*Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting.*


## Besta verðið okkar*

| | |
|---|---|
| Amsterdam | frá 16.900 kr. |
| Bergen | frá 14.500 kr. |
| Barcelona | frá 16.900 kr. |
| Berlín | frá 16.900 kr. |
| Boston | frá 28.630 kr. |
| Düsseldorf | frá 16.900 kr. |
| Frankfurt | frá 16.900 kr. |
| Glasgow | frá 14.500 kr. |
| Halifax | frá 24.800 kr. |
| Helsinki | frá 16.900 kr. |
| Kaupmannahöfn | frá 14.500 kr. |
| London | frá 14.500 kr. |
| Madrid | frá 16.900 kr. |
| Manchester | frá 14.500 kr. |
| Milano | frá 16.900 kr. |
| Minneapolis | frá 28.630 kr. |
| München | frá 16.900 kr. |
| New York | frá 28.630 kr. |
| Orlando | frá 30.130 kr. |
| Osló | frá 14.500 kr. |
| París | frá 16.900 kr. |
| Seattle | frá 49.980 kr. |
| Stavanger | frá 14.500 kr. |
| Stokkhólmur | frá 14.500 kr. |
| Toronto | frá 24.800 kr. |

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Allt verð miðast við lægsta verð í verðskrá og getur á einhverjum tímapunkti verið uppselt.

*Verð aðra leiðina með sköttum og gjöldum.









*Urður Einarsdóttir grunnskólanemi*

# MÍN BOSTON

Ég er fædd í Boston og bjó þar þangað til ég varð sjö ára. Mér finnst alltaf frábært að koma þangað. Þegar ég kem til Boston reyni ég alltaf að hitta Stellu, bestu vinkonu mína, sem er tveimur dögum yngri en ég.

**Harvard Square**
Okkur finnst gaman á Harvard Square í Cambridge, sem er gamla hverfið mitt. Þar er nammi- og dótabúð sem heitir Hidden Sweets.

**Frog Pond**
Þetta er tjörn í miðri Boston. Þar er frábært að sulla á sumrin og fara á skauta á veturna.

**Concord**
Mér finnst notalegt að fara í bíltúr til Concord, fá ís og synda í Walden Pond.

**Uppáhaldsstrendur**
Það eru margar strendur í kringum Boston þar sem hægt er að synda. Mínar uppáhaldsstrendur eru í bænum Truro á Cape Cod. Á Cape Cod er líka bærinn Provincetown, en þar er the Shell Shop, sem er besta skeljabúð í heimi. Þar fást krabbar og líka nammi.

**Söfn í Boston**
Það eru líka skemmtileg söfn í Boston. Science Museum fyrir eldri krakka og Childrens Museum fyrir litla krakka.

**Eplatínsla**
Á haustin er gaman að tína epli í eplagörðum í nágrenni Boston.

**Veitingastaðir**
Uppáhaldsveitingastaðirnir mínir eru Pizzeria Unos þar sem eru góðar pizzur, Chef Changs, sem er kínverskur veitingastaður. Þar fær maður góðan kínverskan mat og æðislega dömplinga. Svo bið ég alltaf um að fara á India Pavillion til að fá indverskan mat.






# TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Sveinn Jónasson er vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Mín borg um síðustu helgi. Hann fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Sveinn býr á Akureyri og er kirkjuvörður í Akureyrarkirkju. Sveinn hefur mestan áhuga á að bregða sér til Berlínar og skoða þessa sögufrægu borg með konu sinni.






## Styðjum veik börn
*og fjölskyldur þeirra*



**Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.**

Þú getur lagt þitt af mörkum til Vildarbarna með því að:

- Gefa afgangsmynt áður en þú ferð frá borði að lokinni flugferð með Icelandair.
- Setja peninga í söfnunarbaukinn í höfuðstöðvum félagsins við Reykjavíkurflugvöll.
- Gefa árlega ákveðinn fjölda ferðapunkta, sem þú safnar sem félagi í Vildarklúbbi Icelandair, til Vildarbarna.


One Dress ENDLESS POSSIBILITIES EMAMI



**NÝR OG BETRI VEFUR SAGA SHOP ER NÚ KOMINN Í LOFTIÐ**

Á **www.sagashop.is** er hægt að panta allar vörur sem eru í boði í Saga Shop.

Saga Shop


# BORGARLUKKUPOTTUR

VINNINGUR: **FLUGFAR FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í EVRÓPU**

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum. Síðan geturðu gert annað hvort:

1) Farðu inn á www.icelandair.is og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 15. apríl.
2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klipptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

**Icelandair**
**Mín borg/spurningaleikur**
**Reykjavíkurflugvelli**
**101 Reykjavík**

**Skilafrestur er til og með 15. apríl**
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 16. apríl, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 18. apríl).

SETJIÐ X VIÐ RÉTT SVAR:

**1. Í hvaða garði í London er Royal Observatory?**
☐ Regents Park.
☐ Hyde Park.
☐ Greenwich Park.

**2. Hvaða kunni bær er á Cape Cod?**
☐ Cape Town.
☐ Provincetown.
☐ Codidge.

**3. Hvað heitir torgið framan við National Gallery í London?**
☐ Trafalgar Square.
☐ Leicester Square.
☐ St. James's Square.





*Flug aðra leiðina með sköttum.

Icelandair áskilur sér rétt að leiðrétta villur sem kunna að leynast í blaðinu eða gera breytingar á flugáætlun og verði. Gengi miðast við janúar 2009. Almennir ferðaskilmálar gilda. Sjá www.icelandair.is/skilmalar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 45839 04/09

# Mýkjandi möndlumjólk




Fyrir þá sem eru latir við að bera á sig body lotion er komin ferðaútgáfu af Almond Mist Concentrate frá L'Occitane sem hentar einstaklega vel fyrir sumarið. Spreyið kemur í handhægum umbúðum sem passa vel í íþrótta- og ferðatöskuna svo þú þarft ekki að burðast með stórar pakkningar.

L'Occitane notar möndlur frá Suður-Frakklandi í möndlulínu sínu, en möndlumjólk hefur einstaklega mýkjandi áhrif á húðina og prótínin stinna hana.

Þessi létta froða smýgur fljótt og örugglega inn í húðina og gefur bæði raka og unaðslegan ilm.






## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Heimaræktaðar kryddjurtir.** Ódýrara en úr búðinni og nóg af tómum gróðurhúsum til að rækta í um þessar mundir. Eða þannig.

**Draumalandið.** Heimildarmyndin byggð á bók Andra Snæs Magnasonar er hvöss og áhrifamikil ádeila og hefur fengið magnaðar viðtökur.



**Síðrokk.** Þessi þunglyndislega tónlistarstefna hefur öðlast nýtt líf á krepputímum og má meðal annars sjá Kimono-liða spila í kvöld á Sódómu.

**Megrunarkúrar.** Páskar eru skapaðir til þess að njóta yfirgengilega mikils af súkkulaði.

### Á niðurleið



**Endurfundaböll.** Er það virkilega góð hugmynd að mæta á skemmtistað sem þótti smart fyrir tuttugu árum, klæða sig upp í sama dressið og bera saman bjórvambir og hrukkur? Er þetta ekki tímabil sem fólk vill frekar gleyma?

**Góð tónlist á börum.** Allir skemmtistaðir spila sama dynjandi sálarlausa taktinn. Hvernig væri nú að ráða plötusnúða með frumlegan tónlistarsmekk?

**Hæfileikakeppni þingmanna.** Tími til kominn að vinna vinnuna sína og hætta að troða upp með söng og dansi.




ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45513 04/09

Þú vilt aukinn ávinning.
Þess vegna er Vöxtur fyrir þig.
Vöxtur - Vildarþjónusta Kaupþings



Tækifærin skjóta víða upp kolli. Ávinningurinn felst í því að geta nýtt sér þau og skapa stöðugt fleiri tækifæri. Vöxtur býður þér betri kjör og ótal fríðindi. Kynntu þér málið á **www.kaupthing.is** eða í síma **444 7000**.

KAUPÞING

**KURT VONNEGUT (1922-2007) LÉST ÞENNAN DAG 2007.**

*„Hinn sanni hryllingur er sá að vakna einn morguninn og uppgötva að bekkjarfélagar þínir úr grunnskóla eru farnir að stjórna landinu.“*

***Kurt Vonnegut var bandarískur rithöfundur af þýskum ættum. Hann var þekktur fyrir að blanda saman satíru, svörtum húmor og vísindaskáldskap í bókum sínum. Þær þekktustu eru Slaughterhouse-Five, Cat's Cradle og Breakfast of Champions.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. APRÍL 1915

## *Umrenningur á hvíta tjaldið*

Kvikmyndin The Tramp, eða Umrenningurinn, var frumsýnd vestanhafs þennan dag árið 1915. Þetta var fyrsta meistaraverk gamanleikarans og leikstjórans Charles Chaplin.



Hinn barnalegi og ljúfi umrenningur kom þó fyrst fram á hvíta tjaldinu árið áður í kvikmyndinni Kid Auto Races.

Hinn geðfelldi heimilisleysingi með framkomu og mannasiði hefðarmanns varð fljótt vörumerki Chaplins. Umrenningurinn gekk um í kjólfatajakka, útskeifur í víðum buxum og of stórum skóm, með kúluhatt, bambusstaf og yfirskegg.

Aðrar myndir sem Chaplin gerði í gervi umrenningsins eru Easy Street (1917), The Kid (1921) og City Lights (1931).

Ferill Chaplin hófst þegar hann var einungis fimm ára. Móðir hans var að skemmta í leikhúsi í London þegar röddin brast og syninum var skóflað upp á svið til að klára atriðið. Charlie lenti síðar á vergangi í London ásamt bróður sínum eftir lát föður síns og eftir að móðir hans fékk taugaáfall. Þar unnu þeir fyrir sér með söng og dansi á götum borgarinnar.

Chaplin ferðaðist víða upp úr 1900 með Fred Carno-leikhópnum og 1913 gerði hann samning við Keystone-kvikmyndafélagið. Fljótt varð hann einn þekktasti skemmtikraftur heims og sá fyrsti til að sameina grín og drama á hvíta tjaldinu.

**MERKISATBURÐIR**

**1700** Messufall er í öllum kirkjum á páskadag vegna vonskuveðurs. Veturinn var þess vegna kallaður páskavetur.
**1814** Napóleon er sendur í útlegð til eyjarinnar Elbu.
**1921** Þýski þjóðfáninn verður til.
**1944** Marlene Dietrich heldur fyrstu söngskemmtunina fyrir bandaríska hermenn.
**1945** Bandaríski herinn frelsar fanga í Buchenwald-útrýmingarbúðunum.
**1970** Geimflauginni Apollo 13 er skotið frá Canavarelhöfða á Flórída.
**1970** Minkarækt hefst að nýju hér á landi er níu hundruð læður voru keyptar frá Noregi og settar í minkabú á Kjalarnesi.

AFMÆLI



**HINRIK ÓLAFSSON LEIKARI ER FJÖRUTÍU OG SEX ÁRA Í DAG.**



**JÓNAS ÞÓR SAGNFRÆÐINGUR ER SEXTUGUR Í DAG.**



**RAGNAR GUNNARSSON TÓNLISTARMAÐUR ER FJÖRUTÍU OG SEX ÁRA Í DAG.**



**TORFI TULINIUS PRÓFESSOR ER FIMMTÍU OG EINS ÁRS Í DAG.**



**STUÐNINGUR** Sigþrúður Guðmundsdóttir veitti nýverið viðtöku fjárstyrk frá Zonta-klúbbnum Emblu sem rennur í túlkaþjónustu Kvennaathvarfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikilvægt að aðstoða alla

Zonta-klúbburinn Embla afhenti Samtökum um kvennaathvarf á dögunum fjárstyrk að andvirði 100 þúsund krónur sem rennur í túlkaþjónustu Kvennaathvarfsins.

„Emblurnar hafa styrkt okkur undanfarin ár með fjármunum í þessa þjónustu. Það hefur komið sér mjög vel þar sem til okkar hefur leitað mikið af konum af erlendum uppruna, sem tala litla íslensku. Fyrir tilstuðlan styrksins höfum við getað sinnt þessum hópi mun betur en ella þar sem kostnaður við túlkaþjónustu er mikill,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, sem veitti styrknum viðtöku.

Að hennar sögn hafa erlendar konur í síauknum mæli leitað aðstoðar til Kvennaathvarfsins síðustu ár. Fram að síðasta ársfjórðungi hafi þær einnig verið í miklum meirihluta dvalargesta, eða 65 prósent. Breyting hafi hins vegar orðið í kjölfar bankahrunsins á síðasta ári en þá hafi hlutfallið algjörlega snúist við. „Ástæðan er sannarlega ekki sú að heimilisofbeldi hafi minnkað nokkuð, síður en svo. Við teljum að miklu frekar megi rekja ástæðuna til þess að konurnar eru ekki alltaf fjárhagslega sjálfstæðar og sjá skilnað því síður sem raunhæfan möguleika. Þær reyna því fremur að þrauka erfitt ástand,“ bendir hún á.

„En einmitt vegna þess má kannski segja að styrkurinn hafi aldrei verið mikilvægari en einmitt nú,“ heldur hún áfram. „Því enda þótt færri erlendar konur leiti hælis hjá okkur en áður, bjóðum við þeim upp á viðtalstíma hér í Kvennaathvarfinu. Og þótt konurnar eigi kannski erfiðara um vik með að slíta sambandi við ofbeldismenn, þurfa þær engu síður á þessum stuðningi að halda. Þá er gott að vita af þjónustunni sem við hjá Samtökum um kvennaathvarf veitum,“ segir Sigþrúður að lokum.



**HLÍF Á LAUGARVATNI** Í góðum félagsskap tónmenntakennaranna Kristínar, Nönnu Hlífar, Barböru og Elfu íklæddum vestum sem hún hefur hannað og prjónað. MYND/INGA LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR

**HLÍF BÖÐVARSDÓTTIR:** FAGNAR ALDARAFMÆLI Á DALBRAUTINNI Í DAG

# Vill að gestirnir taki dansspor

„Er þetta gamla konan? Nei, þetta hlýtur að vera dóttir hennar, er það fyrsta sem þýtur gegnum huga blaðamanns þegar hin hundrað ára Hlíf Böðvarsdóttir tekur á móti honum. Teinrétt, í svörtum síðbuxum og sætri mussu, býður hún til sætis í íbúð sinni við Dalbrautina.

Hlíf ólst upp á Laugarvatni og það er bjart yfir uppvaxtarárunum í hennar huga. „Ég tel mig hafa alist upp á skemmtilegu menningarheimili. Þangað lágu straumar úr ýmsum áttum. Margir gistu hjá okkur á ferðum sínum, bæði háir og lágir, innlendir og útlendir og foreldrar mínir, Böðvar Magnússon og Ingunn Eyjólfsdóttir, voru ákaflega gestrisnir. Við vorum tólf systkinin sem upp komumst, ellefu systur og einn bróðir. Við áttum margar ferðir niður að hvernum, sóttum í hann heitt vatn, bökuðum í honum öll brauð og þvoðum þvottinn við hann. En hverinn var dálítið frá bænum og það var á brattann að sækja á heimleiðinni.“ Hlíf kveðst hafa verið mikið fyrir hesta. „Pabbi átti fína reiðhesta og ég hataði lata hesta eins og pestina. Það varð snemma keppikefli að eignast eigin hest. Eitt sumarið sá ég fallegt folald og sagði pabba að hann gæti fengið kindurnar mínar tvær ef ég fengi folaldið. Hann gekk að því og ég fékk bréf upp á það. Það varð samt ekki eins góður hestur og ég óskaði svo ég seldi hann og keypti mér skagfirskan gæðing.“

Það var ekki sjálfgefið á ungdómsárum Hlífar að komast í skóla. En hún var svo heppin að skólinn kom til hennar. „Héraðsskólinn á Laugarvatni var byggður á kreppuárum en samt með glæsibrag. Í logndrífu leit hann út eins og álfahöll í mínum augum. Við Magnea systir mín settumst strax á skólabekk fyrsta veturinn sem hann starfaði. Þar var margt söngfólk og ég var búin að læra á orgel og gat spilað undir.“

Hlíf kynntist mætu fólki á námsárunum tveimur í Laugarvatnsskóla. Einn maður hreif hana þó mest. Guðmundur Gíslason kennari, sem var níu árum eldri en hún. Þau giftust og með honum flutti hún í Hrútafjörðinn þegar hann tók þar við skólastjórastöðu. „Hvernig dettur þér í hug að fara úr svona fallegu héraði eins og Laugardalnum í Hrútafjörð?“ spurðu vinir mínir. En mér leið vel fyrir norðan,“ segir Hlíf. „Ég átti indælan eiginmann og fjögur góð börn. Guðmundur var mikill veiðimaður og átti bát sem við sigldum á þvers og kruss um fjörðinn þegar okkur vantaði fisk í soðið.“

Næst rifjar Hlíf upp komu hersins í Hrútafjörð 1940. „Það var vond sending,“ segir hún. „Herinn lagði undir sig Reykjaskóla í tvö ár og kennslan féll niður. En það varð að ráði að við yrðum þar áfram og samkomulagið við hermennina var alla tíð gott. Tanginn varð fullur af bröggum og meira að segja búið að byggja sjúkrahús úti í mýrinni. Guðmundur var oft túlkur og hermönnunum innan handar svo þeir máluðu skólastofurnar og lögðu dúka á gólfin áður en þeir fóru. Það var mikil dýrðarstund þegar skólahaldið fór af stað aftur.“

Eftir tuttugu ár í Hrútafirðinum hélt Hlíf til Reykjavíkur. „Guðmundur var búinn að ráða sig á Fræðsluskrifstofunni en veiktist og dó síðsumars 1955, fimmtíu og fimm ára. Þá tók alvara lífsins við hjá mér. Ég fór fljótlega að vinna hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, byggði í Álfheimunum í félagi við frænda minn, en þegar börnin voru farin seldi ég það húsnæði og keypti íbúð í Skipholtinu, tilbúna undir tréverk.“

Meðal eftirminnilegra atburða á ævi Hlífar er konungskoman 1921. „Þá borðaði allt kóngafólkið á Laugarvatni og það var mikið um að vera. Ég átti að vera að passa hesta ofan við garð fyrir einhverja ferðamenn en fannst það ómögulegt og þaut heim. Litlu systur mínar fimm höfðu fengið nýja kjóla og slaufur í hárið og drottningin tók mynd af þeim. Okkur Margréti systur fannst við vera afskiptar svo við fórum líka í okkar fínustu kjóla og héldum út á flatirnar.

Við sáum drottninguna þar sem verið var að hjálpa henni á hestbak til að ríða austur að Geysi. Einn hélt í ístaðið og annar lyfti. Prinsarnir, Friðrik og Knútur, stukku hins vegar á bak, þurftu ekki einu sinni að stíga í ístaðið. Við Magga heimtuðum að fá að fara niður að Ölfusá því þar ætlaði kóngafólkið að fara um daginn eftir. Við fengum hross og riðum niður að Minni-Borg og gistum hjá Ragnheiði systur okkar sem tók okkur afskaplega vel en vakti okkur ekki næsta morgun í tæka tíð svo við fórum ekki lengra. En við vorum vel ríðandi, það var voða gaman í ferðinni og við vorum alveg búnar að gleyma kónginum þegar við komum heim!“

Hvað skyldi Hlíf finnast um þjóðmálin? „Það er nú svo viðkvæmt að tala um þjóðmál núna. Maður veit ekki á hvaða stein á að tylla sér,“ segir hún snögg upp á lagið. „En ég hef alltaf fylgst vel með pólitík og er heiðursfélagi í kvenfélagi Framsóknarflokksins. Það er gaman og líflegt í þeim félagsskap. Ég er líka hrifin af Samfylkingunni. Það er gott fólk í öllum flokkum, bara með mismunandi áherslur.“

Hlíf spilar bridds tvisvar í viku og prjónar stælvesti sem njóta mikilla vinsælda. Hún er með opið hús í dag á Dalbrautinni milli 15 og 19 og yrði glöð ef gestirnir tækju með henni dansspor.

# Gengið um gróið hraun

Eftir letilíf páskanna með tilheyrandi lambalæra- og súkkulaðieggjaáti fyllast margir þörf fyrir að skekja á sér skankana. En það er óþarfi að fara inn í stútfulla líkamsræktarstöð og hlaupa á milli blautra skrokka og skilja krakkana eftir heima. Tilvalið er fyrir fjölskylduna að skella sér saman í gönguferð og enda svo í ljúfu baði í Bláa lóninu.

Annan í páskum verður Bláalónsganga haldin í fjórða sinn. „Þessar göngur hafa verið mjög vinsælar, enda er umhverfi Bláa lónsins bæði stórbrotið og mjög fjölbreytt,“ segir kennarinn og leiðsögumaðurinn Sigrún Jónsdóttir Franklín, eigandi SJF menningarmiðlunar, sem stendur fyrir göngunni í samstarfi við Grindavíkurbæ og Bláa lónið.

Gengið verður um mosagróið Illahraun, framhjá Rauðhól, farið með Skipstíg, fornri þjóðleið, haldið austur með norðurhlíðum Þorbjarnarfells og inn á Baðsvelli. Þar er ætlunin að kíkja á Þjófaslóðir og hin gömlu sel Grindvíkinga. Þá verður gengið yfir að svæði Hitaveitu Suðurnesja og um hið litskrúðuga lónssvæði að lækningalindinni og endað í heilsulind.

Sigrún segir að gangan henti bæði fullorðnum og börnum og lögð sé áhersla á að allir njóti fræðslunnar sem í boði er. Nauðsynlegt sé að vera á góðum skóm og ekki verra að hafa smávegis nesti meðferðis.

Að göngu lokinni er tilvalið að dýfa sér ofan í lónið og mýkja vöðvana. Þar verður líka vatnaleikfimi í boði undir stjórn Rúnars Sigríkssonar, íþróttakennara og einkaþjálfara í Hreyfingu. Þá verður sérstakur páskamatseðill í boði á veitingastaðnum Lava. Börn borða frítt af matseðli panti fullorðinn aðalrétt af matseðli. Hver fullorðinn má taka með sér tvö börn. Þá fá öll börn páskaegg, á meðan birgðir endast.

Gangan hefst klukkan eitt við bílastæði Bláa lónsins. Áætlað er hún taki þrjár klukkustundir. Þeir sem vilja taka lífinu með ró eða þreytast á göngunni geta fengið far með rútu aftur til baka í lónið, eftir að gönguleiðin er um það bil hálfnuð.

Enginn kostnaður er við gönguna og tveir fyrir einn tilboð ofan í lónið. Börn yngri en þrettán ára fá frítt í Bláa lónið.



Ganga um umhverfi Bláa lónsins er vinsæl hjá bæði vönum og óvönum göngugörpum. Myndin er frá Bláalónsgöngu um verslunarmannahelgi árið 2007. MYND/SIGRÚN JÓNSDÓTTIR FRANKLÍN

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Skjóldal**

bifreiðastjóri, Helgamagrastræti 6, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13.30.

**Kristín S. Ragnarsdóttir** **Jakob Jóhannesson**
**Ragnar S. Ragnarsson** **Inga Úlfsdóttir**
**barnabörn og langafastrákarnir.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kjartan Sveinsson,**

Símaverkstjóri, frá Vík í Mýrdal,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 6. apríl verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13:00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknar- og hjálparstofnanir.

**Þórir Kjartansson** **Friðbjört Elísabet Jensdóttir**
**Sveinn Kjartansson** **Hólmfríður Böðvarsdóttir**
**Eyrún Kjartansdóttir** **Haukur Helgason**
**Sigrún Kjartansdóttir** **Þorbjörn Jónsson**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Jens Pétursson**

Álfhólsvegi 68, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Áslaug Gunnsteinsdóttir**
**Gunnsteinn Ólafsson** **Eygló Ingadóttir**
**Pétur Már Ólafsson** **Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Eggert Þór Steinþórsson**

húsasmíðameistari, Fífuseli 22, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 8. apríl.

**Hannesína Rut Guðbjarnadóttir**
**Steinþór Viggó Þorvarðarson** **Halldóra Jónsdóttir**
**Guðný Eggertsdóttir** **Hilmar Sigurjónsson**
**Aníta Rut, Andri Snær, Aron Orri**
**Steinþór Viggó Eggertsson**
**Karen Rósa, Eggert Þór, Arnar Daði**
**Guðbjarni Eggertsson** **Sigrún Rós Elmers**
**Kjartan, Baltasar Logi, óskírður Guðbjarnason.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**María Guðmundsdóttir**

Seljahlíð, áður til heimilis að Grýtubakka 10, Reykjavík,

lést á dvalarheimilinu Seljahlíð 8. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Aðstandendur.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Ingvarsdóttir**

Nýbýlavegi 66, Kópavogi,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 15. apríl kl. 13.00.

**Gunnar Þ. Jónsson** **Ólöf S. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Björk K. Gunnarsdóttir**
**Sandra Borg Gunnarsdóttir** **Borgar H. Árnason**
**Jón Ragnar Gunnarsson** **Hulda S. Jóhannsdóttir**
**Berglind Gunnarsdóttir** **Ólafur Snæbjörnsson**
**Eva Dögg Guðmundsdóttir** **Þorbjörn Ingason**
**Embla Ýr Guðmundsdóttir** **Daníel Freyr Atlason**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna P. Hinriksdóttir**

frá Flateyri, Litlu Grund, Reykjavík,

andaðist þann 8. apríl sl. á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Guðrún Greipsdóttir** **Sigurður Lárusson**
**Hinrik Greipsson** **Ásta Edda Jónsdóttir**
**Eiríkur Finnur Greipsson** **Guðlaug Auðunsdóttir**
**Guðbjartur Kristján Greipsson** **Svanhildur Bára Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Hörður Eiríksson,**

fyrrverandi flugvélstjóri, Blönduhlíð 10, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 31. mars síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Helga Steffensen**
**Björn Sverrir Harðarson**
**Helga Sigríður Harðardóttir Steffensen** **Guðmundur E. Jónsson**
**Valdimar Harðarson Steffensen** **Guðrún Ægisdóttir**
**Baldur Þórir Harðarson** **Estíva Birna Björnsdóttir**
**Eiríkur Bjartmar Harðarson**
**bróðir og barnabörn.**

---



✝

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Hákonar Þorsteinssonar**

Lindargötu 57, Reykjavík.

**Guðrún R. Ingibergsdóttir** **Baldvin Einarsson**
**Sigþór Hákonarson** **Lilja Bragadóttir**
**Hákon Hákonarson** **Kristín Kristjánsdóttir**
**Margrét Hákonardóttir** **Eyjólfur Jóhannsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---




Erfidrykkjur af alúð

*Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og alúð. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.*

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK



Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990





Útfararþjónusta borgarinnar

Inger Steinsson, útfararstjóri, s. 691 0919 · Inger Rós útfararfulltrúi, s. 691 0919 · Ólafur Örn útfararstjóri, s. 896 6544

Sími 551 7080

Bárugötu 4, 101 Reykjavík.

Vönduð og persónuleg þjónusta



Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511



“Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina!”

# Skapandi skrif

**með Þorvaldi Þorsteinssyni**

(Skilaboðaskjóðan, Blíðfinns-bækurnar, Vasaleikhúsið, And Björk of Course...)



* Viltu kynnast sagnameistaranum sem í þér býr?
* Vantar þig leiðsögn og hvatningu?
* Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum þá er þetta námskeið sem nýtist þér!

Tryggðu þér sæti á síðustu námskeið vetrarins!

**20. - 30. apríl** grunnnámskeið Skráning langt komin
**11. - 21. maí** grunnnámskeið Skráning hafin
**25. maí - 4. júní** framhaldsnámskeið Skráning hafin

**Nokkrar umsagnir þátttakenda;**
“Frábært nesti til lífstíðar.”
“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”
“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

Námskeiðin eru haldin í **RopeYoga setrinu** í Laugardalnum.

**Upplýsingar og skráning á kennsla.is**



**NOKKUR ORÐ**
**Ragnheiður Tryggvadóttir**

# Angurvær Kenny og Dolly



Tónlistarsmekkur okkar hjóna er ólíkur. Á unglingsárunum hlustaði þvottadrengurinn minn á hart gangstera-rapp meðan ég gleymdi mér í glysrokki. Hann sneri derhúfunni sinni öfugt á hausnum og klæddist uppreimuðum strigaskóm með flaksandi tungu. Ég batt klút um hárið á mér að hætti Axl Rose og gekk í kúrekastígvélum og leðurjakka með rennilásum. Við þekktumst auðvitað ekki þá og hefðum líklega ekki náð saman. Hann hefði gert grín að ofhlaðinni svartri augnmálningunni minni og þröngu gallabuxunum og ég hefði uppnefnt hann einhverjum útúrsnúningi á rapparanafni, eins og MC-dengsi eða Ísklumpurinn. Og þó.

Eitt eigum við nefnilega sameiginlegt þegar kemur að tónlistaráhuga. Eitthvað sem við viðurkenndum reyndar ekki á unglingsárunum en viðurkennum með semingi í dag. Við erum hrifin af Kenny Rogers.

Kántríkóngurinn Kenny á lítið skylt við Public Enemy eða Ice Cube, hvað þá Guns n´roses og Poison, en einhvern veginn bræðir hann hjörtu okkar beggja með angurværri rödd sinni. Það er eitthvað við það hvernig hinn silfurskeggjaði hjartaknúsari segir okkur sögu af gömlum fjárhættuspilara sem gefur ungum og óhörðnuðum pilti ráð varðandi harðan heim fjárhættuspilanna, rétt áður en hann deyr. Lagið um heigul sýslunnar hreyfir líka við okkur en það lag sem stendur þó upp úr í huga okkar beggja er dúettinn sem Kenny syngur með Dolly Parton, Islands in the stream. Dolly er líka á stalli hjá okkur og þarna sameinast tvö laumu-uppáhöld í einstöku lagi. Við setjum það gjarnan á fóninn þegar við lögum til og hækkum. Ég á mér draum í laumi þar sem við stöndum á sviði, ég og þvottadrengurinn, og syngjum saman þetta lag, angurvær eins og Dolly og Kenny.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




PÁSKA
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
LOKA
DAGUR
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • LOKADAGUR PÁSKATILBOÐA
HVERGI BETRA VERÐ
22"
GLÆSILEGUR HANNS-G SKJÁR
29.900
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
A500
5.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI
6.990
HVERGI BETRA VERÐ
24"
GLÆSILEGUR BENQ SKJÁR
49.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
LOKADAGUR
PÁSKATILBOÐA
OPIÐ Í DAG
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

**! kl. 16.10**
*Útvarpsleikhúsið: Þríleikurinn Dýrlingagengið eftir Neil LaBute. Annar hluti. John og Sue, sem eru nýbyrjuð í námi í Boston, ákveða að eyða helgi í New York ásamt vinum sínum. Þau fara meðal annars í partí á Plaza-hótelinu, en frásögnum parsins af atburðum þeirrar nætur ber ekki saman. Þannig virðist leiðangur Johns og félaga hans í Central Park alveg hafa farið fram hjá kærustum þeirra.*
*Leikarar: Þórunn Erna Clausen og Agnar Jón Egilsson.*
*Leikstjóri: Viðar Eggertsson.*
*Hljóðvinnsla: Grétar Ævarsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Lappaproggari mættur

Alþýðu- og þjóðlagarokkarinn og lagahöfundurinn Johan Piribauer frá Lapplandi í Svíþjóð er væntanlegur til Íslands nú um páskana. Mun hann halda þrenna tónleika á landinu, spilaði í Reykjavík í gærkveldi, treður upp í kvöld á Aldrei fór ég suður á Ísafirði og á Akureyri 13. apríl. Í för með Johan verður fiðluleikarinn Gabriel Liljenström og bakraddasöngkonan Maude Rombe.

Johan syngur á sænsku en tónlist hans og textar sækja innblástur í menningu og náttúru Lapplands. Hann hefur gefið út fimm breiðskífur síðan

1995 og hefur spilað úti um allan heim, m.a. á Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Singapúr. Hefur Johan verið hampað fyrir að koma með nýja og ferska vinda inn í sænska prog-tónlist og útnefndi sænskt tímarit hann sem mesta frumkvöðulinn í þeim efnum, þar sem honum var hampað fram yfir marga fræga sænska tónlistarmenn.

Aðaltilefni heimsóknar Piribauer var að koma fram á Aldrei fór ég suður-hátíðinni í kvöld, einn margra sem þangað hafa sótt langan veg. Hann mun hins vegar keyra hringinn á sinni stuttu dvöl á Íslandi og verður svo mánudaginn 13. apríl í Populus Tremula á Akureyri kl. 20.30. Frítt er inn á tónleikana. - pbb



**TÓNLIST** Johan og féklagar á svingi

**> Ekki missa af …**

Thin Jim and the Castaways verða með tónleika á Rósenberg mánudaginn 13. apríl. Á tónleikunum koma fram ásamt þeim Jökli, Margréti Eiri og Birgi sem skipa Thin Jim, þeir Börkur Hrafn, Scott Mclemore, Pálmi Sigurhjartarson, Erna Hrönn, Kristófer Jensson, Arnar Jónsson og Eggert Pálsson.
Tónleikarnir hefjast klukkan 21.15.

## Tíuþúsund tregawött birt

Veftímaritið Tíu þúsund tregawött birtist á nýjan leik á slóðinni www.tregawott.net eftir vetrardvala. Í orðaflaumi kynningar um heftið, vafninginn eða hvað á að kalla veftímarit má finna smjörþefinn því feitt er á stykkinu og útgefendur orðglaðir: „Listin tekur málstað þess sem stimplað er ljótt – það situr kráka í hálsmáli Golgötu – ögrun er hvatning en ekki markmið – fullir hnakkar í Ben Sherman-göllum – spennusögur hneyksla – geturðu ekki verið dömulegri – eyðilegging er örlög fegurðarinnar.“

Þemað í þessari útgáfu er ljótleikinn og er ritstjórinn Kári Páll Óskarsson. Meðal efnis á síðum útgáfunnar er viðtal við Kristínu Eiríksdóttur skáld: Lífið er alltaf grófast. Önnur skáldkona, Kristín Ómarsdóttir, birtir Stutt spjall um fagurfræðilega möguleika ljótleikans. Óttar Martin Norðfjörð á þar ritsmíðina Fagurfræði er jójó. Þá eru á síðunni ljóð eftir Davíð Stefánsson, Arngrím Vídalín, Eirík Örn Norðdahl, Hauk Má Helgason, Emil Hjörvar Petersen og Hörð Gunnarsson. Auk þýðinga á ljóðum Tims Wells, Randalls Jarrell og fleiri.

Umsagnir eru í vefritinu um bækur: Þýðingar á Arthur Rimbaud, um síðustu ljóðabók Sjóns, My Life eftir Lyn Hejinian, Blátt áfram rautt eftir Lárus Ásgeirsson, Nei eftir Ara Jósefsson og Gangandi vegfaranda eftir Halldóru Kristínu Thoroddsen.



**TÍAMRIT** Upphafsviðmót tregavattanna



**LEIKLIST** Ingvar E. Sigurðsson segir dæmigerða sögu af sjóslysi á miðunum við landið í Djúpinu. MYND LR/GRÍMUR BJARNASON


VesturPort
DUBBELDUSCH
eftir Björn Hlyn Haraldsson
SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU
18.04.09 Laugardagur 20:00
Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is




## Leiksýningar í boði í sumar

Leikhúsfólk er flest í fríi nú um hátíðirnar – nema það sem er í vinnu norður á Akureyri; Guðmundur Ólafsson og þær stöllur í Fúlum á móti. Margt er samt í burðarliðnum í leikhúsunum.

Leikhúslistamaðurinn fjölhæfi, og afar liðugi, Kristján Ingimarsson, setur upp sýningu sína CREATURE í Kassanum í maí ásamt samstarfsfólki sínu. Kristján er þekktur fyrir nýstárlegar leiðir í sköpun sinni en CREATURE er kolklikkaður og bráðfyndinn leikhúskonsert um sköpunarþörf manneskjunnar og þörf hennar fyrir að setja sjálfa sig á svið. Þetta er án efa persónulegasta sýning Kristjáns til þessa, þar sem hann kannar ýmis landamæri með aðferðum spunans og kemur okkur stöðugt á óvart.

Í júní setur síðan annar magnaður listamaður, danshöfundurinn og dansarinn Erna Ómarsdóttir, upp sitt nýjasta verk á Stóra sviðinu – Teach us how to outgrow our Madness.

Erna er afkastamikil þessa dagana en hún er nú að vinna við sviðsetningu sem Íslenski dansflokkurinn mun setja upp í Bláa lóninu 22. apríl.

Þá er í vændum frumsýning á einleik Jóns Atla Jónassonar, Djúpið, sem Ingvar E. Sigurðsson flytur. Ingvar er núna í Tasmaníu á leikferð með Vesturporti.

Mikil eftirvænting er hjá öllum þeim sem hafa þegar tryggt sér miða á Söngvaseið sem sett verður upp í Borgarleikhúsinu í maí. Þetta er ein stærsta sýning sem sett hefur verið á svið þar í húsi og er boginn spenntur til hins ítrasta. Áratugir eru síðan Söngvaseiður sást hér fyrst á sviði og þá í Þjóðleikhúsinu þar sem hann kom upp að vori og gekk linnulaust í nokkra mánuði. Þá var verkið sett upp á Ísafirði með miklum stæl og tugum flytjenda.

Annað gamalt verk úr amerískri söngleikjasmiðju er væntanlegt á svið Loftkastalans í byrjun júní, Grease, og verður þetta í þriðja sinn sem verkið kemur upp en það hefur jafnan dregið að sér tugi þúsunda áhorfenda.

Ari Mattíasson mun í sumar standa fyrir sviðsetningu á Við borgum ekki í Borgarleikhúsi og er það í þriðja sinn sem verkið er sett á svið í Reykjavík.

Artfart-hátíðin, sem helguð er tilraunakenndri leiklist, hefur tilkynnt að í næstu viku opni þau vefsíðu sem gerir grein fyrir áætlunum þeirra; www.artfart.is.

Hátíðin mun vera haldin í fjórða sinn í sumar, dagana 7.-22. ágúst og mun vera stærri en nokkru sinni fyrr og er hún styrkt af Reykjavíkurborg. Í ár verða bæði innlendar og erlendar sýningar, auk málfunda um sviðslistaformið. ArtFart-hátíðin er tilraunavettvangur ungs listafólks sem hefur það að markmiði að stuðla að nýsköpun og tilraunamennsku í íslenskri sviðslist. Við spyrjum okkur hver sé staða sviðslista innan samfélagsins. Hvert er gildi hennar? Hefur sviðslistin glatað mætti sínum eða hefur aldrei verið meiri þörf á henni?

Hafnarfjarðarleikhúsið hefur ekki enn tilkynnt um sumardagskrá sína en þar mun margt verða á seyði. Sýningar á Brák og Sturlungu-sögum Einars Kárasonar halda áfram í Landnámssetri.

pbb@frettabladid.is



Verð kr. 265.000.-
Rainbow
Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000
Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337


## Þýðingar tilnefndar

Fimm þýðendur hafa verið tilnefndir til Íslensku þýðingarverðlaunanna sem forseti Íslands afhendir á Gljúfrasteini 23. apríl nk. Það er Bandalag þýðenda og túlka sem stendur að Íslensku þýðingarverðlaununum í samstarfi við Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda.

Tilnefndir voru eftirtaldir þýðendur:

Árni Óskarsson er tilnefndur fyrir þýðingu sína á skáldsögunni Nafn mitt er rauður eftir Orhan Pamuk.

Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir eru tilnefndar fyrir Svo fagurgrænar og frjósamar, smásögur frá Kúbu, Púertó Ríkó og Dóminíska lýðveldinu.

Guðrún Vilmundardóttir er tilnefnd fyrir skáldsöguna Í þokunni eftir Philippe Claudel.

Hjörleifur Sveinbjörnsson er tilnefndur fyrir bókina Apakóngur á silkiveginum, sýnisbók kínverskrar frásagnarlistar frá fyrri öldum.

Sölvi Björn Sigurðsson er tilnefndur fyrir ljóðabókina Árstíð í helvíti eftir Arthur Rimbaud.

Verðlaunin verða afhent sumardaginn fyrsta. Þau voru veitt í fyrsta skipti árið 2005 og verða því veitt í fimmta sinn á þessu ári. Í dómnefnd sitja Soffía Auður Birgisdóttir, Sigríður Harðardóttir og Marta Guðrún Jóhannesdóttir. - pbb



**BÓKMENNTIR** Hjörleifur Sveinbjörnsson er tilnefndur fyrir þýðingar sínar úr kínversku. Hann var fyrr á þessu ári tilnefndur til Menningarverðlauna DV. MYND/FRETTABLAÐIÐ




## Hugaðu að heilsunni í Lyfju

- **Í Lyfju Lágmúla** býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja.
- **Heilsufarsmælingar,** s.s. á blóðþrýstingi, blóðfitu og kolmónoxíði.
- **Nicorette – reyklausa bókin** fæst í öllum apótekum Lyfju.
- **Lyfja** býður öll lyfjaform Nicorette.

**Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is**

Gildir út apríl 2009




**15% afsláttur**
á **NICORETTE** tyggjói í 210 stk. pk.
Fruitmint, Freshmint og Spicemint.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## > FACEHUNTER GEFUR ÚT BÓK

**Yvan Rodic,** betur þekktur sem **Facehunter,** hefur eina undarlegustu vinnu í heimi: að taka ljósmyndir af „töff“ fólki. Rodic, sem hefur margoft heimsótt Ísland og myndað Íslendinga, hefur öðlast frægð í gegnum bloggsíðu sína en áformar nú að gefa út bók næsta haust hjá forlaginu Thames & Hudson. Í bókinni verða sýnishorn af myndum hans hvaðanæva úr heiminum.

# stíll

utlit@frettabladid.is



OKKUR LANGAR Í ...

**Æðislegan rósrauðan kinnalit** frá Estée Lauder til að fríska upp á andlitið í vor.

**Dökkblár augnskuggi** er tilvalinn í sumar og þessi er frá nýju Estée Lauder-línunni.

**Koparbrúnn og seiðandi augnblýantur** frá Chanel skapar flott sixtís-lúkk.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Penar og fínar forsetafrúr*



Heimur klæðanna virðist hafa snúist aðallega um tvo hluti í aðdraganda páska. Sá fyrri, og sá mun áhugaverðari, eru fréttir um möguleg líkklæði Jesú Krists sem Vatíkanið veitti nýlegar upplýsingar um og sá síðari er fataskápur bandarísku forsetafrúarinnar Michelle Obama. Bresk blöð hafa varla fjallað um annað en Evrópuheimsókn Obamahjónanna eða hvor forsetafrúin hafi verið glæsilegri, hin franska og fagra Carla Bruni eða Michelle, sem þykir minna um margt á Jackie Kennedy. Fyrir utan hvað mér finnst það einstaklega karlrembulegt að virt blöð séu að fjalla um forsetafrúrnar og fatastíl þeirra þá á ég bágt með að skilja um hvað allt málið er. Michelle Obama er sæt kona sem gengur í ansi kerlingarlegum drögtum með perlufestar um hálsinn. Ég persónulega hélt að allar forsetafrúr fylgdu þessari uppskrift hiklaust því það virðist ekki vera upp á pallborðið að vera töff í diplómatískum kreðsum. Þar er aðalatriðið að vera penn og prúður og styggja engan með fríkuðu fatavali. Synd, því Carla Bruni er svo miklu sætari í gallabuxum og leðurjakka heldur en einhverjum gráum tweeddrögtum, þó að merkið innan í sé Dior. Michelle Obama minnir kannski eitthvað á Jackie Kennedy en hún gæti líka alveg eins minnt á Bretlandsdrottningu sem hefur ætíð þrammað um í hnésíðum bláum kápum með stórar handtöskur. En franska og breska pressan hafa farið fögrum orðum um klæðnað frú Obama en hún sást meðal annars í hönnun eftir Alaia, Moschino og Etro. Mikið þætti mér það fráskandi ef þessar konur sem fórna eigin frama fyrir valdamikinn eiginmann myndu nú rokka aðeins upp klæðaburðinn og taka nokkrar áhættur. Uppgötva nýja og spennandi unga hönnuði, vera pæjulegar og mæta jafnvel í leðurbuxum í kokkteilpartí. Og þó… gerði hún Dorrit okkar ekki einmitt það?



**PÍFUR** Svartur kjóll úr hrásilki við drapplitaðar perlur hjá Givenchy.



**PÖNKAÐ** Bleik hálsfesti við leður og tjull hjá Marc Jacobs fyrir Louis Vuitton.






PERLUR OG HÁLSFESTAR:

# Öll athygli á hálsinum næsta haust

Víða sáust áberandi hálsfestar á tískusýningum fyrir næsta haust og vetur og lítur út fyrir að þetta verði vinsælt. Perlufestar sáust aftur í stórum stíl, sérstaklega hjá Moschino, Chanel og Givenchy en einnig mikið af stuttum, þykkum hálsfestum sem minntu á drottningar fyrri alda. - amb



**DRAPPLITAÐAR** Flottar stórar perlur hjá Givenchy við svartan klassískan flauelskjól.



**GAMALDAGS** Kjóllinn minnir á þriðja áratuginn hjá Lanvin með stóru og áberandi hálsskrauti.



# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

er Í fullum gangi í
**Norðlingaholtinu**
gamla Mest húsinu

MIKIÐ ÚRVAL AF VOR- OG SUMARVÖRUM




## Opið í dag laugardag frá 12 - 18

Sunnudagur (páskadag) Lokað
Mánudagur (2. í páskum) 12-18

Útsöluvörur frá

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · CRUSER · PUMA · NIKE · adidas · VAGABOND · SKECHERS · RbK

# FRÍIÐ HEFST UM BORÐ Í NORRÆNU

**ÞEGAR ÞÚ FERÐAST MEÐ SMYRIL LINE HEFST FRÍIÐ STRAX VIÐ BROTTFÖR. Viðfangsefnið er að láta sér líða vel, hvílast, borða góðan mat á einhverjum af veitingastöðunum um borð, fara í verslanir eða ræktina og svo er næturklúbburinn opinn á hverju kvöldi. Þegar á áfangastað er komið ekur þú úthvíldur í land og heldur áfram ferð þinni.**

**Einstaklega rólegur og afslappandi ferðamáti sem stöðugt fleiri nýta sér.**




Norræna er í eigu margra hluthafa og Færeysku þjóðarinnar. Norræna brúar Atlantshafið og opnar íslendingum möguleika á að taka bílinn með í sumarfríið ásamt ótal öðrum ferðamöguleikum.

## VIKULEGAR SIGLINGAR FRÁ



BETRI STOFAN

# DANMÖRK



## ÓDÝRAR VORFERÐIR MEÐ NORRÆNU



Njóttu danska vorsins eða sumarsins í notalegum akstri um Danmörku. Leigðu þér sumarhús eða gistu á einhverju af þeim fjöldamörgu tjaldsvæða sem eru í boði um alla Danmörku og notaðu dvalarstaðinn sem bækistöð til að fara í skoðunarferðir til bæjanna. Leiktu úti með börnunum og grillaðu með fjölskyldunni á kvöldin. Í stuttu máli sagt – friður og ró til að njóta tímans með fjölskyldunni á þann hátt sem þið viljið. Við getum boðið upp á 11.000 sumarhús í Danmörku, allt frá einföldum ódýrum sumarhúsum til lúxus sumarhúsa með öllum búnaði. Skoðið tjaldsvæðin í Danmörku á heimasíðu okkar smyril-line.is

**DANMÖRK 22.200**

**Verð frá kr. 22.200** á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
**Verð frá kr. 48.450** m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið. Fyrir aðeins frá 15.200 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.






Smyril Line tekur ferðaávísanir frá Mastercard sem greiðslu upp í ferðir. Að auki eru gerðir samskonar samningar við verkalýðsfélög sem þess óska.

# NORRÆNA

## SUMAR 2009

## NÝ OG BETRI ÁÆTLUN

## FÆREYJAR - DANMÖRK - EVRÓPA

SMYRIL-LINE.IS

**Frá Hanstholm í Danmörku er aðeins um 4ra tíma akstur til Flensborgar sem er við landamæri Þýskalands og Danmerkur. Þaðan er einfalt að aka til allra átta í Evrópu. Upplifið fjölbreytileika Evrópu, ferðist um rómantískar sögulegar borgir og farið á heimsklassa uppákomur og viðburði sem eru í boði á hverjum degi.**




ÍSLANDI



## TAKTU BÍLINN MEÐ Í FRÍIÐ

**Þegar þú ferðast með Norrænu tekur þú bílinn með þér og allan þann farangur sem kemst með í ferðalagið.** Pakkið farangrinum í bílinn heima, akið um borð í Norrænu, slakið á og njótið rólegheitanna í sólarhring eða tvo og akið í land fersk og vel úthvíld á áfangastað. Að hafa bílinn með í fríið gefur mikla möguleika og þú sparar bílaleigubíl. **Njótið frelsisins sem fylgir því að ferðast í eigin bíl.** Möguleikarnir eru margir – allt undir ykkur sjálfum komið. Þegar líður að heimferð, pakkið farangrinum og innkaupum í bílinn, nú eruð þið laus við að bera og draga hann með ykkur. Síðan akið þið með farangur börn og innkaup heim að dyrum.”

**Breytt áætlun Norrænu skilar styttri siglingartíma -sjá www.smyril-line.is**

## FÆREYJAR



Þegar þú siglir til Færeyja, upplifir þú á hversu hrífandi hátt eyjarnar rísa úr hafinu. Það er enginn staður á jörðinni líkur eyjunum. Menningararfur og náttúrufegurð eru við hvert fótmál. Stórfengleg fjöll og björg skera eyjarnar í kynleg mynstur, endalausir litir og ilmur, einstök birta og sérstakt dýralíf sem er skemmtilegt að sjá og heyra. Færeyjar er alveg einstakur staður sem býður upp á að tengja saman ró og frið ásamt náttúru- og menningarupplifun.

**FÆREYJAR**
**16.650**

**Verð frá kr. 16.650** á mann m.v. fjóra í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
**Verð frá kr. 33.575** m.v. einn í 4m. klefa/inn á lágannatímabili ásamt bíl aðra leið.
Fyrir aðeins frá 14.400 er hægt að taka kerru með og þú mátt taka eins mikinn farangur með þér og plássið leyfir.

**AUSTFAR**
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

*Smyril Line Ísland*
**NORRÆNA**
**FERÐASKRIFSTOFAN**
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is
www.smyril-line.is

> LENNON-AÐDÁANDI

Ungstirnið **Miley Cyrus** hefur nú tekið upp nýja útgáfu af John Lennon-laginu Imagine. Hin 16 ára Cyrus syngur lagið með leikkonunni Emily Osment sem hún kynntist við gerð Hannah Montana-bíómyndarinnar. Cyrus segist ekki vita hvort dúettinn verði nokkurn tíma gefinn út, en segir þær stöllur báðar hafa áhuga á Lennon.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## HIN HLIÐIN MARÍA ÓLAFSDÓTTIR LEIKARI Í SÖNGVASEIÐ

# *Skemmtilegast að leika, syngja og dansa*

**Hvað er að frétta?** Er á fullu að æfa söngleikinn Söngvaseið í Borgarleikhúsinu sem verður frumsýndur 8. maí, leik næstelstu stelpuna, Lovísu, sem er þrettán ára gömul.
**Augnlitur:** Grænblár.
**Starf:** Leikari í Söngvaseið í Borgarleikhúsinu.
**Fjölskylduhagir:** Er yngst, bý hjá mömmu og pabba og á tvær systur og einn bróður.
**Hvaðan ertu?** Er fædd og uppalin á Blönduósi en bý nú í Mosfellsbænum.
**Ertu hjátrúarfull?** Já, ég get stundum verið það.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Það er náttúrulega Neighbours.
**Uppáhaldsmaturinn:** Kjúklingur klárlega.
**Fallegasti staðurinn:** Ég myndi segja Feneyjar.
**iPod eða geislaspilari:** Klárlega iPodinn.
**Hvað er skemmtilegast?** Að leika, syngja og dansa! Það er best í heimi.
**Hvað er leiðinlegast?** Ætli það sé ekki bara að læra fyrir prófin eins og flestum öðrum þykir.
**Helsti veikleiki:** Stundum of áköf og þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni.
**Helsti kostur:** Ég er mjög opin og hress og er oftast mjög jákvæð.
**Helsta afrek:** Held að það sé að komast inn í Söngvaseið af 4.000 krökkum.
**Mestu vonbrigðin?** Þegar ég fótbrotnaði á þessu ári.
**Hver er draumurinn?** Að mennta mig í tónlistinni og leiklistinni og starfa við það.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Klárlega Jóhannes Haukur sem leikur pabba okkar í Söngvaseið!
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar fólk stendur sig ekki í því sem það á að gera og líka þegar maður getur ekki treyst á manneskjuna til að gera eitthvað.
**Hvað er mikilvægast?** Bara að lifa lífinu eins vel og sem heilbrigðast og maður getur og vera hamingjusamur.






**EFRON OG HUDGENS** Zac ásamt mótleikkonu sinni úr High School Musical, Vanessu Hudgens.

# Enn í menntaskóla

Hinn sjóðheiti Zac Efron, sem er þekktastur fyrir High School Musical-myndirnar, hefur ekki sagt skilið við menntaskólann því næsta mynd hans nefnist Full Metal Panic. Myndin er byggð á japanskri manga-mynd og fjallar um meðlim í leynilegum andhryðjuverkahóp sem reynir að vernda japanska menntaskólastúlku með dulrænum hæfileikum sínum.

Full Metal Panic var upphaflega gefin út sem skáldsaga en er nú komin á hvíta tjaldið. Þrátt fyrir söguþráðinn er þetta rómantísk gamanmynd en ekki hörkuspennandi hryðjuverkatryllir sem fær hárin til að rísa. Áður en Full Metal Panic verður frumsýnd sést Zac Efron næst í bíó hérlendis í gamanmyndinni 17 Again þar sem hann leikur unga útgáfu af Matthew Perry. Myndin fjallar um mann sem er ósáttur við líf sitt og óskar þess að hann komist aftur í tímann til að breyta gangi mála.

# Samantha ánægð með að vera laus við Lindsay Lohan

**Skilnaður leikkonunnar Lindsay Lohan og plötusnúðsins Samönthu Ronson er enn á milli tannanna á fólki í Hollywood. Þær stöllur bregðast mjög misjafnlega við skilnaðinum.**

Samantha Ronson svífur bókstaflega um á bleiku skýi þessa dagana eftir að hún batt enda á samband sitt við leikkonuna Lindsay Lohan. Rúm vika er síðan þær skildu að skiptum eftir ásakanir þess efnis að Samantha hafi haldið framhjá Lindsay. Vinir plötusnúðsins Ronson hafa stigið fram og lýst yfir stuðningi við ákvörðun hennar. Pete Wentz, bassaleikari Fall Out Boy, segir á samskiptasíðunni Twitter að gott sé að hún hafi endurheimt mannorð sitt. Ronson svaraði með þessum orðum: „Ég elska það. Mér líður eins og ég sé endurfædd!“

Á meðan þessu líður á Lindsay Lohan í mestu erfiðleikum. Bandarískir fjölmiðlar greina frá því að vinir hennar hafi snúið við hana baki, leikferillinn hangi í lausu lofti og margir óttast um geðheilsu hennar. Sumir ganga jafnvel svo langt að lýsa því yfir að líkur séu á því að hún muni vinna sjálfri sér mein. „Hún er algjörlega í rusli. Hún er leið, finnst hún vera ein og er algerlega niðurbrotin… Sam hefur verið svo stór hluti af lífi hennar og það er mjög erfitt fyrir hana að sætta sig við að sambandinu sé lokið,“ segir Dina Sansing, sérfræðingur í málefnum fræga fólksins.

Sambandi þeirra lauk formlega á Chateau Marmont-hótelinu í Kaliforníu. Þar var Lohan hent út úr partíi sem Ronson hélt. Vitni segja að hún hafi reynt að sparka upp hurðinni til að komast aftur inn. Því neitar Lohan. Leikkonan kennir fjölskyldu Ronson um sambandsslitin en sögur hafa verið á kreiki þess efnis að fjölskyldan hafi reynt að fá nálgunarbann á Lohan.

Lohan hefur farið um víðan völl á þeirri viku sem liðin er frá sambandsslitunum. Hún fékk sér nýtt húðflúr og litaði hárið á sér rautt – rétt eins og það var áður en hún kynntist Samönthu Ronson.



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Stöllurnar Samantha Ronson og Lindsay Lohan hafa slitið sambandi sínu. Ronson er hæstánægð en Lohan er í rusli. NORDICPHOTOS/GETTY



**LEIÐUR OG SVEKKTUR** Hugh Jackman varð sár þegar hann heyrði af því að Wolverine hefði verið lekið á Netið.

# Hugh Jackman í sárum

Hugh Jackman segist í samtali við AP-fréttastofuna vera í sárum vegna lekans á nýjustu kvikmynd hans, X-Men Origins: Wolverine. Kvikmyndin lak á Netið og ekki stóð á netverjum úti um allan heim sem hlóðu henni inn á tölvuna sína.

Talið er að yfir hundrað þúsund notendur hafi horft á ófullgert eintak af kvikmyndinni og það þykir Jackman miður. „Þetta er mjög alvarlegur glæpur og þetta er mjög leiðinlegt, ég er í það minnsta miður mín yfir þessu,“ segir Jackman og bætir því við að í ljósi þess að myndin var ekki einu sinni tilbúin hafi þetta verið svipað og að horfa á ómálaða Ferrari-bifreið.

Alríkislögreglan og samtök kvikmyndaframleiðanda hyggjast hafa hendur í hári þrjótsins sem setti myndina á Netið og verður hann sóttur til saka fyrir þjófnað. Hann á væntanlega yfir höfði sér fangelsisvist.



# Býðst að taka Abbalag



Bjorn Ulvaeus hefur lýst yfir aðdáun sinni á söngkonunni Duffy. Bjorn, sem sigraði Eurovision árið 1974 með laginu Waterloo, segist gjarnan vilja vinna með söngkonunni því hann hafi mikið dálæti á óvenjulegri rödd hennar.

Í viðtali við breskt veftímarit segist Bjorn hlusta reglulega á lagið Mercy með Duffy þegar hann sé að keyra. „Ég er mikill aðdáandi hennar einstöku raddar og söngstíls. Ef hún myndi biðja jafn kurteislega um að fá að nota Abbalag og Madonna gerði, myndi ég sterklega íhuga að gefa henni leyfi,“ segir Bjorn.

**VINSÆL SÖNGKONA** Bjorn í Abba er mikill aðdáandi Duffy og segist vel geta hugsað sér að leyfa henni að endurgera Abbalag.

# Miley Cyrus nýjasta hetjan vestanhafs

Síðavandar húsmæður í Ameríku hoppa væntanlega hæð sína af kæti þessa dagana. Mesta átrúnargoð unglingsstelpna í Bandaríkjunum er nefnilega ekki ólíkindatólið Britney Spears heldur sakleysinginn Miley Cyrus sem hefur leikið Hönnuh Montana á Disney-sjónvarpsstöðinni og heilað heimsbyggðina upp úr skónum. Himinn og haf er á milli Miley og Britney hvað lífsstíl varðar en ímyndarsérfræðingar spá því að sú fyrrnefnda eigi eftir að ná enn lengra og jafnvel skjóta Britney ref fyrir rass hvað vinsældir varðar.

Britney Spears hefur nánast einokað slíka lista en ef marka má kosningu Popeater.com hefur henni heldur betur fatast flugið, eða aðdáendurnir þroskast. Britney hafnaði í þriðja sætinu en hinir vinsælu Jonas-bræður tóku annað sætið með trompi. Þeir eru líkt og Miley á mála hjá Disney-sjónvarpsstöðinni og hafa malað gull undanfarin ár. Köntrístjarnan Taylor Swift er síðan sú opinbera persóna sem er hvað besta fyrirmynd ungs fólks í Ameríku. Nokkuð skemmtileg tilviljun því Swift og einn af Jonas-bræðrunum voru eitt sinn kærustupar.



**GÓÐA STELPAN** Miley Cyrus, betur þekkt sem Hannah Montana, er nú sú sem unglingsstúlkur vilja helst líkjast.



**EKKI LENGUR GÓÐ** Britney Spears er ekki lengur sú manneskja sem unglingsstúlkur í Ameríku vilja líkjast.


# HLUTHAFAFUNDUR TEYMIS HF.

**20. apríl**

Stjórn Teymis hf. boðar til hluthafafundar félagsins mánudaginn 20. apríl 2009 kl. 8:30 á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi mál:

1. Tillaga stjórnar um heimild til þess að leita nauðasamninga við kröfuhafa félagsins.
2. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár og hækkun í lögbundið lágmark.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
   a. Niðurfelling heimilda til hækkunar hlutafjár.
   b. Fækkun stjórnarmanna.
4. Stjórnarkjör.
5. Önnur mál.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Sérstaklega skal bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins viku fyrir hluthafafund og eru jafnframt aðgengilegar á www.teymi.is

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 8:00.

**Reykjavík, 9. apríl 2009**
**Stjórn Teymis hf.**

TEYMI

# Dásemdardýrð

**Fáðu þér flottan tónlistarsíma í næstu verslun Vodafone**



**Nokia 5800 XpressMusic**
- 12.000 kr. inneign*
- 5 lög í tónlistarverslun Vodafone

**5.500 kr.**
á mán. í 12 mán.

*1.000 kr. á mán. í 12 mán.



**Nokia 5310 XpressMusic**
- 12.000 kr. inneign*
- 5 lög í tónlistarverslun Vodafone

**3.000 kr.**
á mán. í 12 mán.

*1.000 kr. á mán. í 12 mán.

**Lifðu núna**

vodafone


★★★★★
„Myndin er allt í senn epísk, glettin og spennuþrungin. Stórbrotið sjónarspil og eldfimt umfjöllunarefni ferja áhorfandann á heljarþröm í gegnum „tilfinningarússíbana“ sem stuðar farþegana til umhugsunar sama hvort þeir samþykkja málstað myndarinnar eður ei.“
HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
★★★★
„Draumalandið er kvikmynd sem markar ákveðin tímamót í íslenskri kvikmyndalist.“
M.M.J., KVIKMYNDIR.COM
★★★★★
BERGSTEINN SIGURÐSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
DRAUMALANDIÐ
Hvað áttu þegar þú hefur selt allt?

**> Næsta stig Brentons verður númer 600 í lokaúrslitum um titilinn**

Brenton Birmingham er einu stigi frá því að komast í fámennan hóp leikmanna sem hafa náð að skora 600 stig í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn. Brenton er búinn að skora 599 stig í 27 leikjum í úrslitaleikjum sem gera 22,2 stig að meðaltali í leik. Brenton hefur skorað 57 þessara stiga í einvígi Grindavíkur á móti KR en 447 af stigum hans í lokaúrslitum hafa komið með Njarðvík. Guðjón Skúlason (Keflavík og Grindavík) og Teitur Örlygsson (Njarðvík) eru einu meðlimir 600 stiga klúbbsins.



**sport**
sport@frettabladid.is

VEIGAR PÁLL GUNNARSSON: HEFUR SPILAÐ MINNA Í FRAKKLANDI EN HANN VONAÐIST TIL

# *Átti að vera aðalmaðurinn í liði Nancy*

Í janúar síðastliðnum gekk Veigar Páll Gunnarsson til liðs við Nancy í Frakklandi eftir að hafa orðið Noregsmeistari með Stabæk. Síðan þá hefur hann hins vegar fá tækifæri fengið með liðinu og aðeins komið við sögu í fimm leikjum, þar af í einum sem byrjunarliðsmaður. Alls hefur hann spilað 114 mínútur í frönsku úrvalsdeildinni og á enn eftir að skora mark.

„Þeir voru búnir að segja við mig að þeir ætluðu að byggja liðið upp í kringum mig – ég átti að vera aðalmaðurinn," sagði Veigar í samtali við Fréttablaðið. „Það hljómar því að vera tóm steypa."

„Ef það væri tilfellið hefði ég búist við því að ég yrði meira notaður nú í ár. En sjálfur lít ég á þetta sem svo að ég sé að nota þetta tímabil til að koma mér inn í franska fótboltann og geri ég mér lengur engar væntingar um að fá að byrja inn á. Ég mun svo æfa eins og vitleysingur í sumar og sjá svo hvað setur."

Hann segir að þjálfarinn hafi greinilega lítinn áhuga á að nota sig og það vekur furðu hans. „Ég er farinn að halda að það hafi einhverjir jakkafatamenn séð mig spila, litist vel á mig og keypt mig. Þjálfarinn hafi því ekkert vitað hvað hann hafi fengið þegar ég kom til félagsins."



Nancy er sem stendur í bullandi vandræðum í frönsku úrvalsdeildinni og er í sextánda sæti, aðeins einu stigi frá fallsæti.

„Ég held að í síðustu 12-13 leikjum hafi liðið ekki skorað nema fimm mörk sem getur ekki talist eðlilegt. Mér finnst hugmyndaaflið í sóknarleik liðsins ekki upp á marga fiska og miðað við hvernig ég hef verið að standa mig á æfingum finnst mér að ég eigi meira skilið. Það er bara spurning hvenær þjálfarinn áttar sig á því," sagði Veigar Páll í léttum dúr.

Hann er nú að jafna sig á smávægilegum meiðslum og gat hann ekki spilað með Nancy um síðustu helgi vegna þeirra.



**47 STIG Á 34 MÍNÚTUM** Nick Bradford hitti frábærlega í DHL-höllinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nick Bradford á skírdag:

## Þremur stigum frá meti Rondey

**KÖRFUBOLTI** Nick Bradford skoraði 47 stig í 107-64 sigri Grindavíkur á KR í þriðja leik lokaúrslitanna á skírdag og var aðeins þremur stigum frá því að jafna stigamet Njarðvíkingsins Rondey Robinson í lokaúrslitum. Það hefur aftur á móti enginn leikmaður skorað fleiri stig í venjulegum leiktíma en Nick.

Rondey Robinson skoraði 50 stig í 107-110 tapi Njarðvíkur í framlengingu í fyrsta leik lokaúrslitanna 1994. Nick hefur þar með skorað bæði 38 og 47 stig í þessum lokaúrslitum en báðir þessir miklu stigaleikir eru meðal átta hæstu á listanum yfir flest stig í úrslitaeinvígi - óój

# Tveir sem kunna að vinna titla

**Nick Bradford og Brenton Birmingham hafa spilað frábærlega með Grindavík í lokaúrslitunum og skila saman 52,0 stigum og 16,3 fráköstum, 9,3 stoðsendingum og 7,0 stolnum boltum að meðaltali í leik.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar eiga í dag möguleika á að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í þrettán ár þegar þeir taka á móti KR í Röstinni í fjórða leik liðanna í úrslitaeinvígi þeirra í Iceland Express-deild karla. Tveir leikmenn hafa öðrum fremur komið Grindvíkingum í þessa frábæra stöðu að geta orðið Íslandsmeistarar á heimavelli en það eru þeir Nick Bradford og Brenton Birmingham.

Nick og Brenton hafa báðir unnið Íslandsmeistaratitilinn oftar en einu sinni (Brenton 3 og Nick 2) og þeir hafa báðir verið kosnir bestu leikmenn úrslitakeppninnar (Nick 2005 og Brenton 2006). Þetta eru tveir af mestu sigurvegurum íslensks körfubolta síðustu ára og ástæðuna má sjá inni á vellinum í lokaúrslitunum á móti KR.

Nick og Brenton eru langhæstir þegar kemur að framlagi í lokaúrslitaeinvíginu og þeir einu sem eru að skila meira en 24 framlagsstigum til síns liðs. Nick er með 37,0 í framlagi að meðaltali í þessum þremur leikjum og Brenton kemur skammt á eftir með 32,0 í framlagi. Saman eru þeir tveir að skila 69,0 framlagsstigum að meðaltali í leik.

Nick Bradford hefur verið stórkostlegur í leikjunum í DHL-höllinni þar sem hann hefur skorað 85 stig í tveimur leikjum og hitt úr 30 af 47 skotum sínum (63,8 prósent), þar af 9 af 14 skotum fyrir utan þriggja stiga línuna.



**ÖFLUGIR** Þeir Nick Bradford og Brenton Birmingham spila aldrei betur en þegar mest á reynir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nick er með 33,0 stig að meðaltali á 35,0 mínútum í lokaúrslitunum til þessa en hann hefur auk þess tekið 7,7 fráköst, stolið 4,0 boltum og varið 2,0 skot að meðaltali. Nick hefur hitt úr 60 prósent þriggja stiga skota sinna en 9 af 15 skotum hans fyrir utan hafa ratað rétta leið.

Brenton er með 19,0 stig, 8,7 fráköst og 6,7 stoðsendingar að meðaltali á 35,3 mínútum en hann hefur auk þess stolið 3,0 boltum og varið 1,3 skot í leik. Skotnýting Brentons er 61,1 prósent og 88,9 prósent í vítaköstum.

ooj@frettabladid.is

**HÆSTA FRAMLAG Í LOKAÚRSLITUNUM:**
**(EFTIR 3 FYRSTU LEIKINA)**

| | |
|---|---|
| **Nick Bradford, Grindavík** | **36,7** |
| Brenton Birmingham, Grindavík | 32,0 |
| **Jón A. Stefánsson, KR** | **23,3** |
| Jason Dourisseau, KR | 22,3 |
| **Helgi Már Magnússon, KR** | **18,7** |
| Fannar Ólafsson, KR | 16,7 |
| **Helgi Jónas Guðfinnsson, Grindavík** | **9,7** |
| Þorleifur Ólafsson, Grindavík | 9,7 |
| **Jakob Örn Sigurðarson, KR** | **8,3** |
| Páll Axel Vilbergsson, Grindavík | 8,0 |
| **Páll Kristinsson, Grindavík** | **7,7** |
| Guðlaugur Eyjólfsson, Grindavík | 7,0 |
| **Arnar Freyr Jónsson, Grindavík** | **4,3** |
| Pálmi Freyr Sigurgeirsson, KR | 3,3 |




Prisma býður upp á meðferð fyrir fólk með átraskanir og aðstandendur þeirra. Hópmeðferð hefst þriðjudaginn 28.apríl. Frekari upplýsingar á **www.prismasetur.is.**

PRISMASETUR


Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir þriðja leikinn:

# Þurfum að fara að rífa kjaft á móti

**KÖRFUBOTI** Grindvíkingar unnu KR í DHL-höllinni á skírdag með 13 stiga mun og geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Röstinni í dag. Það var ólíkt hljóðið í þjálfurum liðanna eftir leikinn á fimmtudaginn.

„Þessi leikur hefur kannski komið einhverjum á óvart, en ekki okkur. Við vorum að spila gríðarlega vel í 33 mínútur í þessum leik, sérstaklega í vörninni," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir frábæran sigur.

„Við vorum fyrst og fremst orðnir leiðir á því að koma hérna inn eins og kisur, enda sást það hérna í dag. Þetta var allt annað Grindavíkurlið en síðast. Það stendur ekkert annað til en að klára þetta í næsta leik. Við eigum heimaleik næst fyrir framan fólk sem ég veit að verður alveg brjálað. Ef við erum nógu góðir, þá vinnum við þennan leik. Annars bara töpum við honum. Við gerum bara það sem við getum," sagði Friðrik.

„Ég hef oft verið í þessari stöðu sjálfur og strákarnir líka. Ég sagði strákunum að brosa út að eyrum og njóta þessa sigurs í kvöld, en það verður æfing í hádeginu á morgun og þar vil ég ekki sjá eitt einasta bros. Ég vil bara sjá tólf einbeitt andlit sem eru með hugann við næsta verkefni," sagði Friðrik.

„Við byrjuðum leikinn ágætlega, en þegar færðist harka í leikinn urðum við bara litlir í okkur og spiluðum eins og draugar þar til við sýndum smá stolt í restina," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR.

„Núna skipta hlutir eins og leikaðferðir eða styrkur leikmanna ekki máli. Ef hjartað og leikgleðin er ekki til staðar í þessu, eru menn bara teknir og niðurlægðir. Við verðum að hætta að spila eins og lið sem á það á hættu að missa titilinn og spila eins og lið sem vill vinna titilinn," sagði Benedikt sem hrósaði Nick Bradford hjá Grindavík sem skoraði 47 stig í leiknum.

„Frammistaða Nicks Bradford var ótrúleg og hann er að sýna hversu mikill sigurvegari hann er. Hann er rífandi kjaft allan tímann við okkur og áhorfendur og dansar við dómarana. Við þurfum að fara að rífa aðeins kjaft á móti og gefa af okkur til áhorfenda og ná upp stemningu," sagði Benedikt. - bb



**TVÖ TÖP Í RÖÐ** Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR.



**10-2** Friðrik Ragnarsson er með frábært sigurhlutfall á móti KR í úrslitakeppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Friðrik Ragnarsson:

## Kann hann á KR-ingana?

**KÖRFUBOLTI** Það ætti kannski ekki að koma á óvart að Grindavík sé komið með undirtökin í úrslitaeinvíginu á móti KR í Iceland Express-deild karla þegar litið er á söguna og hver er að þjálfa Grindavík.

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, hefur nefnilega unnið öll þrjú einvígi sín á móti KR sem þjálfari í úrslitakeppni úrvalsdeildar. Grindavíkurliðið er einum sigri frá því að bæta því fjórða við en Grindavík er komið í 2-1 eftir 107-94 sigur á KR í DHL-höllinni í þriðja leiknum.

Undir stjórn Friðriks hafa lið Njarðvíkur og Grindavíkur unnið 10 af 12 leikjum sínum á móti KR, þar af sópað þeim út í undanúrslitum 2001 og út úr átta liða úrslitum 2003.

KR hefur aðeins unnið tvo leiki á móti liðum Friðriks í úrslitakeppni, þeir minnkuðu muninn í 2-1 í undanúrslitunum 2002 og unnu síðan fyrsta leik lokaúrslitanna í ár. - óój


Ný sumardekk
Dekkjaskipti




Sparaðu, láttu
**skipta um dekk hjá Max1**

**Umfelgun og ný dekk á góðu verði**

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu sumardekkin hjá Max1 á góðu verði.
Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**HREIÐAR GUÐMUNDSSON** Leikmaður Sävehof í Svíþjóð. MYND/VILHELM

Úrslitakeppnin í Svíþjóð:

## Íslenskur slagur í undanúrslitum

**HANDBOLTI Íslendingaliðin Sävehof og Guif mætast í undanúrslitum úrslitakeppni sænsku úrvalsdeildarinnar. Þetta varð ljóst í fyrrakvöld eftir að síðasta leiknum í fjórðungsúrslitunum lauk.**

**Sävehof, lið Hreiðars Guðmundssonar, er deildarmeistari í Svíþjóð og mátti velja sér andstæðing í undanúrslitum. Valið stóð á milli Guif og Hammarby og ákvað þjálfari Sävehof, Rustan Lundbäck, að velja fyrrnefnda liðið þó svo að Hammarby hafi orðið í fimmta sæti deildarinnar en Guif því þriðja.**

**Þjálfari Guif er Kristján Andrésson, fyrrverandi landsliðsmaður. Bróðir hans, Haukur, leikur með liðinu. - esá**

# Setur Liverpool aftur pressu á United?

**Fjögur efstu lið ensku úrvalsdeildarinnar spila öll í dag. Eftir mikla dramatík í síðustu umferð bíða menn spenntir eftir því hvort staða efstu liðanna breytist eitthvað í dag en það eru aðeins sjö umferðir eftir.**

**FÓTBOLTI** Baráttan um enska meistaratitilinn er allt í einu orðin einvígi þriggja liða eftir að Manchester United tapaði tveimur leikjum í röð og hleypti Liverpool og Chelsea inn að nýju.

Liverpool fær eins og um síðustu helgi tækifæri til að komast upp fyrir Manchester United og í toppsætið þar sem leikur liðsins á móti Blackburn er hádegisleikur dagsins. Liverpool er einu stigi á eftir Manchester United eftir fjóra deildarsigra í röð.

„Ég er búinn að vera í kringum aðalliðið í þrettán ár og þetta er stærsti leikurinn sem ég hef spilað á ferlinum. Ef við vinnum þá komust við á toppinn þegar aðeins sex leikir eru eftir," sagði Liverpool-maðurinn Jamie Carragher.

Manchester United sækir Sunderland heim rúmum klukkutíma eftir að leik Liverpool lýkur og veit þá hvort liðið er búið að missa toppsætið. „Sumum fannst við vera þreytulegir á móti Porto. Við vorum það kannski í fyrri hálfleik en ekki í þeim síðari. Það er ekkert að hjá liðinu en við verðum bara að hætta að fá á okkur þessi aulalegu mörk," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

Það bíða örugglega margir spenntir eftir hvort hann leyfir ítalska táningnum Federico Macheda að spreyta sig en hann skoraði sigurmarkið í síðasta leik í 3-2 sigri á Aston Villa eftir að hafa komið inn á í sínum fyrsta leik fyrir félagið. Það var rosaleg dramatík á lokasekúndunum í leikjum Manchester og Liverpool í síðustu umferð og það verður fróðlegt að sjá hver áhrif slæmra úrslita í Meistaradeildinni verða.

Chelsea er þremur stigum á eftir Liverpool í þriðja sætinu en liðið fór þó illa með Liverpool-liðið í Meistaradeildinni í vikunni og er greinilega til alls líklegt undir stjórn Guus Hiddink. Chelsea tekur á móti Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton.

Breskir fjölmiðlar voru að velta því fyrir sér hvort Guus Hiddink myndi setja fyrirliðann John Terry á bekkinn svo að Ricardo Carvalho og Alex gætu náð leik saman fyrir seinni leikinn á móti Liverpool í næstu viku. Terry tekur út leikbann í þeim leik.

Arsenal hefur ekki tapað í síðustu 17 deildarleikjum og hefur unnið síðustu fjóra deildarleiki með markatölunni 12-2. Liðið sækir Wigan heim en þrátt fyrir góða frammistöðu lærisveina Steve Bruce þá hefur þeim aldrei tekist að vinna eitt af fjóru stóru liðunum.

„Það er sérstaklega mikilvægt að við höldum sigurgöngunni áfram því stöðugleiki er sönnun á því hversu miklum framförum liðið hefur tekið," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

Newcastle heimsækir Stoke í öðrum leik Alaan Shearer í stjórastólnum og er þetta einn af úrslitaleikjum fyrir liðið sem þarf hreinlega að ná í öll þrjú stigin ætli Newcastle-menn að bjarga sér.

ooj@frettabladid.is



**TÆPUR** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is
FÍP
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu




149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

## U.S. Masters 2009

**Amen Corner**
Hornið á suðurenda vallarins, þar sem 11., 12. og 13. holan er, þykir erfiðasti hluti vallarins og kallast „Amen Corner".




**Breyting á vellinum**
Fyrsti teigurinn hefur verið færður fram og brautin stytt um níu metra.

Augusta National-golfklúbburinn
Augusta, Georgíu. 9. til 12. apríl.

| Hola | Par | Metrar |
|---|---|---|
| 1 | 4 | 407 |
| 2 | 5 | 526 |
| 3 | 4 | 320 |
| 4 | 3 | 219 |
| 5 | 4 | 416 |
| 6 | 3 | 165 |
| 7 | 4 | 411 |
| 8 | 5 | 521 |
| 9 | 4 | 421 |
| **Út** | **36** | **3.406** |
| 10 | 4 | 453 |
| 11 | 4 | 462 |
| 12 | 3 | 142 |
| 13 | 5 | 466 |
| 14 | 4 | 402 |
| 15 | 5 | 485 |
| 16 | 3 | 155 |
| 17 | 4 | 402 |
| 18 | 4 | 425 |
| Inn | 36 | 3.392 |
| **Samtals** | **72** | **6.798** |

© GRAPHIC NEWS

Fyrsta risamót ársins, US Masters, er í fullum gangi á Augusta um helgina:

# Græni jakkinn er eftirsóttur

**GOLF** Golfárið hófst fyrir alvöru á fimmtudaginn þegar bestu kylfingar heims hófu keppni á bandaríska Masters-mótinu sem er fyrsta risamót ársins.

Mótið skipar sér í nokkra sérstöðu meðal risamótanna fjögurra enda uppfullt af hefðum og venjum og þar fá einnig færri kylfingar að taka þátt en í hinum risamótunum. Þessi sérstaða hefur gert mótið að draumamóti bestu kylfinga heims.

Virðingin sem fylgir því að vera Masters-meistari er meðal annars mögnuð upp með því að fá að klæðast græna jakkanum og velja matseðilinn í málsverði meistaranna sem fer fram skömmu fyrir mótið en þangað fá aðeins fyrrverandi meistarar að mæta.

Masters-mótið er eina risamótið sem alltaf er haldið á sama stað, Augusta National-golfvellinum í Georgíu-ríki. Völlurinn var hannaður af Bobby Jones árið 1933 og hefur verið keppt á honum alla tíð síðan.

Augusta-völlurinn þykir einn sá fallegasti í heimi, ekki síst vegna hinnar miklu gróðursældar í kringum allar holurnar átján. Það spillir heldur ekki fyrir að á meðan á Masters-mótinu stendur blómstrar gróðurinn allt í kring.

Hver einasta hola á vellinum hefur fengið viðurnefni eftir tré eða gróðri sem setur sterkan svip á hana. Hér fyrir ofan má sjá teikningu af Augusta-vellinum.

Ein allra skemmtilegasta hefðin í kringum Masters-mótið er græni jakkinn eftirsótti en honum fá sigurvegarar mótsins að klæðast en aðeins í eitt ár – meðan þeir eru ríkjandi meistarar.

Masters-mótið er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og þá er fylgst með gangi mála á Vísi.is.

Útsendingar frá lokadögunum hefjast klukkan 20.00 í kvöld og síðan klukkan 18.00 á morgun, páskadag, þegar mótinu lýkur. - óój

Hafnarborg
Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar.
Opið alla daga kl. 11 – 17 og fimmtudaga til kl. 21. Lokað á þriðjudögum.
Strandgata 34
www.hafnarborg.is
4. apríl – 10. maí 2009
Veðurskrift
Weather Writing
Guðrún Kristjánsdóttir
Opið alla páskana, nema á páskadag.

# FRÁBÆR TILBOÐ

## – GÆÐI Á BETRA VERÐI




WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

What Plasma & LCD TV EDITOR'S CHOICE ★★★★★




Panasonic

**Panasonic TX32LZD80F**
32" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine - Meiri myndgæði, 24p Cinema myndtækni, x.v Colour, 10.000:1 skerpu, 500 cd/m2 birtustigi, SD/SDHC kortalesara (les MPEG2 og H.264) ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

**Panasonic TX37LZD80F**
37" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplasun, V-Real Pro3 Engine tækni, VIERA Link, 10.000:1 skerpu, 500 cd/m2 birtustigi, stafrænum DVB-T móttakara ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

## SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ MP3 SPILARAR FERÐATÆKI DVD OG BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR ÚTVARPSVEKJARAR iPOD VÖGGUR OFL.



JVC

**JVC UXG300**
60w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3/CD spilara og útvarpi, 60w RMS magnara, Digital Tuner, klukku, tónjafnara, USB 2.0, Surround mode, Sound Turbo, Active Hyper-Bass, Aux inn að framan ofl.

**TILBOÐ 34.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990



PHILIPS

Blu-ray Disc

**Philips BDP7100**
Fjölkerfa Blu-Ray SPILARI með DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, High Definition 1080p @ 24fps, DVD uppskölun í 1080p í gegnum HDMI. Digital Coax út. 8 rása analogue útg. ofl.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990

INNBYGGÐUR **DVD SPILARI**




UNITED

**United TVD8819**
19" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, Scart, Video, S-Video og VGA tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 64.990



10MP

OLYMPUS

**Olympus FE45**
Einföld og góð Digital MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6,3 - 18,9mm linsu, 2,5" LCD skjá, andlitsgreiningu, hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, YouTube stillingu, Intelligent Auto og USB 2.0. Tekur xD eða microSD kort.

**TILBOÐ 15.990**
FULLT VERÐ kr. 19.990

FACE DETECTION

LEICA DC LENS



FÆST BLEIK EÐA SILFURLIT

Panasonic

**Panasonic DMCFS3**
8,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB Innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

**TILBOÐ 26.990**
FULLT VERÐ kr. 36.990

VATNS HELD



OLYMPUS

**Olympus MJU550SWB**
Digital MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 38-114mm linsu, 2,5" LCD skjá, Image Stabilisation hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, Intelligent Auto, USB 2.0 og ryðvörn. Tekur xD eða microSD kort. Vatnsheld að 3m dýpi.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 36.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



## > Amy Adams

„Ég er mjög hrifin af Ösku-busku. Ég kann að meta hvað hún er dugleg að vinna og svo hefur hún óaðfinnanlegan smekk á skóm.“ Adams leikur Giselle í ævintýramyndinni Enchanted sem stöð 2 sýnir í kvöld.

# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50

### Into The Wild



Ein áhrifamesta kvikmynd síðari ára. Mannbætandi, sannsöguleg saga byggð á samnefndri metsölubók, kvikmynduð af Sean Penn. Myndin segir frá ungum hugsjónamanni í háskóla. Hann hélt einn og yfirgefinn inn í óbyggðir Alaska þar sem hann hugðist lifa alfarið af landinu, veiða sér til matar og leita að tilgangi lífsins. Myndin var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna og færði Eddie Vedder, söngvara úr Pearl Jam, Golden Globe-verðlaunin fyrir lagið „Guaranteed“.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Djöflaeyjan
### Sjónvarpið kl. 21.40

Bíómynd eftir Friðrik Þór Friðriksson frá 1996 byggð á sögu Einars Kárasonar um skrautlegar persónur í braggahverfi í Reykjavík upp úr miðri síðustu öld. Meðal leikenda eru Baltasar Kormákur, Gísli Halldórsson, Sveinn Geirsson, Sigurveig Jónsdóttir og Pálína Jónsdóttir.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Róbert bangsi, Geirharður Bojng Bojng, Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Frumskógar Goggi og Sigga ligga lá.
**10.30 Feðgar í eldhúsinu** (2:6)
**11.00 Nýtt gullæði** (e)
**12.00 Kosningar 2009** (e)
**12.25 Fjölskylda í felum** (Gone Are the Dayes) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1984. Fjölskylda sér þegar skotárás er gerð á veitingahúsi og er fengin til að bera vitni gegn bófaforingja.
**13.55 Northanger Abbey** (e)
**15.30 Ellen 100 ára** (Ellen 100 år) (e)
**16.00 Sinfóníuhljómsveit Íslands í Berlín 2007** (e)
**16.30 Skólahreysti** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Góða nótt Frank**
**17.45 Pip og Panik** (1:13) (e)
**17.52 Sögurnar hennar Sölku**
**18.00 Stundin okkar** Fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir yngstu börnin.
**18.25 Kínverskar krásir** (2:6)
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veður**
**19.25 Orðið tónlist: Jórunn Viðar** Heimildamynd um Jórunni Viðar tónskáld.
**20.40 Sommer** (Sommer) (19:20) Danskur myndaflokkur um viðburðaríkt líf læknisfjölskyldu í skugga alsheimersjúkdóms fjölskylduföðurins.
**21.40 Djöflaeyjan**
**23.20 Lara Croft - Vagga lífsins** (Lara Croft Tomb Raider: The Cradle of Life) (e)
**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.30** Primeval **11.20** Primeval **12.10** Primeval **12.55** Primeval **13.40** Primeval **14.30** Doctor Who **15.15** Doctor Who **16.00** Doctor Who **16.45** Doctor Who **17.30** Doctor Who **18.20** Doctor Who **19.10** State of Play **20.00** Primeval **20.50** Primeval **21.40** Primeval **22.30** Primeval **23.15** Primeval **00.00** Primeval

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Þorlákur, Refurinn Pablo og Gulla og grænjaxlarnir.
**07.35 Algjör Sveppi** Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
**09.20 Kalli kanína og páskaævintýri**
**10.10 Ávaxtakarfan**
**11.15 The Adventures of Brer Rabbit**
**12.40 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 American Idol** (25:40)
**14.45 American Idol** (26:40)
**15.40 The Daily Show. Global Edition** Jon Stewart fer á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber hverju sinni.
**16.10 Oprah** Þátturinn er helgaður kvikmyndinni Into The Wild, sem verður sýnd síðar um kvöldið.
**17.05 Minningartónleikar um Vilhjálm Vilhjálmsson** Upptaka frá minningartónleikum sem haldnir voru í Laugardalshöllinni.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Veður**
**18.55 Atvinnumennirnir okkar**
**19.30 Sjálfstætt fólk** (30:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum. Í kvöld fylgjumst við með lífi og starfi munkanna á Reyðarfirði.
**20.05 Enchanted** Rómantísk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá Disney. Í myndinni rekast á dæmigerður heimur hinna sígildu og saklausu Disney-teiknimynda og New York samtímans. Það gerist þegar vonda nornin sendir fallega prinsessu til New York. Aðalhlutverk: Julie Andrews, Patrick Dempsey og Amy Adams.
**21.50 Into the Wild**
**00.15 Great Expectations** Finn og Estella sem léku sér saman sem börn hittast að nýju áratug síðar þegar Finn er við listnám í New York. Þau stíga í vænginn hvort við annað en eru hrædd við að stíga skrefið til fulls.
**02.05 Twenty Four** (11:24)
**02.50 King Kong**
**05.50 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.15 Barcelona - Recreativo** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**09.55 2009 Augusta Masters** Útsending frá þriðja keppnisdeginum á Augusta Masters-mótinu í golfi.
**12.55 Gummersbach - RN Löven** Bein útsending frá leik í þýska handboltanum.
**14.25 NBA-tilþrif**
**14.50 Real Madrid - Valladolid** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
**17.00 The Science of Golf**
**17.30 Inside the PGA Tour 2009**
**18.00 2009 Augusta Masters** Bein útsending frá lokadegi Augusta Masters. Rafmögnuð spenna og úrslitin ráðast loksins í einu af stærstu mótum ársins í golfi.
**23.00 Real Madrid - Valladolid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**00.40 Gummersbach - RN Löven** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Chelsea - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**10.40 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð.
**11.10 PL Classic**
**11.40 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
**12.50 Aston Villa - Everton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.00 Man. City - Fulham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.10 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.50 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 4 4 2**
**21.40 Sunderland - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.20 Tottenham - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (161:260)
**16.25 Hollyoaks** (162:260)
**16.50 Hollyoaks** (163:260)
**17.15 Hollyoaks** (164:260)
**17.40 Hollyoaks** (165:260)
**18.05 Seinfeld** (12:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**18.30 Seinfeld** (13:22)
**18.55 Seinfeld** (3:22)
**19.20 Seinfeld** (4:22)
**19.45 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum.
**20.15 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**21.00 Lucky Louie** (12:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
**21.30 Réttur** (4:6) Leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.
**22.15 Seinfeld** (12:22)
**23.55 Réttur** (4:6)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Íslands safarí** Akeem R. Oppang.
**19.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir.
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson.21.30 HH Edda Sigfúsdóttir og Sindri Rafn Þrastarson.
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Maturinn og lífið** Fritz Már Jörgensen.
**23.30 Frumkvöðlar** Elinóra Sigurðardóttir.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**09.20 Rachael Ray** (e)
**10.05 Rachael Ray** (e)
**10.50 America's Funniest Home Videos** (5:48) (e)
**11.15 The Contender** (7:10) (e)
**12.05 The Game** (9:22) (e)
**12.30 The Contender** (8:10) (e)
**13.20 The Game** (10:22) (e)
**13.45 Spjallið með Sölva** (8:12) (e)
**14.45 Monsieur Hyde** (e)
**15.00 Brit Awards 2009** (1:1) (e)
**16.50 90210** (14:24) (e)
**17.40 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. (e)
**18.30 The Biggest Loser** (11:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. (e)
**19.35 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (2:5) (e)
**19.40 Fyndnar fjölskyldumyndir** (8:12) Þáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem sýnd eru bráðfyndin myndbönd, bæði innlend og erlend. (e)
**20.10 Psych** (7:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21.00 Flashpoint** (13:13) Sérsveitin er kölluð út þegar leyniskytta skýtur á fólk af þaki háhýsis en raunverulegt skotmark hans er einn úr sérsveitinni.
**21.50 Californication** (10:12) Bandarísk þáttaröð um rithöfundinn Hank Moody sem er hinn mesti syndaselur.
**22.25 Boston Legal** (6:13) (e)
**23.15 Top Chef** (5:13) (e)
**00.05 Gangs of New York** (e)
**02.55 The Game** (10:22) (e)
**03.20 Jay Leno** (e)
**04.05 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**06.10 27 Dresses**
**08.00 Raise Your Voice**
**10.00 An Inconvenient Truth**
**12.00 Flushed Away**
**14.00 Raise Your Voice**
**16.00 An Inconvenient Truth**
**18.00 Flushed Away** Tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna úr smiðju höfunda Wallace og Gromit.
**20.00 27 Dresses** Rómantísk gamanmynd með Katherine Heigl í aðalhlutverki.
**22.00 Employee of the Month**
**00.00 Borat**
**02.00 16 Blocks**
**04.00 Employee of the Month**
**06.00 Stage Beauty**

## DR 1

**10.10** Boxen **10.30** Hun så et mord **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.50** Krøniken **13.50** Kvinden med djævelens mærke **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Geniale dyr **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** The Sketch Show **17.10** Høvdingebold **18.00** Camilla Läckbergs Prædikanten **19.00** TV Avisen **19.10** SportNyt **19.15** Titanic **22.20** Columbo

## NRK 1

**10.20** Paven **11.45** Naturopplevelser **12.05** Hurra for Andersens! **13.30** Et grått teppe med broderte blomster **14.00** VM kunstløp. Oppvisning **15.00** Norsk militær tattoo 2008 **16.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **16.20** Historien om. Den første påsken **16.30** Brødrene Løvehjerte **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Norsk polarhistorie **18.35** Poirot **20.10** Kirsten Flagstads plass - Scenen er mitt hjemland **21.10** Løsning påskenøtter **21.15** Kveldsnytt **21.30** Empire Falls **23.15** Du skal høre mye ... mer

## SVT 1

**10.40** Vild - krogshow med Nanne **11.40** Babben & co **12.40** Grillad **13.25** Pingvinresan **14.50** Året med norska kungafamiljen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Radiohjälpen **16.15** Håll tyst, världen! **16.45** Merlin **17.30** Rapport **17.45** Rameldags igen **18.00** Mäklarna **18.30** Sportspegeln **19.00** Nip/Tuck **19.45** Den hotade mannen **20.45** Andra Avenyn **21.30** På liv och död **22.00** Var fan är min revy!



410 4000 | landsbankinn.is

111 / AUSTURBÆR

Ebba telur það forréttindi að vinna við Laugaveginn. Hún og 33 aðrir taka vel á móti þér þar.

• Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
• Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
• Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Laugavegi 77
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37494


FERMING
Myndarlegar gjafir
BILL BRYSON
Stiklað á stóru um næstum allt
Tilboð
5.980 kr.
~~7.980 kr.~~
Stiklað á stóru um næstum allt
JÖKULSÁRGLJÚFUR
Viðurkenning
Hagþenkis
2008
Tilboð
3.790 kr.
~~4.490 kr.~~
Jökulsárgljúfur
STÓRA
MYNDORÐABÓKIN
Tilboð
7.990 kr.
~~14.990 kr.~~
Stóra myndaorðabókin
Tilboð
13.995 kr.
~~16.995 kr.~~
Carlton taska
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

## > Jim Carrey

„Mín lífsspeki er að ég skapa minn eigin heim og hann verður ekki góður nema að ég geri hann þannig.“ Carrey leikur í myndinni Fun With Dick and Jane sem Stöð 2 sýnir í dag.



# dagskrá
## mánudagur

## MÁNUDAGSKVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10

### American Idol

Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er í fullum gangi í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvejir komast áfram og hver dettur út?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Í takt við tímann
### Stöð 2 kl. 21.40

Framhald vinsælu söng- og gleðimyndarinnar Með allt á hreinu. Þegar við síðast skildum við Stuðmenn töldu þeir sig vera búna að meika'ða. Nú ríflega tuttugu árum síðar blasir ískaldur veruleikinn við þeim: sundraðir berjast þeir í bökkum og dreymir um frægðina.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Skordýrin í Sólarlaut, Franklín, Arthúr, Hænsnakofinn, Skúli Skelfir, Bitte nú!, Gæludýr úr geimnum og Leyngesturinn.

**11.00 Í skýjunum skellur hans hlátur**

**11.30 Sveitapiltsins draumur** (e)

**12.25 Lík á sýningu**

**12.45 Eiríkur Hauksson í sviðsljósinu**

**13.25 Ham - Lifandi dauðir** (e)

**14.50 Á puttanum um vetrarbrautina** (The Hitchhiker's Guide to The Galaxy) (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (29:56)

**17.53 Sammi** (20:52)

**18.00 Millý og Mollý** (6:26)

**18.15 Lífið er leikur og ljúfur vökudraumur** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veður**

**19.25 Áramótaskaup 2006**

**20.20 Villta Kína** (5:6)

**21.10 Lífsháski** (Lost V)

**21.55 Falsararnir** (Die Fälscher) Austurrísk bíómynd frá 2007 byggð á sannri sögu Salomons Sorowitsch sem nasistar handtóku árið 1936 og létu taka þátt í mestu peningafölsun sögunnar.

**23.30 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)

**00.15 Bráðavaktin** (ER) (14:19) (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## BBC entertainment

**12.25** Blackadder the Third **12.55** Blackadder the Third **13.25** Blackadder the Third **13.55** Blackadder Goes Forth **14.25** Blackadder Goes Forth **14.55** Blackadder Goes Forth **15.25** Blackadder Goes Forth **15.55** Blackadder Goes Forth **16.25** Blackadder Goes Forth **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** Blackadder the Third **18.40** Blackadder the Third **19.10** State of Play **20.00** Holby Blue **20.50** Blackadder the Third **21.20** Blackadder the Third **21.50** Blackadder the Third **22.20** Blackadder the Third **22.50** Blackadder the Third

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ruff's Patch, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin, Bratz, Galdrastelpurnar og A.T.O.M.

**10.40 The Last Mimzy**

**12.15 Yoanna - á tónleikum** Upptaka frá útgáfutónleikum Yohönnu sem hún hélt á Rúbin.

**12.50 Hollyoaks** (166:260)

**13.15 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

**14.05 Sannleikurinn um Pétur Jóhann** Þáttur um tilurð sýningar Péturs Jóhanns Sigfússonar Sannleikurinn sem nú er sýndur fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsinu.

**14.35 Sálin - hér er draumurinn** Ný heimildamynd um sögu Sálarinnar hans Jóns míns, einnar vinsælustu hljómsveitar Íslandssögunnar.

**16.10 Fun With Dick and Jane** Sprenghlægileg gamanmynd með Jim Carrey og Téu Leoni í aðalhlutverkum. Hjónin Dick og Jane lifa góðu lífi þar til dag einn að þau tapa öllum peningunum sínum og vita ekki hvað þau eiga að gera. Auðveldasta lausnin er auðvitað að gerast bankaræningjar.

**17.40 Friends**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.00 The Simpsons** (13:20)

**19.25 Friends** (15:24) Það gengur á ýmsu hjá vinunum þegar þeir frétta að Barry og Mindy hafi skilið.

**20.10 American Idol** (27:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þeir bestu eftir.

**20.55 American Idol** (28:40)

**21.40 Í takt við tímann** Framhald vinsælustu íslensku kvikmyndar allra tíma, söng- og gleðimyndarinnar Með allt á hreinu.

**23.15 The Gospel**

**00.55 Bones** (5:26)

**01.40 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (2:9)

**02.25 Fun With Dick and Jane**

**03.55 Trauma**

**05.25 The Simpsons** (13:20)

**05.50 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**07.00 Real Madrid - Valladolid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**14.05 2009 Augusta Masters** Útsending frá lokadegi Augusta Masters-mótsins í golfi.

**19.05 Iceland Expressdeildin 2009** Bein útsending frá leik KR - Grindavík.

**21.15 When Lineker Met Maradona** Ný heimildamynd um knattspyrnugoðið Diego Armando Maradona.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

**22.30 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**23.00 Rogers Centre, Toronto, Canada** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram í Toronto í Kanada.

**23.55 Iceland Expressdeildin 2009** Útsending frá leik KR - Grindavík.

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Man. City - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**08.40 Stoke - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**10.20 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**12.00 Aston Villa - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**13.40 PL Classic Matches** Tottenham - Chelsea, 1997.

**14.05 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.

**15.00 1001 Goals**

**17.45 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**18.45 West Ham - Sheffield Wed, 1999** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.15 PL Classic Matches** Enska úrvalsdeildin. Tottenham - West Ham.

**21.00 Markaþáttur**

**22.00 Coca Cola-mörkin**

**22.30 Man. City - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (165:260)

**16.30 Hollyoaks** (166:260)

**17.00 Seinfeld** (14:22)

**17.20 E.R.** (7:22)

**18.00 Auddi og Sveppi**

**18.30 Réttur** (5:6)

**19.15 Réttur** (6:6)

**20.00 Hollyoaks** (165:260)

**20.30 Hollyoaks** (166:260)

**21.00 Seinfeld** (14:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli.

**21.30 Réttur** (5:6) Leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur.

**22.15 Réttur** (6:6)

**23.00 Damages** (6:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni og þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI.

**23.40 E.R.** (7:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**00.25 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**00.55 Osbournes** (9:10)

**01.15 Sjáðu**

**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.

**21.00 Leið til léttara lífs** Guðjón Sigmundson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson.

**21.30 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.

**22.00 Skýjum ofar** Dagbjartur Einarsson og Snorri Jónsson.

**22.30 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**11.10 Rachael Ray** (e)

**11.55 America's Funniest Home Videos** (6:48) (e)

**12.20 America's Funniest Home Videos** (7:48) (e)

**12.45 The Contender** (9:10) (e)

**13.35 America's Funniest Home Videos** (8:48) (e)

**14.00 The Contender** (10:10)

**15.50 America's Funniest Home Videos** (9:48) (e)

**16.15 Spjallið með Sölva** (8:12) (e)

**17.15 Monsieur Hyde** (e)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Game Tíví** (10:15) (e)

**18.55 The Game** (11:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.20 Psych** (7:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)

**20.10 One Tree Hill** (12:24) Lucas heldur til Hollywood til að hitta leikstjóranm að kvikmyndinni sem er verið að gera eftir bókinni hans. Nathan reynir að komast aftur í atvinnumennskuna í körfubolta. Julian reynir að fá Brooke til að hanna fötin fyrir bíómyndina og Haley fer með Jamie á hæfileikasýningu í skólanum.

**21.00 Heroes** (18:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Matt notar óhefðbundnar aðferðir til að fá Noah til að segja sér hvers vegna Nathan er að elta uppi hetjurnar.

**21.50 CSI** (13:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Langston og Nick rannsaka morð á skyndibitastað en lenda í vanda þegar helstu sönnunargögnin eru þakin steikingarfeiti.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 The Cleaner** (5:13) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 The Queen**

**10.00 Fíaskó**

**12.00 Charlotte's Web**

**14.00 The Queen**

**16.00 Fíaskó**

**18.00 Charlotte's Web** Hugljúf mynd um litlu sveitastelpuna Furu sem kynnist köngulónni Karlottu sem vefur fegurri vef en nokkur annar.

**20.00 Stage Beauty** Rómantísk mynd með Clare Danes og Billy Crudup í aðalhlutverkum.

**22.00 No Way Out**

**00.00 Primal Fear**

**02.10 I'll Sleep When I'm Dead**

**04.00 No Way Out**

**06.00 The Pink Panther**

## DR 1

**12.05** Det lille hus på prærien **12.50** Cirkusrevyen 2008 **13.50** Lemony Snicket - En ulykke kommer sjældent alene **15.30** Den travle by **16.00** Når gorillaen går i flyttetanker **16.30** TV Avisen med Sport **17.10** Kom Bamse, nu balletter vi! **18.00** Hammerslag i Florida **19.00** TV Avisen **19.10** SportNyt med SAS liga **19.20** Laws of Attraction **20.50** Columbo **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**11.15** Norge rundt **11.40** Ut i nærturen - vinter **12.05** Eggs **13.30** Jorda rundt i 80 hager **14.30** Norsk attraksjon 2. påskedag superkavalkade **15.30** Tid for tegn **15.45** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Rydd opp, Christopher! **16.30** Brødrene Løvehjerte **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Alexander med fela **18.15** Flyttefeber - en ny start **18.45** Poirot **20.20** Jentene og reinsdyra **21.10** Løsning påskenøtter **21.15** Kveldsnytt **21.35** Empire Falls **23.00** 20 spørsmål **23.25** Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.35** Hälsoresan **13.20** Marlene Dietrich **14.55** På liv och död **15.25** Var fan är min revy! **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Intervju. Kronprinsessan på polarexpedition **16.30** Kronprinsessan på polarexpedition **17.15** En konstpaus **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.55** Regionala nyheter **18.00** Familjen Babajou **19.00** Packat & klart **19.30** Tonårsliv **20.00** USA mot John Lennon **21.30** Grillad **22.15** Nip/Tuck **23.00** Babben & co





Vinsælustu sólarstaðirnir!

Kynntu þér ferðamöguleikana á **www.VITA.is**

vita

**VITA er lífið**

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 45797 04/09

# UPPSKERAN ER ÁRANGUR*



## Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum

** 97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*

*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*

### Þú uppskerð árangur!

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun í að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

### Fjölbreytt 6-vikna námskeið.

Mismunandi áherslur eftir því hvort þú ert byrjandi eða lengra komin.
Tímarnir eru 3 x í viku.
Verð 22.900 kr.

**HEFST 20. APRÍL**

Öll Árangurs–námskeiðin eru byggð upp á svipaðan hátt nema með mismunandi áherslum.
Allar nánari upplýsingar á hreyfing.is

**Veldu námskeið sem hentar þér:**

**Árangur**
**Árangur** / ELÍTAN
**Árangur** / FRAMHALD
**Árangur** / PÍLATES
**Árangur** / KARLAR



## Árangur / 20+

### Komdu út úr vítahringnum – 6 vikna námskeið

Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+.
Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku.
Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar.
Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.

Hefst 20. apríl.
Verð 22.900 kr.

Gönguferðir 2x í viku. Mánud. og miðvikud. kl. 19.30
Létt leikfimi í sal, föstud. kl. 18.30
Umsjónarmenn:
Ágústa Johnson og Kristjana Ósk Sturludóttir, einkaþjálfari




## NÝTT!

**Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.**

4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
**Fyrir konur og karla.**

## Árangur / HRAÐFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma.
Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald og eftirfylgni.
Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000

Hefst 20. apríl.
Verð 14.900 kr.

Tímar: 07.20 þriðjud. og fimmtud.
10.00 mánud. og miðvikud.
12.15 mánund. og miðvikud.
17.40 þriðjud. og fimmtud.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

> **Gwyneth Paltrow**

„Ég veit ekki hver tók þá geðþótta-ákvörðun að konur ættu að vera horaðar en við höfum öll verið dáleidd til að halda að það sé það eina sem er fallegt og við verðum að fara að opna augun.“
Paltrow fer með hlutverk í myndinni Running with Scissors sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON GELDUR VARHUG VIÐ SÁPUM ÚR DÝRARÍKINU

# *Þjófóttir prímatar valda usla víðar en hér*

Þjófótt gengi harðsvíraðra makakí-resusapa herjar á íbúa í borginni Jaipur á Indlandi. Þetta fræddi National Geographic mig um í vikunni. Þetta eru ljósbrúnleit kvikindi með gula slykju í rýrum og rysjóttum feldinum, drulluskítug og klepruð en þó krúttleg eins og apa er siður. Aparnir mynda stóra hópa sem eiga í innbyrðis átökum eins og við þekkjum úr glæpamyndum. Einn hópurinn heldur til í Galta-hofinu, yfirgefnu musteri þar sem þýfinu er safnað í stóra hrauka. Aðrir apahópar gera stundum áhlaup á hofið og freista þess að hertaka það.

Aparnir hafa líka lært samningatækni sem getur gefið vel af sér. Í henni felst að ef þú lofar að skila gömlu konunni aftur veskinu sem þú hrifsaðir af henni gætirðu átt von á banana eða öðru góðgæti í lausnargjald. Og aparnir geta verið skeinuhættir – varaborgarstjórinn í Delí féll til dæmis fram af svölum og dó þegar apar réðust á hann. Samt má ekki skaða þá, enda eru þeir holdtekja apaguðsins Hanúmans. Þess vegna ganga sumir íbúar Jaipur með apa af annarri tegund, gráa og tignarlega, í bandi sér við hlið. Apar þessir hafa haukfrán augu og gera viðvart um þá þjófóttu og hrekja þá brott.



Þættirnir um þjófóttu apanna eru þrettán talsins, með línulegum söguþræði í sápuóperustíl. Hvílík saga! hugsaði ég. Það sem gerist ekki í dýraríkinu.

Skyndilega varð mér hugsað til dvalar minnar í Amazon-frumskóginum austast í Perú síðasta haust. Þar gisti ég í skála við Sandoval-vatn, sem í býr fjölskylda fágætra risaotra, sem geta orðið yfir tveggja metra langir. Einhverju sinni var BBC á svæðinu í þrjá mánuði og gerði epíska mynd um otrana. Þar var fylgst með einum þeirra finna sér ný heimkynni og lenda í alls kyns ævintýrum á leiðinni. Ekki var þó allt sem sýndist. Leiðsögumaður okkar upplýsti til dæmis að kyrkislangan sem oturinn átti í höggi við í einu atriðinu hafði verið fengin að láni frá háskóla. Auk þess léku tveir otrar aðalhlutverkið. Það er best að hafa þetta hugfast.

## LAUGARDAGUR



▶ **15.50 Grindavík – KR, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** SKJÁREINN



▶ **19.35 Ratatouille** STÖÐ 2



▶ **20.20 Mary Poppins** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Hænsnakofinn, Elías knái, Millý og Mollý, Fræknir ferðalangar og Þessir grallaraspóar.

**10.30 Leiðarljós** (e)

**11.55 Kínverski flotinn - Drekar hafsins** (e)

**12.50 Kraftaverk á vellinum** (Full-Court Miracle) (e)

**14.25 Góðir saman** (Just Perfect) (e)

**16.00 Systkini í skíðaferð** (e)

**17.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum** (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Skólahreysti**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veður**

**19.25 Sveitapiltsins draumur**

▶**20.20 Mary Poppins** (Mary Poppins) Bandarísk Óskarsverðlaunamynd frá 1964 um lífsglaða barnfóstru og ævintýri hennar. Aðalhlutverk: Julie Andrews og Dick van Dyke.

**22.35 Ögurstund** (The Bourne Ultimatum) Bresk bíómynd frá 2007. Njósnarinn Jason Bourne flakkar á milli landa í leit að sjálfum sér en á hælum hans er CIA-maður sem vill koma honum fyrir kattarnef. Aðalhlutverk: Matt Damon, Julia Stiles, David Strathairn, Scott Glenn og Albert Finney.

**00.30 Tilvonandi tengdapabbi** (Meet the Parents)(e)

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Night at the Museum**

**10.00 American Dreamz**

**12.00 Open Season**

**14.00 Night at the Museum**

**16.00 American Dreamz**

**18.00 Open Season**

**20.00 Running with Scissors** Uppvaxtarsaga drengs sem þarf að ganga í gegnum skilnað foreldra sinna á 7. áratugnum og hlýtur upp frá því í ansi skrautlegu uppeldi. Aðalhlutverk: Alec Baldwin, Gwyneth Paltrow og Annette Bening.

**22.00 Miami Vice**

**00.10 Talladega Nights**

**02.00 The Deal**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stövar 2** Kalli á þakinu, Flintstone krakkarnir og Hlaupin.

**08.00 Algjör Sveppi** Dynkur smáeðla, Blær, Lalli, Þorlákur, Refurinn Pablo, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Ruff's Patch, Elías, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**10.25 Kalli litli Kanína og vinir**

**10.45 Ævintýri Juniper Lee**

**11.10 Nornafélagið**

**11.35 Njósnaskólinn**

**12.00 Bold and the Beautiful**

**12.20 Bold and the Beautiful**

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.05 Harry Potter and the Order of Phoenix** Harry Potter er sannfærður um að hinn illi Voldemort sé kominn aftur en galdraskólinn er í algerri afneitun. Ráðuneytið sendir því nýjan kennara til Hogwarth til að reyna þagga niður þann orðróm sem Harry hefur komið af stað. Nú þurfa því Harry og vinir hans að finna sjálfir leið til þess að takast á við eina mestu ógn galdrasamfélagsins.

**15.20 The Big Bang Theory** (15:17)

**15.45 Gossip Girl** (10:25)

**16.35 Sjálfstætt fólk** (29:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.

**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

**18.05 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.45 Íþróttir**

**18.52 Lottó**

**19.00 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.30 Veður**

▶**19.35 Ratatouille** Teiknimynd frá Disney. Myndin segir frá lítilli, blárri rottu sem hefur búið í eldhúsi eins besta veitingahúss í París. Hún hefur fylgst svo grannt með handbragði meistarakokkanna að hún er orðin flestum færari í að matreiða dýrindis máltíðir.

**21.25 Mission. Impossible 3**

**23.30 Born on the Fourth of July**

**01.50 Harry Potter and the Order of Phoenix**

**04.05 ET Weekend**

**04.50 The Big Bang Theory** (15:17)

**05.15 Sjáðu**

**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.30 Inside the PGA Tour 2009**

**09.00 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**10.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**11.00 2009 Augusta Masters** Útsending frá öðrum keppnisdeginum á Augusta Masters-mótinu í golfi.

**14.00 Veitt með vinum 4** Í þessum þætti verður veitt í Langá.

**14.25 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram í Toronto í Kanada.

**15.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

▶**15.50 Grindavík - KR** Bein útsending frá leik Grindavíkur og KR í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.

**17.50 Barcelona - Recreativo** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**20.00 2009 Augusta Masters** Bein útsending frá þriðja keppnisdeginum á Augusta Masters-mótinu í golfi.

**23.00 Grindavík - KR** Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Expressdeildarinnar í körfubolta.

**00.45 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Reading - Sheffield** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**10.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**11.05 PL Classic Matches** Liverpool - Blackburn, 1994.

**11.35 Liverpool - Blackburn** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**13.45 Sunderland - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Chelsea - Bolton Sport 4. Tottenham - West Ham Sport 5. Wigan - Arsenal Sport 6. Portsmouth - WBA

**16.15 Stoke - Newcastle** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

**21.20 4 4 2**

**22.30 4 4 2**

**23.40 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**09.40 Rachael Ray** (e)

**10.25 Rachael Ray** (e)

**11.10 Rachael Ray** (e)

**11.55 America's Funniest Home Videos** (2:48) (e)

**12.20 The Game** (6:22) (e)

**12.45 The Contender** (5:10) (e)

**13.35 The Game** (7:22) (e)

**14.00 America's Funniest Home Videos** (3:48) (e)

**14.25 The Contender** (6:10) (e)

**15.15 America's Funniest Home Videos** (4:48) (e)

**15.40 The Game** (8:22) (e)

**16.05 Rules of Engagement** (15:15) (e)

**16.35 Top Chef** (5:13) (e)

**17.25 Survivor** (7:16) (e)

**18.15 The Office** (13:19) (e)

**18.45 Game Tíví** (10:15) (e)

▶**19.25 Fyndnar fjölskyldumyndir** (8:12)

**19.55 Ljósmyndaleikur Iceland Express**

**20.00 Spjallið með Sölva** (8:12) (e)

**21.00 Monsieur Hyde** (e)

**21.15 Brit Awards 2009** (1:1)

**23.05 Nýtt útlit** (4:10) (e)

**23.55 Káta maskínan** (10:12) (e)

**00.25 Heroes** (17:26) (e)

**01.15 Californication** (9:12) (e)

**01.50 Battlestar Galactica** (8:20) (e)

**02.40 Painkiller Jane** (9:22) (e)

**03.30 The Game** (8:22) (e)

**03.55 The Game** (9:22) (e)

**04.20 Jay Leno** (e)

**05.10 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**19.00 Mér finnst** Bergljót Davíðsdóttir

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson

**21.00 Íslands safarí** Akeem R. Oppang

**21.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir

**22.00 Lífsblómið**

**23.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson

**23.30 HH** Edda Sigfúsdóttir og Sindri Rafn

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




410 4000 | landsbankinn.is

115 / BREIÐHOLTSÚTIBÚ

Sigþrúður á sér paradís í bústaðnum í Landeyjum. Hún og 28 aðrir taka vel á móti þér í Breiðholti.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu við Álfabakka 10
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37446

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.25**

### Mission: Impossible 3



Þriðja kvikmyndin í vinsælli myndaröð um hættuleg og nánast óleysanleg verkefni leyniþjónustumannsins Ethans Hunts. Myndin skartar sem fyrr Tom Cruise í aðalhlutverki, og stórleikurunum Philips Seymours Hoffman, Jonathans Rhys Meyers og Lawrence Fishburne. Leikstjóri er J. J. Abrams en hann er maðurinn á bak við þáttaraðirnar Lost og Fringe.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Sveitapiltsins draumur

**Sjónvarpið**

Sveitapiltsins draumur segir frá pílagrímsferð hundrað Íslendinga sem fylgdu hljómsveitinni Hljómum frá Keflavík í hennar hinstu för til Bítlaborgarinnar Liverpool sumarið 2008. Auk þess að fara á söguslóðir Bítlanna, hlýddu þeir á sjálfan Paul McCartney á tónleikum á Anfield.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Útvarpsleikhúsið: Dýrlingarnir
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Heimsmenning á hjara veraldar
**20.00** Passíusálmalögin - Upp upp mín sál og allt mitt geð
**21.00** Músík í Mývatnssveit
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestri Passíusálma lýkur
**22.18** Hvað er að heyra?
**23.15** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**18.00 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru íbúar það einkar skrautlegir og skemmtilegir.

**18.20 Nágrannar**

**18.40 Nágrannar**

**19.15 E.R.** (6:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**20.00 American Idol** (25:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þeir bestu eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**20.45 American Idol** (26:40) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

▶ **21.30 Réttur** (3:6) Leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslenskum heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.

**22.15 Skins** (7:9) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

**23.00 E.R.** (6:22)

**23.45 X-Files** (6:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

**00.30 Osbournes** (8:10) Eins og flestum er kunnugt hefur mikið gengið á í lífi Osbourne- fjölskyldunnar sem seint verður talin til fyrirmyndar. Það er kominn tími til að rifja upp gamla og góða tíma þessara frábæru karaktera.

**00.55 Réttur** (3:6)

**01.40 American Idol** (25:40)

**02.25 American Idol** (26:40)

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.30** Strictly Come Dancing **12.10** Strictly Come Dancing **13.40** Strictly Come Dancing **15.10** Strictly Come Dancing **16.35** Strictly Come Dancing **18.05** Strictly Come Dancing **19.55** Strictly Come Dancing **21.15** Strictly Come Dancing **23.05** Strictly Come Dancing **00.55** Strictly Come Dancing **02.15** Strictly Come Dancing

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.05** OBS **10.15** Nonnen **12.40** Kvinden med djævelens mærke **14.20** Vild i storbyjunglen **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Vildmarkens Stjerne **16.00** Søren Bruns påske **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt med dagens sportsgren **17.30** Mille **18.00** Krøniken **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.35** Søvnløs i Seattle **22.15** Columbo

## NRK 1

**10.20** Paven **11.45** Amandusprisen 2009 **12.45** Kvinnen med apene **13.45** VM kunstløp. Oppvisning **14.45** Levva livet! **16.00** Kometkameratene **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Brødrene Løvehjerte **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Lottotrekning **17.55** Grethe Kausland. Man må være på orntli' **18.55** Poirot **20.30** 20 spørsmål **20.55** Løsning påskenøtter **21.00** Kveldsnytt **21.15** My boy Jack **22.50** Kampen om Sørpolen

## SVT 1

**10.45** Nobelkonsert **12.25** Packat & klart **13.00** Jesus Christ Superstar **14.50** Så ska det låta **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Sjuk-Huset **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Babben & co **19.00** Var fan är min revy! **19.30** Brottet och straffet **20.40** X-Games **21.25** En kärlekssång till Bobby Long **23.25** Sändningar från SVT24



## PERSÓNAN



*Jóna Svava Sigurðardóttir*

**Hjúskaparstaða:** Gift.
**Heimilisfang:** Öldutún 10, Hafnarfirði.
**Stjörnumerki:** Bogmaður.
**Atvinna:** Heimavinnandi.
**Börn:** Þrjú.

Jóna Svava stofnaði prjónaklúbbinn Prjónajónu á Facebook. Félagar eru orðnir yfir 2000 talsins.

# Með örninn hans Reagans til Miami

„Við tókum þessa ákvörðun þegar allt hrundi,“ segir Einar Þorsteinsson, fréttamaður á RÚV, en hann hyggst halda utan í nám í stjórnmálafræði. Einar ætlar þó ekki að fara til Noregs eða Danmerkur eins og margir landar hans heldur kýs frekar sól og sumaryl á Miami. „Unnusta mín, Helga Kristín Auðunsdóttir, er lögfræðingur hjá Stoðum og hún sótti um styrk til framhaldsnáms í lögfræði við háskólann í Miami. Hún fékk hann og ég fylgdi bara á eftir,“ útskýrir Einar sem sjálfur bíður eftir svari frá stjórnmálafræðideild háskólans. „Ég hef engar áhyggjur, ég held að ég ætti alveg að komast inn.“

Einar og Helga eiga eina tveggja ára dóttur og eru nú að leita að leikskólaplássi fyrir hana. „Maður áttar sig kannski á því hvað við erum heppin hér á Íslandi með leikskólana okkar. Til að fá inni á sambærilegum leikskóla þarna úti þarf maður að borga ansi myndarlega fjárhæð.“

Og Einar lumar á nokkuð merkilegum grip sem hann tekur að sjálfsögðu með sér til Ameríku. Um er að ræða kristalsörn sem afi Einars, Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, fékk að gjöf frá sjálfum Ronald Reagan þegar leiðtogafundurinn var haldinn í Höfða 1986. „Þegar afi dó fengum við barnabörnin gripi frá ömmu úr safni þeirra og þessi forláta örn fór heim til mín.“



**Á LEIÐ TIL MIAMI** Fréttamaðurinn Einar Þorsteinsson ætlar að segja skilið við Ísland í bili og sækja nám í stjórnmálafræði við háskólann í Miami ásamt konu sinni.



**LÁRÉTT 2.** teikniblek, **6.** frá, **8.** verkur, **9.** húsfreyja, **11.** skst., **12.** upp, **14.** kölski, **16.** tveir eins, **17.** traust, **18.** umfram, **20.** gangflötur, **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT 1.** sléttur, **3.** innan, **4.** réttari, **5.** sjáðu, **7.** töf, **10.** spreia, **13.** sigað, **15.** ekkert, **16.** þvottur, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** af, **8.** tak, **9.** frú, **11.** no, **12.** neðan, **14.** satan, **16.** tt, **17.** trú, **18.** auk, **20.** il, **21.** urra.

**LÓÐRÉTT: 1.** jafn, **3.** út, **4.** sannari, **5.** sko, **7.** frestur, **10.** úða, **13.** att, **15.** núll, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Andri Óttarsson
2 Dakota Fanning
3 Sigurður Gísli Pálmason

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GUNNAR BJÖRN: ÆTLAR AÐ FINNA ORM ÓÐINSSON

# Leita að nýjum stjörnum fyrir kvikmyndina Gauragang

„Jú, við ætlum að fara um landið, leita að Ormi og öðrum leikurum í myndina,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson kvikmyndaleikstjóri. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu stendur til að kvikmynda hina sígildu sögu Ólafs Hauks Símonarsonar, Gauragang, en í henni glíma áðurnefndur Ormur Óðinsson og vinir hans við þau vandamál sem fylgja unglingsaldrinum. Leikstjórinn Gunnar Björn og kvikmyndafyrirtækið ZikZak ætla að fara fremur óhefðbundna leið til að finna leikara í myndina því þeir ætla að þvælast um landið og fá fólk á öllum aldri í prufur. Gauragangur var sett upp í Þjóðleikhúsinu fyrir allnokkrum árum og þá lék stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson aðalhlutverkið.

Um er að ræða hálfgerða Gauragangs-leit í ætt við Idol-stjörnuleit Stöðvar 2. Ekki eru gerðar aðrar kröfur en þær að fólk geti leikið þannig að um er að ræða kjörið tækifæri fyrir áhugaleikhópa, skólafólk með leikaradrauma í maganum og svo hinn venjulega meðaljón sem hefur falda leikhæfileika. „Við ætlum að fara á alla helstu staðina, byrjum á Ísafirði hinn 4. maí, svo verður farið til Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar og herlegheitunum lýkur svo í Reykjavík 9. maí,“ útskýrir Gunnar en upphaflega stóð til að fara í þessa miklu leitarferð síðustu helgina í apríl. „En svo var tilkynnt að þjóðin ætti að kjósa, það setti strik í reikninginn hjá okkur því við vildum ekki lenda í einhverjum kappakstri við frambjóðendur heldur einbeita okkur alfarið að okkar leit.“

Gunnar lýsir því yfir að ekki sé búið að ráða í nein hlutverk í myndinni þannig að þeir séu opnir fyrir öllu hæfileikafólki, hvar sem það leynist á landinu. Ekki þarf að skrá sig í prufurnar, fólk á einfaldlega að mæta á tilteknum tíma sem auglýstur verður nánar síðar. „Þegar þetta er búið ætlum við að vera búnir að fullvissa okkur um að Ormur og allir hinir séu fundnir,“ segir Gunnar en ráðgert er að tökur hefjist í lok september eða byrjun október. „Við erum sjálfir mjög spenntir fyrir þessu og teljum þetta bestu leiðina til að finna rétta fólkið.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



**Á ÞVÆLINGI** Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri hyggst finna Orm Óðinsson hvar sem hann er að finna á landinu. Leitin hefst 4. maí og lýkur í Reykjavík 9. maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu þá nýtir Stefán Karl Stefánsson, leikarinn góðkunni, stund milli stríða og tekur upp plötu sem ráðgert er að komi út á næstunni á vegum Senu. Stefán er þekktur fyrir að vilja vanda vel til verksins og hefur því fengið nágranna sinn í Ameríku, **Veigar Margeirsson**, til að taka upp plötuna. Veigar er vel þekktur úti í hinum stóra heimi kvikmyndanna en þekktastur er hann sennilega á Íslandi fyrir tónlistina við kvikmyndina Köld slóð.



**Logi Geirsson** handboltahetja ætlar að fljúga heim frá Þýskalandi sérstaklega til að vera við stórdansleik sem Einar Bárðarson efnir til í Offiseraklúbbnum á sunnudagskvöld. Logi mun eiga kærustu sem búsett er í Keflavík og hún vill helst ekki missa af Sálinni og Stefáni Hilmarssyni þegar það er í boði. Einar er mjög stoltur af hvernig til hefur tekist með klúbbinn og býður nú upp á sætaferðir á dansleikinn en ár og öld mun vera síðan slíkt var í boði á ball.



Dóttir hjónanna **Bubba Morthens** og Hrafnhildar Hafsteinsdóttur var skírð á skírdag. Séra Pálmi Matthíasson skírði stúlkuna sem fékk nafnið Dögun París.

**- fgg, jbg, hdm**



RÝMINGARSALA
UM PÁSKANA
Allt á að seljast
Verslunin hættir
Frábært verð
Langholtsvegi 42
Opið 11 - 19 alla páskana

# Kanína fannst á Hlemmi

„Púði úr sófasetti tapaðist á leiðinni til Hveragerðis frá Garðabæ, þetta er ljósbrún leðurpulla.“ Svo hljómar ein af auglýsingum inni á vefsíðunni www.tapadfundid.net. sem Sævar Davíðsson vefsíðuhönnuður stendur fyrir. Fyrirmyndin eru erlendir vefir sem kallast lostandfound og ganga út á það að þeir sem tapa eða finna hluti geti auglýst tapið eða fundinn ókeypis á Netinu.

„Ég setti þennan vef í upphafi upp sem æfingu fyrir mig en svo hef ég verið að auglýsa hann aðeins og vonast til að hann festi sig í sessi hjá fólki. Mér finnst eiginlega ótrúlegt hvað fólk hefur kveikt á honum.“

Margvíslegustu auglýsingar má finna á vefnum. Fyrir um viku fannst kanína ráfandi við Hlemm. Hún virðist vera heimiliskanína þar sem hún er mjög gæf og í góðum holdum.

Önnur kanína, Kata kanína, týndist svo í byrjun febrúar. Hún er að vísu tuskudýr en eigandinn saknar hennar sárt. Einhver fann gleraugu í Heiðmörk og Amalía auglýsir eftir bakpokanum sínum og heitir fundarlaunum, en hún tapaði honum við Select í Efra-Breiðholti.

Sævar segir að algengast sé að fólk auglýsi eftir týndum gemsum og veskjum. „Einnig er oft auglýst eftir kisum og fuglum. Þetta er algerlega gróðalaust batterí og ég vonast bara til að þetta nýtist sem flestum.“ **- jma**



**GEMSAR OG VESKI ALGENGAST** Sævar Davíðsson segir ýmislegt dúkka upp í auglýsingum á tapadfundid.net. Þó séu verðmæti eins og veski og gemsar það algengasta.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýkomin sending frá Hülsta húsgagnalínunni




**25% afsláttur af öllum vörum!**

**Opið í dag 11. apríl kl. 11. - 16. - Lokað 12. og 13. apríl.**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima

BÚUM BETUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
“...ég sá það á vísi”




**BAKÞANKAR**


Davíðs Þórs Jónssonar


## *Hausaskeljastaðarávarpið*

Nú þegar páskahátíð er fyrir dyrum er kannski við hæfi að staldra við og skoða hvernig táknmál krossfestingarinnar hefur birst í þjóðfélagsumræðunni upp á síðkastið. Það er nefnilega ekki langt síðan boðið var upp á nýstárlegt tilbrigði við Golgata-myndina í ræðu sem vakti töluverða athygli. Þar var frelsaranum á krossinum, vannærðum og húðstrýktum með ræningja til hvorrar handar, skipt út fyrir stríðalinn ræningja á eftirlaunaaldri með tvö vammlaus jakkaföt til hvorrar handar. Guðlastið er náttúrulega svo æpandi að umdeild símauglýsing frá því í hittiðfyrra er eins og hákirkjulegur rétttrúnaður í samanburði.

**AÐ** vísu má hafa gaman af því að klára að fylla upp í myndina. Þannig mætti klappa Hólmsteini frá Kýrene á kollinn fyrir dugnaðinn við að bera kross frelsara síns þótt enginn hafi beðið hann um það. Sömuleiðis er skemmtilegur samkvæmisleikur að máta Steingrím, Jóhönnu og Ingibjörgu Sólrúnu sitt á hvað í hlutverk Heródesar, Kaífasar og Pontíusar Pílatusar.

**GALLINN** er bara að líkingin gengur alls ekki upp hjá ræðumanni. Til dæmis er nú orðið deginum ljósara að það verður ekki hann sem fær það hlutskipti að taka saklaus á sig allar misgjörðir flokksins. Fráfarandi formaður hans hefur nefnilega ekki haft undan við að gangast undir syndaklafa meðbræðra sinna jafnóðum og upp um skandalana kemst. Flokkurinn hefur orðið uppvís að því að ganga erinda stórfyrirtækja sem á móti dældu tugmilljónum króna í hann. Nýr formaður hefur reyndar lýst því yfir að auðvelt sé að draga rangar ályktanir af því að þetta skuli einmitt vera sömu fyrirtækin, í raun sé það aðeins óheppileg tilviljun. Myndin heldur nefnilega enn áfram að skekkjast þegar að því kemur að finna Júdas, þann sem seldi sál sína fyrir 30 silfurmilljónir. Þar er enginn skortur á kandídötum.

**LOKS** hrynur líkingin alveg þegar haft er í huga að ræðumaðurinn hafði nýlega talað fjálglega um þann stuðning og traust sem hann nyti hjá alþýðunni, yfirvöld væru að ofsækja sig í óþökk hennar. Í píslarsögunni á sú lýsing ekki við um Jesú frá Nasaret, heldur morðingjann Barrabas. En auðvitað er það í fullkomnu samræmi við þann málflutning frjálshyggjunnar að græðgi sé góð, þ.e.a.s. að synd sé dyggð, að morðinginn sé frelsarinn.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 11. apríl, 101. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.10 | 13.29 | 20.49 |
| Akureyri | 5.49 | 13.14 | 20.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


